



Skert lífsgæði vegna óþarfra uppskurða

Algengasta **krabbamein** sem herjar á karlmenn er í **blöðruhálskirtli**. Einungis 20 prósent eru **lífsógnandi**. Hingað til hefur fagfólk ekki haft nægilega nákvæm tól til að greina milli hættulegra meina og meinlausra. Því eru of mörg þeirra fjarlægð eða meðhöndluð með inngrípi og **aukaverkanir** fylgja oft. Ný **rannsókn** Íslendinga og vísindamanna við Harvard gæti breytt þessu. ➔30

NORDICPHOTOS/GETTY



Nýr maður í brúnni á Litla-Hrauni ➔38



Aldrei of seint að breyta til ➔48



Trump á flugi ➔42

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

GJAFAKORT ER GÓÐ HUGMYND

Gefðu fermingarbarninu það sem er efst á óskalistanum.



Opið til 18

SMÁRALIND




Kringlan

OPIÐ 10-18

VERTU VELKOMIN

ALLT FYRIR FERMINGARVEISLUNA Á EINUM STAÐ

Veður



Hæg sunnanátt og stöku el um landið vestanvert en bjartviðri austanlands. Gengur í suðaustan strekking og slyddu eða snjókomu SV til um kvöldið, en rigning með ströndinni. Frost 0 til 8 stig en frostlaust SV til. **SJÁ SÍÐU 64**



Reikningar RÚV fyrir tímabilið 1. september 2014 til 31. desember 2015 voru birtir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Standa ekki undir greiðslum

STJÓRNSÝSLA Opinber framlög til RÚV á rekstrartímabilinu 1. september 2014 til 31. desember 2015 námu 4,89 milljörðum króna. Þetta kemur fram í ársreikningi félagsins sem birtur var í Kauphöllinni í gær. Auglýsingatekjur námu 2,88 milljörðum á tímabilinu.

Í ársreikningnum kemur fram að starfsemi Ríkisútvarpsins hafi á undanförunum tveimur árum verið endurskipulögð og hafi umtalsverður viðsnúningur orðið í rekstri félagsins. Hagnaður á reiknings-tímabilinu nam 57,8 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 7,13 milljörðum króna og er bókfært eigið fé tæpar 440 milljónir króna. Eiginfjárlutfall er 6,2 prósent

Fram kemur í ársreikningnum að samkomulag hafi náðst milli RÚV og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frestun á þremur gjalddögum og lengingu láns sem því nemur.

Vakin er athygli á að þegar fram líða stundir muni RÚV ekki geta staðið undir greiðslum afborgana af láninu að óbreyttu. – jhh

57,8

milljóna króna hagnaður varð á reikningstímabilinu.

Sýna kappakstursbíl í dag



Sleipnir, lið tækni- og verkfræðinema við HR, er að smíða Formula Student kappakstursbíl og hyggst stefna honum á Silverstone-brautina í sumar. Hann verður til sýnis á Háskólageginum í dag. Smíði bilsins er stórt og viðamiklir verkefni sem er unnið af nemendum í námskeiðinu Hönnun X. Jevgenij Stormur Guls, Óskar Pétursson og Rikharður Jón Ragnarsson voru að huga að bílnum þegar ljósmyndari Fréttablaðsins leit á gripinn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Ákærður fyrir manndráp af gáleysi

LÖGREGLUMÁL Kínverskur ríkisborgari hefur verið ákærður fyrir manndráp af gáleysi.

Maðurinn er sakaður um að hafa ekið bifreið inn á einbreiða brú við Hóla í Örfasveit svo úr varð árekstur við aðra bifreið sem kom úr gagnstæðri átt.

Ókumaður hinnar bifreiðarinnar lést við áreksturinn. Samkvæmt almennum hegningarlögum varðar brotið allt að sex ára fangelsi.

Í ákæru lögreglustjórans á Suðurlandi kemur fram að snjór og krapi hafi verið á veginum og ákærði hafi ekki haft fulla stjórn á bifreiðinni sem skall framan á vinstra framhorni hinnar bifreiðarinnar sem átti skammt ófarið yfir brúna.

Talið er að maðurinn sem sætir ákæru hafi ekið of hratt miðað við aðstæður og án nægjanlegrar aðgæslu. – þv

Segja sveitarfélög virða reglur að vettugi

Fjölmennur hópur foreldra sem áhyggjur hafa af notkun dekkjakurla á leikvöllum leggur til að slík notkun verði bönnuð með lögum, enda sé hún hættuleg. Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög eru sögð sýna málinu lítinn áhuga.

HEILBRIGÐISMÁL „Eftirlitsumhverfið hefur brugðist,“ segir í samantekt foreldrahópsins Nýjan völl án tafar, öll dekkjakurl til grafar, með nýrri athugasemd við þingsályktunartillögu 17 þingmanna úr öllum flokkum um bann við notkun gúmmikurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

„Endurnýting úrgangs með því að dreifa sótugum úrgangsdökkjum, með tilheyrandi óþrifnaði og óþægindum fyrir börnin, hefur fengið að viðgangast óáreitt,“ segir þar jafnframt. Umsögn hópsins er ítarleg, en henni fylgir 30 síðna greinargerð þar sem málið er reifað. Hópurinn, sem er með yfir 1.600 meðlimi á Facebook, leggur til að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

„Kurlíð er flutt inn sem úrgangur,“ segir Freyr Hermannsson, einn aðstandenda hópsins, og bætir við að það flokkist sem endurvinnsla þegar úrgangur sé tekinn og settur á gervigrasvöll. Um endurvinnslu gildi svo þær reglur að hún megi hvorki valda óþrifnaði né óþægindum.

„Á svona völlum fara 100 til 120 tonn af dekkjakurlum og reglurnar eru virtar að vettugi.“ Þá hafnar Freyr því að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur geti ekki gripið inn í. „Þeir fara með eftirlit með þessari reglugerð og geta skikkað Reykjavíkurborg til þess að þrifa þetta.“

Í samantektinni sem fylgir umsögn hópsins er meðal annars bent á að ekki hafi verið brugðist við áskorun læknafélagsins 2010 um bann við notkun dekkjakurla.

„Sveitarfélög hafa dregið lappirnar við endurnýjun dekkjakurlavalla og haldið hefur verið áfram



Dekkjakurl er víða að finna á fótbolta- og öðrum leikvöllum barna. Þingmenn úr öllum flokkum með Willum Þór Þórsson í fararbroddi leggja til að kurlinu verði skipt út fyrir hættuminni efni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á svona völlum fara 100 til 120 tonn af dekkjakurlum og reglurnar virtar að vettugi.

Freyr Hermannsson, aðstandandi foreldrahópsins Nýjan völl án tafar...

að nota kurl úr úrgangsdökkjum.“ Bent er á að efni í kurlinu geti haft alvarleg og oft óafturkræf áhrif á heilsu manna og á umhverfið. „Sum þeirra eru þekkt fyrir að geta valdið

krabbameini, ófrjósemi og stökkbreytingum. Dekkjakurl inniheldur allt að 40 prósent sót sem fyrir utan að valda óþrifnaði og óþægindum er talið krabbameinsvaldandi. Þegar kurlíð eldist myndar það ryk sem hefur áhrif á astma og veldur ofnæmi. Í vatni á völlum, sem rennur út á skólalóðir, geta verið þungmálmur í því magni að vatnið telst mjög mengað.“

Hópurinn segir sum sveitarfélög hafa brugðist við en önnur hafi sýnt málinu lítinn áhuga. Í þeim hópi sé Reykjavíkurborg.

oikr@frettabladid.is

Páskar á Benidorm

18. – 29. mars

Hótel Delfin Gran ★★★★★

Verð frá 129.900 kr.*

og 12.500 Vildarpunktur

Á mann m.v. 2 fulloröna í herbergi með hálfu fæði í 11 nætur.

*Verð án Vildarpunkta 139.900 kr.

Flugsæti fram og til baka 59.900/69.900 kr.

Flugið með Icelandair



Skráðu þig í netklúbinn - VITA.is

VITA - Skógarhlöð 12 - Sími 570 4444



VITA er lífið

ÚRVALIÐ ER ENDALAUST

Í KRINGLUNNI FÆRÐU
ALLT SEM ÞARF TIL AÐ HALDA
GLÆSILEGA FERMINGARVEISLU

Fötin, gjafirnar, veitingarnar,
skreytingarnar og margt fleira.

OPIÐ

10-18 LAUGARDAG
13-18 SUNNUDAG

Kringlan

TÖLUR VIKUNNAR 27.02.2016 TIL 04.03.2016



heimilislausa konu
hýsti Rauði krossinn
í Konukoti í fyrra.

718 börn

og unglingar voru á biðlista eftir geðheilbrigðisþjónustu í lok árs 2015.



78%



meiri losun gróðurhúsalofttegunda er í dag, samanborið við árið 1990.



20%
af flatarmáli Íslands
eru friðlýst svæði.

10%
þjóðarinnar reykja
að staðaldri.

14.303
útlendingar
leituðu á bráða-
móttöku frá
2001 til 2014.



erlendir ferðamenn
bætast við 1,3 milljónir
á milli ára, spáir Ísavia.

Þrjú í fréttum Sameining, persónuvernd og Benidorm- væðing

Orri Vésteinnsson

prófessor í fornleifafræði

segir að verði tillögur um sameiningu Þjóðminjasafns og Minjastofnunar að veruleika sé verið að sundra minjavörslunni og þar með veikja hana. Hann sagði ekkert raunverulegt samráð hafa verið haft við undirbúninginn og að tillögurnar byggðu á vanþekkingu og sviðinu en ekki þeim lausnum sem mætti finna til að styrkja það.



Helga Þórisdóttir

forstjóri Persónuverndar

sagði snjalltæki opna fyrir þann möguleika að fólk yrði kortlagt frá A til Ó. Fólk væri ekki meðvitað um að upplýsingarnar gengju kaupum og sölum. Það væri ekki ólöglegt þar sem notendur samþykktu eftirlitid sjálfir við upphaf notkunar. Fyrirtæki kæmst inn í símtöl og nokkur inn í myndavél.



Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

sagði að búið væri að setja stöpp á fleiri hótél í Kvosinni. Í skoðun væri að setja líka hótélkvóta á Laugaveg og Hverfisgötu. Verið væri að beina hótéluppbyggingu upp með Suðurlandsbraut og inn á Grensásveg. Hann varar við Benidorm-væðingu borgarinnar. „Þetta þarf ekki að vera sjoppulegt til að fá viðskipti,“ sagði borgarstjórnin.



Vill afsögn stjórnar veiðifélags

Eigandi jarðarinnar Lambhaga krefst afsagnar stjórnar Veiðifélags Eystri-Rangár eftir dóm Hæstaréttar sem felur í sér að rangur aðili fékk veiðiarð. Veiðifélagið bauð þeim sem tapaði málinu milljón fyrir að stefna.

DÓMSMÁL „Þetta hefur aldrei snúist um peninga heldur réttlæti,“ segir Ómar Helgason, einn eigenda Lambhagabúsins sem Hæstiréttur hefur dæmt í vil í deilu um arð af veiðirétti í Eystri-Rangá.

Ágreiningur hefur verið um árabíl um arðskrá vegna veiðiréttar í Eystri-Rangá. Á framhaldsaðalfundi Veiðifélags Eystri-Rangár í mars 1999 var samþykkt að landið Langanesmelar ætti 151 hlut af þeim tíu þúsund einingum sem veiðirétturinn skiptist í. Nokkrum vikum síðar hafnaði landbúnaðarráðuneytið þessari ákvörðun, meðal annars vegna þess að Langanesmelar væru ekki jörð. Stjórn félagsins breytti arðskránni og hún var auglýst þannig í Stjórnartíðindum en veiðifélagið fylgdi engu að síður fyrri arðskránni og borgaði eiganda Langanesmela í samræmi við hana.

Langanesmelar voru á sínum tíma hluti Lambhagajarðarinnar en voru keyptir út árið 1928 með þeim skilmálum að veiðiréttur fylgdi. Hæstiréttur staðfesti hins vegar á fimmtudag þá niðurstöðu Héraðsdóms Suðurlands að óheimilt hefði verið að skilja veiðiréttinn frá Lambhagajarðinni með þeim hætti.

Lambhagajarðinni var árið 1953 skipt í jarðirnar Lambhaga og Hjarðarbrékku sem átta sameiginlega hagsmuni í þessu máli gegn eiganda Langanesmela.

Ómar segir að það hafi ekki verið fyrr en árið 2009 að eigendur Lambhaga og Hjarðarbrékku hafi uppgötvað breyttu og samþykktu arðskrána sem gerð hafi verið 1999 en ekki farið eftir.

„Við förum fram á að það yrði hætt að borga Langanesmelum og veiðifélagið féllst á það árið 2010 eftir mikið tuð og leiðindi að frysta greiðslur til Langanesmela,“ segir Ómar.

Í apríl í fyrra sendi Drífa Hjartardóttir á Keldum, núverandi formaður Veiðifélags Eystri-Rangár og stjórnarmaður til langs tíma, deiluaðilunum bréf þar sem þeim þeirra sem væri fyrir



„Stjórnarformaðurinn og stjórnin veiðifélagsins bera ábyrgð og mér finnst að hún eigi öll að segja af sér ásamt framkvæmdastjórnunum,“ segir Ómar Helgason í Lambhaga sem stendur hér við Eystri-Rangá. MYND/MARGRÉT HARPA GUÐSTEINSDÓTTIR

Ef við í stjórninni berum ábyrgð þá borgum við bara þetta til baka sjálf.

Drífa Hjartardóttir, formaður Veiðifélags Eystri-Rangár



til að stefna málinu fyrir dóm var boðin milljón í peningum frá veiðifélaginu til að standa undir málskostnaði.

Ómar segir sér hafa þótt þetta fánlegt inngríp hjá veiðifélaginu en að eigandi Langanesmela, Guðmundur Júlíusson í Melabúðinni, hafi gengið að boði félagsins og stefnt eigendum Lambhaga og Hjarðarbrékku.

„Ég kærði þessa ákvörðun til Fiski-

stofu, að veiðifélagið væri að skipta sér af deilum milli landeigenda. Fiskistofa úrskurðaði það ólöglegt en veiðifélagið borgaði honum samt,“ segir Ómar.

Að sögn Ómars gerir hann ráð fyrir að réttmætir eigendur fái nú greiddan með dráttarvöxtum veiðiarðinn sem borgaður var Langanesmelum frá 1999 til 2010 og arðinn sem lagður hefur verið til hliðar eftir 2010 þar til Lambhagi hafi fengið borgað fyrir árið 2015 eftir að kært var til Fiskistofu. Um sé að tefla upphæð sem nálgist tíu milljónir króna.

Ómar kveður málinu enn ekki lokið. „Þetta hefur verið mjög erfitt mál fyrir fjölskylduna. Mér finnst að stjórnarformaðurinn og allir í stjórn veiðifélagsins sem komu að eigi að segja af sér ásamt framkvæmdastjórnunum,“ segir hann.

Drífa Hjartardóttir segist ekki munu verða við áskorun Ómars um

að segja sig úr stjórn veiðifélagsins. Frá því hún hafi tekið við formennsku hafi greiðslur til Langanesmela verið stöðvaðar. Lambhagi hafi nú í nokkur ár fengið þær. Hún hafi dregið taum hvorugs málsaðila og sé því fegnust að skorið hafi verið úr málinu fyrir Hæstarétti. „Ég óska þeim til hamingju með það,“ segir hún.

Varðandi ólögsmæti þess að veiðifélagið greiði málskostnað annars málsaðilans segir hún það hafa verið gerðan hlut áður en úrskurður Fiskistofu varðandi það lá fyrir.

„Stjórnin samþykkti að fara þessa leið til þess að reyna að fá dæmt í málinu,“ segir Drífa. „Þetta var í höndum framkvæmdastjórnar og hann sagðist taka á sig ábyrgðina með þetta. Ef við í stjórninni berum ábyrgð þá borgum við bara þetta til baka sjálf,“ segir Drífa Hjartardóttir. gar@frettabladid.is

Einkenni myglu hjá Vinstri grænum

HEILSA Myglu er líklega að finna á skrifstofum þingmanna Vinstri-hreyfingarinnar – græns framboðs. Starfsmaður þingflokksins er, að sögn Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, þingkonu VG, farinn að finna fyrir einkennum af myglunni.

„Það eru uppi hugmyndir um að það geti verið eitthvað slíkt á ferðinni. Það eru bæði búinn að vera leki og fólk er farið að finna fyrir einhverjum einkennum. Ég hef þó ekki fundið fyrir þeim þó ég sé með skrifstofu þarna.“

Skrifstofurnar eru staðsettar á efstu hæð í húsi við Austurstræti. Þingflokkurinn er ekki allur með skrifstofur á hæðinni en starfsmenn þingflokksins, Lilja Rafney og Steingrímur J. Sigfússon eru þar.

„Það getur vel verið að það sé eitthvað að grassera undir plötum. Vonandi verður drifid í að láta laga þetta,“ segir Lilja.

Árið 2014 greindi DV frá því að Piratar hefðu þurft að flýja skrif-



Það lekur á skrifstofum Vinstri grænna í kringum þakglugga á fimmtu hæð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það getur vel verið að það sé eitthvað að grassera undir plötum. Vonandi verður drifid í að láta laga þetta.

Lilja Rafney Magnúsdóttir

stofuhúsnæði sitt við Austurstræti 14 vegna myglu.

Þá var þingmaðurinn Jón Þór Ólafsson farinn að fá exem vegna myglueitrunar og hafði kvartað vegna öndunarerfiðleika. Eitrunar-einkenni vegna myglu geta verið mjög misjöfn hjá fólki. – **snæ**

„Ég var með stöðuga verki vegna grindargliðunar um árabíl. Eftir aðeins 6 daga notkun á Nutrilenk Gold fór ég að finna fyrir bata.“
Nancy Georgsdóttir, þriggja barna móðir

NUTRILENK GOLD

Vertu laus við LIÐVERKINA

Eitt mest selda bætiefnið fyrir liðina á Íslandi!

Útsölustaðir: flest apótek, heilsuþóðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

**LÝKUR
UM HELGINA**

SPRENGI VIKKA

Verkfæri og málning - gildir til 6. mars

**20%
afsláttur**

Rafmagnsverkfæri, handverkfæri,
loftverkfæri, verkfæratöskur,
garðverkfæri,
stigir og tröppur



Nilfisk

STANLEY

DEWALT

JUNBO

BLACK & DECKER

HITACHI
POWER TOOLS



Ný og glæsileg **DEWALT** deild hefur
opnað í Skútuvogi og Grafarholti

**30%
afsláttur**

af ALLRI málningu

**Blöndum
alla liti**



**20%
afsláttur**

af

DEWALT
verkfærum



**VERKFÆRAKYNNING Í DAG
KL. 13-16 Í SKÚTUVOGI.**
allt það nýjasta í DeWalt og Hitachi

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir ekki af "Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar," eða öðrum tilboðum.

**LÝKUR
UM HELGINA**

**LÝKUR
UM HELGINA**



Byggjum á betra verði

www.husa.is

HÚSMÆÐRAORLOF Gullbringu- og Kjósarsýslu 2016

Álfanes, Garðabær, Garður, Grindavík, Kjósarhreppur,
Mosfellsbær, Reykjanesbær, Sandgerði, Seltjarnarnes, Vogar.

Rétt til þess að sækja um eftirfarandi ferðir,
hefur sérhver kona sem veitir eða hefur veitt heimili
forstöðu án launagreiðslu fyrir það starf.

Töfrandi Toskana; Pisa, Flórens o.fl. 13. – 21. júní
Aðventuferð til Mainz í Þýskalandi 25. – 28. nóvember

Eftirtaldir konur veita nánari upplýsingar og taka á móti pöntunum
í síma á milli kl. 17:00 og 19:00 á virkum dögum frá 7. – 16. mars.

Svanhvít Jónsdóttir 565 3708
Ína Jónsdóttir 421 2876
Guðrún Eyvindsdóttir 422 7174
Valdís Ólafsdóttir 566 6635
Sigrún Jörundsdóttir 565 6551

Orlofsnefndin



ÚRVAL ÚTSÝN

**OPIÐ Í DAG,
LAUGARDAG, KL. 11-15**

LÆKKUM SÓLARPAKKA UM ALLT AÐ
20.000 KR. Á MANN Í SUMAR.

SUMARFRÍ VERÐ FRÁ **59.900 KR.**
Á MANN. NÁNAR Á [UU.IS](http://uu.is)

Úrval Útsýn | Hlíðasmára 19 | 585 4000 | uu.is

Sýna listir sínar á sjó



Alþjóðlega Bátasýningin í Dúbaí fer fram dagana 1. til 5 mars. Þar sýna menn listir sínar í siglingu, vatna-
sporti og fiskveiðum. Á vef sýningarinnar kemur fram að þetta er í 24. sinn sem hún er haldin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Matvælasvindl getur varðað fangelsisvist

Haldi fyrirtæki starfsemi áfram eftir að Matvælastofnun hefur lokað því er kæra send til lögreglu. Ákvæði er um allt að fjögurra ára fangelsi brjóti framleiðendur gegn matvælalögum. Í fyrra var fiskvinnslufyrirtæki dæmt til sektargreiðslu.

NEYTENDUR Hægt er að dæma matvælaframleiðendur á Íslandi í allt að fjögurra ára fangelsisvist ef um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot er að ræða. Viktor S. Pálsson, forstöðumaður stjórnsýslusviðs hjá Matvælastofnun, Mast, kveðst ekki vita til þess að menn hafi verið dæmdir í fangelsi.

„Oftast eru gerðar kröfur um úrbætur í fyrirtækjunum eða markaðssetning stöðvuð eins og gert var í síðasta mánuði þegar við lokuðum sláturhúsi. Það er ekki þar með sagt að eitthvað stórkostlegt hafi verið að en það er ekki nógu gott að okkur skuli ekki vera hleypt inn,“ segir Viktor. Tilgangur eftirlitsins var meðal annars að fylgja eftir kröfum um úrbætur frá fyrri eftirlitsheimsóknum stofnunarinnar.

Haldi fyrirtæki áfram starfsemi eftir að Matvælastofnun hefur lokað því er kæra send til lögreglu. „Nýjasta dæmið sem ég man eftir er

Nýjasta dæmið sem ég man eftir er frá því í fyrra. Við höfðum þá lokað litilli fiskvinnslu en starfsemi var haldið áfram í nokkra mánuði.

Viktor S. Pálsson, forstöðumaður hjá Matvælastofnun



frá því í fyrra. Við höfðum þá lokað litilli fiskvinnslu en starfsemi var haldið áfram í nokkra mánuði eftir það. Við lokuðum þá fyrirtækinu aftur og kærðum það til lögreglu. Viðkomandi var dæmdur til sektargreiðslu,“ greinir Viktor frá.

Matvælastofnun hefur eftirlit með bændum og stórum matvælaframleiðendum. „Heilt yfir er þetta í

nokkuð góðu lagi en auðvitað koma reglulega upp einhver tilvik.“

Sænska ríkisstjórnin lætur nú kanna hvort taka eigi upp á ný ákvæði um fangelsisdóma vegna brota á matvælalögum. Slíkt ákvæði var tekið út árið 2006. Matvælastofnunin í Svíþjóð hefur lengi krafist þess að slíkt ákvæði verði sett í lög á ný. Sænska dagblaðið Dagens Nyheter hefur greint frá því að svindl með matvæli hafi á undanförunum árum orðið nýr markaður fyrir skipulagða glæpastarfsemi, meðal annars vegna mikils hagnadar, litillar hættu á að svindlið uppgötvist og vegna vægra refsinga.

Eitt helsta svindlið í Svíþjóð var þegar fyrirtæki seldi um tveggja ára skeið mörg tonn af lituðu svínakjöti sem nautafillé eða sem aðrar tegundir kjöts. Fyrirtækið var dæmt til að greiða 200 þúsund sænskar krónur, eða rúmlega 3 milljónir íslenskra króna, í sekt. ibs@frettabladid.is

ftr.

Framboð í trúnaðarstöður

Í samræmi við 32. gr. laga Félags tæknifólks í rafiðnaði
auglýsir félagið hér með framboðsfrest
til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til
mánudagsins 28. mars kl. 12 á hádegi.


Þeir félagsmenn sem hafa áhuga á
að taka að sér trúnaðarstörf fyrir félagið
skili inn framboðum til Kjörstjórnar FTR,
Stórhöfða 31, 110 Reykjavík

Reykjavík 25. febrúar 2016

Stjórn FTR

www.ftr.is
facebook.com/felagtaekinfofksirafidnadi/

Danskir dagar



Jensen's
Pulled Chicken
og Pulled Pork



Jensen's
BBQ og BBQ smoked súningarif
- sem þarf aðeins að hita
í ofni eða á grilli



Jensen's sósur
- Bearnaisesósa
- Piparsósa
- Favorit-sósa
- Whisky-sósa

Gildir til 13. mars á meðan birgðir endast.

direkte fra
Danmark



Merrild kaffi
... góðar stundir.

Nýtt í
Hagkaup direkte fra
Danmark



Haribo Zourr
Nýtt og spennandi frá Haribo.

direkte fra
Danmark

Nýtt í
Hagkaup



Black danskur sælkeralakkris
Margar saltar og sætar tegundir.
Súkkulaði, Chili, Lime og jarðaberja.

Nýtt í
Hagkaup direkte fra
Danmark



Rynkeby safar
Blandaðir ávaxta- og grænmetissafar.

Nýtt í
Hagkaup direkte fra
Danmark



Sun Lolly
Blackcurrant og Brain Bites.

direkte fra
Danmark

Nýtt í
Hagkaup



OK snakk
Bacon Crisp og Pork Snacks.

Anton Berg leikur
Viltu vinna fulla ferðatösku af
súkkulaði og konfektí?



Til þess að taka þátt þarft þú að kaupa vöru frá Anton Berg, taka mynd af strimlinum og senda myndina ásamt upplýsingum um þátttakanda á netfangið danskir-dagar@innnes.is.

24
Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Frumvörp til stjórnarskipunarlaganna – frestur til athugasemda

Stjórnarskrárnefnd hefur birt drög að þremur nýjum ákvæðum í stjórnarskrá, nánar tiltekið um þjóðareign á náttúruauðlindum, umhverfis- og náttúruvernd og þjóðaratkvæðagreiðslur að kröfu kjósenda. Nánari upplýsingar er að finna á stjórnarskra.is.

Frestur til athugasemda er til þriðjudagsins 8. mars 2016 – sendist vinsamlegast á netfangið postur@for.is.

Áskilinn er réttur til birtingar á athugasemdum.

Stjórnarskrárnefnd.



Tungufljót er ein af þverám Hvítar í Árnessýslu. MYND/MANNVIT

Báðu sérstaklega um umhverfismat

HS Orka fór þess á leit við Skipulagsstofnun að 9,9 megavatta virkjun í Tungufljóti yrði tekin í fullt umhverfismat. Matskylda fyrir virkjun af þessari stærðargráðu er ekki bundin í lög. Skipulagsstofnun féllst á erindi fyrirtækisins.

UMHVERFISMÁL HS Orka óskaði sérstaklega eftir því við Skipulagsstofnun að Brúarvirkjun í Tungufljóti færi í fullt ferli mats á umhverfisáhrifum. Virkjunin er undir 10 megavöttum (MW) að stærð og fellur því ekki sjálfkrafa undir viðmið laga um umhverfismatsskyldu.

Ásbjörn Blöndal, framkvæmdastjóri þróunarviðs hjá HS Orku, segir í skriflegu svari að rökin fyrir því að fyrirtækið fór fram á að verkefnið færi í fullt umhverfismat væru þrjú. Virkjunarkosturinn sé rétt undir þeim mörkum sem krefjast þess að framkvæmdin sé metin – eða 9,9 MW. Að á áhrifsvæðinu færu fram eins ítarlegar rannsóknir á umhverfisþáttum og gert er við fullt mat, enda rannsóknir á lífríki, náttúru og minjum á svæðinu af skornum skammti eða ekki fyrir hendi. Þá sé það tryggt við fullt mat að framkvæmdaaðili kynni verkefnið opinberlega og allir sem telja sig málið varða geti þannig komið á framfæri athugasemdum og ábendingum.

„Í opnu ferli eins og mat á umhverfisáhrifum er þá væntir HS

Tölv virkjanir – ein skikkuð í umhverfismat

- Skipulagsstofnun hefur ákvarðað um matskyldu 12 virkjana undir 10 MW árin 2013 til 2015.
- 10 þeirra voru ekki matskyldar – og eru flestar mjög litlar.
- Brúarvirkjun í Tungufljóti fer í umhverfismat að ósk HS Orku.
- Svartá í Bárðardal (9,8 MW) skal háð mati á umhverfisáhrifum, en sú framkvæmd er mjög umdeild innan raða heimamanna, umhverfisverndarhópa og fleiri.

Orka þess að fá fram umsagnir sem hafa jákvæð áhrif á verkefnið m.t.t. tækni, umhverfis og samfélags. Við teljum Brúarvirkjun umhverfisvænan valkost í virkjunarflöru landsins, mannvirki eru ekki mjög sýnileg, engir veiðihagsmunir eru til staðar, og landslag og umhverfi er ekki með þau sérkenni umfram það sem almennt þekkt víða,“ segir Ásbjörn.

Skipulagsstofnun féllst á erindi fyrirtækisins eins og kemur fram í bréfi frá því í júní í fyrra. En ákvörðun HS Orku vekur athygli þar sem viðmið laga um matskyldu við 10 MW hafa vakið upp spurningar um hvort ástæða sé til að rammaáætlun taki til virkjana sem eru minni. Hefur þetta álitamál verið til sérstakrar skoðunar hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar, en engin niðurstaða liggur fyrir að því er Fréttablaðið hefur heimildir um.

Erfitt gæti reynst að tilgreina ein stærðarmörk virkjana sem ættu að falla undir matskyldu, en í skýrslu Veiðimálastofnunar um smávirkanir kom fram að jafnvel mjög litlar virkjanir geta haft mikil áhrif á umhverfið – það er með öðrum orðum ekki framleiðslugeta virkjunarinnar sem segir alla söguna um áhrif hennar á umhverfið.

Bent hefur verið á að einhvers staðar verði þessi mörk að liggja – og að 10 MW rími við stærðarmörk í lögunum um mat á umhverfisáhrifum og við Evróputilskipunina sem lögin eru byggð á.

svavar@frettabladid.is

Erlendar skuldir ekki lægri í fimmtíu ár

EFNAHAGSMÁL Hreinar erlendar skuldir þjóðarbúsins voru þær lægstu í fimmtíu ár á síðasta ársfjórðungi 2015. Þorvarður Tjörvi Ólafsson, hagfræðingur í Seðlabanka Íslands, fagnar stöðunni en segir mikilvægt að sýna áfram varfærni og aðhald. Staðan geti breyst ansi hratt, mikilvægt sé að efnahagsreikningurinn þoli þau áföll sem óhjákvæmilega muni skelli á.

Uppgjöri slitabúanna er nú í reynd lokið og var hrein staða við útlönd neikvæð um 316 milljarða króna, í lok síðasta ársfjórðungs, eða sem nemur 14,4 prósentum af vergri landsframleiðslu. Nettóskuldir lækkuðu um 7.196 milljarða króna, eða sem nemur 328,6 prósentum af vergri landsframleiðslu á milli ársfjórðunga.

Spurningin er nú hvernig við

Nú er búið að gera ýmsar umbætur á hagstjórninni til að koma í veg fyrir að svona geti gerst aftur.

Þorvarður Tjörvi Ólafsson hagfræðingur



þegar búin tvöfalda erlendar skuldir okkar milli 1995 og 2002, í kjölfar síðustu losunar hafta,“ segir Tjörvi.

„Nú er búið að gera ýmsar umbætur á hagstjórninni til að koma í veg fyrir að svona geti gerst aftur. Það er búið að setja verulegar takmarkanir á hvað bankarnir geta aukið erlendar skuldir sínar mikið, það eitt og sér gerir nú mikið, en það getur náttúrulega gerst að aðrir aðilar innan hagkerfisins fari að auka sínar erlendu skuldir óhóflega. Það getur krafist einhverra aðgerða.“

Við þurfum að halda áfram á þessari braut til að styrkja okkar stöðu og gera okkur í stakk búin til að takast á við þau áföll sem óhjákvæmilega munu skella á á næstu árum og áratugum,“ segir Þorvarður Tjörvi Ólafsson. – sg

VORSIGLING
UM EYSTRASALTÍÐ 12.-17. APRÍL
MEÐ PRINCESS ANASTASIA

VERÐ
FRÁ
164.500.-



Sigt frá Stokkhólmi til Tallinn, Skt. Pétursborgar og Helsinki. Gist 4 nætur um borð í „commodore“ klefum og eina nótt á hóteli í Helsinki. Innifalið er flug, flugvallaskattar, skoðunarferðir í hverri borg, morgunverður alla daga, 4 kvöldverðir, ásamt drykkjum, um borð í Princess Anastasia og íslenzk fararstjórn. Tveggja daga stopp í Skt. Pétursborg.

Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson.

VERÐ
FRÁ
199.600.-



CARCASSONNE OG BARCELONA 4.-11.JÚNÍ

Flugið til Barcelona, gist í Carcassonne, Girona og Perpignan, skoðunarferðir m.a. til Béziers, Collioure, Aigues Mortes, St.Guilhem le Désert o.fl. Innifalið er flug, flugvallaskattar, gisting, morgunverður, allar skoðunarferðir og íslenzk fararstjórn.

Fararstjóri er Parisardaman Kristín Jónsdóttir.



Borgartúni 34, 105 Reykjavík • S 511 15 15 • outgoing@gjtravel.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



GILDIR 04.03.16 - 07.03.16

TAX FREE



AF ÖLLUM VÖRUM
ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM.
TAX FREE TILBOÐ
JAFNGILDIR **19,35%**
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN
ER Á KOSTNAÐ
RÚMFATALAGERSINS.
VIRÐISAUKA ER AÐ
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ
TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjallt nýsköpunarverkefni?

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu **Átaki til atvinnusköpunar**. Veittir eru styrkir til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið verkefnisins:

- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða frumkvöðla og fyrirtækja

Sérstök áhersla er lögð á

- Verkefni sem eru nýjung og skapa ný störf
- Nýsköpun og/eða samstarfsverkefni sem byggir á hönnun
- Nýsköpun sem á sér stað í klasasamstarfi
- Verkefni sem eru að stíga fyrstu skref á alþjóðamarkaði

Nánari upplýsingar og rafræn umsóknareyðublöð eru á www.nmi.is Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið: hildur@nmi.is


Umsóknarfrestur til kl. 12:00 á hádegi þann 30. mars



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands



ATVINNUEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ



Birna Guðmundsdóttir hefur unnið að skipulagningu keppinnar.

Keppast um að draga úr koltvísýringi

Þýsk-íslenska fyrirtækið Changers stendur fyrir keppni þar sem fyrirtæki, stofnanir og bæir keppa um að draga sem mest úr koltvísýringslosun. Meðal þátttakenda eru Alcoa og IKEA.

UMHVERFISMÁL Þann 1. apríl næstkomandi mun íslenska CO2-keppnin hefjast. Um er að ræða keppni sem öllum íslenskum fyrirtækjum, stofnunum og bæjum býðst að taka þátt í með notkun á appi úr smíðju þýsk-íslenska fyrirtækisins Changers.

„Í kjölfar þess að Festa stóð fyrir því að yfir hundrað fyrirtæki skrifuðu undir yfirlýsingu um að setja sér markmið í loftlagsmálum höfðum við samband við Ketil Berg, framkvæmdastjóra samtakanna, og fengum að taka þátt sem einn valmöguleiki fyrirtækja til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum,“ segir Birna Guðmundsdóttir, sem hefur unnið hjá Changers síðan í haust og hefur unnið að skipulagningu keppinnar og við markaðssetningu CO2 fit appsins á Norðurlandamarkaði.

Appið reiknar hvað notendur spara mikla koltvísýringslosun með því að ganga, hjóla eða nota almenningsgöngur í stað einkabilsins og verðlaunar þá með því að leyfa þeim að planta tré eða fá aðra umbun. Appið hefur notið mikilla vinsælda í Þýskalandi. Á síðastliðnu ári hafa

notendur þess sparað 881 tonn af koltvísýringi og plantað 1.514 trjáum í Þýskalandi.

„Keppnin varir í sex til tólf mánuði og er keppt um hvaða fyrirtæki nær mánaðarlega að draga mest úr koltvísýringslosun,“ segir Birna. „Til að verðlauna hina sjálfbæru hegðun plöntum við svo tré á Íslandi fyrir hverja hundrað kílómetra sem starfsmenn hjóla eða ganga, í samstarfi við samtökin Gróður fyrir fólk,“ segir Birna.

Þau fyrirtæki sem þegar hafa staðfest þátttöku sína eru meðal annars Alcoa og IKEA.

„Hugmyndir Changers miða að því að finna skemmtilega og jákvæða lausn á þeim vanda sem steðjar að okkur jarðarbúum hvað loftslagsbreytingar varðar. Með þátttöku í keppninni geta starfsmenn eftt heilsu sína og unnið gegn afleiðingum gróðurhúsaáhrifa. En á Íslandi er helsta áskorunin í loftlagsmálum mengandi samgöngur. Ef fyrirtæki og stjórnvöld ætla að ná markmiðum sínum í loftlagsmálum er eins gott að við hoppum á hjólin okkar núna og spænum upp vegi landsins,“ segir Birna. saeunn@frettabladid.is

Landeigendur hóta Garðabæ málsókn

SKIPULAGSMÁL Landeigendur á Arnarnesi hóta því að stefna Garðabæ leggi bærinn ekki fram gagntilboð í lóðir á Arnarnesi í eigu þeirra. Í bréfi sem lögmaður landeigenda sendi Garðabæ, dagsettu þann 10. febrúar, er gefinn 30 daga frestur til að leggja fram gagntilboð, ella verði víðræðum slitið og dómssmál höfðað þar sem krafist verði viðurkenningar á eignarétti þeirra og farið fram á skaðabætur.

Deilan snýst um breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar, sem breytti verslunarlóðum í eigu landeigenda við Hegrans og Æðarnes í íbúðarlóðir og um eignarhald á Háholti. Þá vilji landeigendur að bærinn kaupi fjöruna á norðanverðu Arnarnesi.

Bæjarráð hafnaði fyrra tilbóði landeigenda sem fóll í sér að bærinn greiddi 150 milljónir króna og afhenti níu lóðir í fyrirhugaðri byggð í Hnoðraholti í Garðabæ í skiptum fyrir svæðin fjögur á Arnarnesi.

Bæjarráð Garðabæjar fóll lögmanni sínum í vikunni að svara

bréfinu í samræmi við samþykktir bæjarráðs en Garðabær hefur boðist til að borga 50 milljónir fyrir lóðirnar. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, sagði í lok janúar við Fréttablaðið að íbúðalóðirnar níu í Hnoðraholti væru metnar á um 150 milljónir króna og því næmi heildarvirði tillögu landeigenda um 300 milljónum króna, sexföldu því verði sem Garðabær telji sanngjarnt.



Gunnar Einarsson
bæjarstjóri

Í nýjasta bréfi lögmanns landeigenda eru gerðar athugasemdir við að bæjarstjórninni hafi rætt tillögur landeigenda við fjölmíðla. „Sér í lagi eru umbjóðendur mínir óánægðir með að látið sé þar í veðri vaka að tillögur umbjóðenda minna endurspeglu óeðlilega verðlagningu landsréttinda þeirra, sem ekki á við rök að styðjast,“ segir í bréfinu. – ih

FERMING

Í SMÁRALIND

FLOTTUSTU
HÁR &
MAKE-UP
TRENDIN

Þú átt
þennan
dag

Flott skart fyrir
tíma **MÓT**

HVAÐ
FER
ÞÉR
BEST?

GJAFAKORT ER
GÓÐ HUGMYND

SMÁRALIND

Ástand heimsins

1



NORDICPHOTOS/AFP

2



NORDICPHOTOS/AFP

1. Miklir hitar hafa verið á Indlandi undanfarið með þeim afleiðingum að Osman Sagar-vatn, skammt frá borginni Hyderabad, hefur þornað upp svo hægt er að ganga þar yfir þurrum fótum.

2. Kaupmaður flytur vörur á reiðhjóli á umferðargötu í Katmandú, höfuðborg Nepals.

3. Kona í Suður-Kóreu gengur fram hjá sjónvarpsskjá þar sem sýnt er frá kjarnorkuvopnabrótti Norður-Kóreumanna.

4. Í bænum Concarneau í vesturhluta Frakklands er verið að gera upp skipið Calypso, sem landkönnuðurinn Jacques Cousteau notaði um miðja síðustu öld við að kanna neðansjávarveraldir. Stefnt er að því að skipið verði klárt til siglinga innan 12 til 18 mánaða.

5. Flætt hefur yfir götur eftir úrhellisrigningu á Haití. Maðurinn á myndinni selur fót sér til viðurværis og gengur þarna eftir götu, sem flætt hefur yfir, með fatabirgðir.

5




3



NORDICPHOTOS/AFP

4



NORDICPHOTOS/AFP

Stórhundakynning

ALLT DÝRAFÓÐUR OG VÖRUR
20 TIL 50% AFSLÁTTUR



STÓRHUNDAKYNNING ★ DAGSKRÁ FRÁ 13:00 TIL 17:00 ★ LAUGARDAG OG SUNNUDAG

TÆKIFÆRI TIL AÐ KYNNAST FJÖLDA TEGUNDA AF STÓRUM OG GLÆSILEGUM HUNDUM
KOLLA HUNDASJÚKRABJÁLFARI ★ HEIÐRÚN KLARA HUNDAÞJÁLFARI ★ DÝRALÆKNIR
LEITARHUNDAR ÍSLANDS ★ RAUÐAKROSS HUNDAR ★ FÓÐURVÖRUKYNNINGAR ★ LUKKUPOTTAR
FRÁ KL 14:00 - 16:00 SALÍBUNA MEÐ SLEÐAHUNDUNUM FYRIR KRAKKANA Á ÚTISVÆÐINU

PRO
PLAN

TRIXIE

Hill's

ROYAL CANIN

Brit
PREMIUM

OMEGA

Vorlaukarnir eru komnir!
Litríkir og fallegir



20% AFSLÁTTUR AF
FERMINGARVÖRUM
GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS



NÝ SENDING AF KERTUM OG SERVÍETTUM

OPIÐ TIL
21 ÖLL KVÖLD



GARDHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Fyrir þínar bestu stundir



ROMA

svefnsofi

Ljósgrátt eða dökkgrátt, slitsterkt áklæði.
B: 200 cm. D: 100 cm. H: 50 cm.
Svefnpláss: 120x200 cm.



Dormaverð **89.900 kr.**



Ruben

svefnsofi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði. Hægri og vinstri tunga.
Rúmfatageymsla í tungu. Stærð: 240/160 x 90 cm H: 85 cm.
Svefnsvæði: 140x195 cm.

Fullt verð: 139.900 kr.

ÁTTU VON Á
gestum?

Tilboðsverð **99.900 kr.**



30%
AFSLÁTTUR

OPUS

hornsofi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Fullt verð: 369.900 kr.

Aðeins **258.930 kr.**



30%
AFSLÁTTUR

MIAMI

svefnsofi með
horntungu

Með rúmfatageymslu í tungu.
Dökk- og ljósgrátt, slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 240 x 225 cm, H: 80 cm.

Fullt verð: 169.900 kr.

Aðeins **118.930 kr.**

Afgreiðslutími
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

Holtagörðum | 512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri | 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði | 456 4566

Fyrir fólk sem stækkar og stækkar

FERMINGAR TILBOÐ

FERMINGAR TVENNA

DÚNMJÚKT TVENNUTILBOÐ

O&D dúnsæng - Stóri björn
· 50% dúnn og 50% smáfiður
Fullt verð: 19.900 kr.
+ Dúnkoddi - Stóri björn
Fullt verð: 5.900 kr.

Fullt verð samtals:
25.800 kr.

19.800 kr.



MISTRAL HOME sængurföt

Sængurföt úr 100% bómullarsatíni þrjú litir.
300 tc.

Fullt verð:
8.990 kr.

FERMINGAR TILBOÐ

6.990 kr.

FERMINGAR TILBOÐ

SHAPE
Shape Comfort koddur fylgir með að verðmæti 5.900 kr.

NATURE'S REST heilsurúm

Nature's Rest heilsudýna með Classic botni. Fáanlegt í svörtu og hvítu.
Stærð: 120x200 cm.

Fullt verð: 79.900 kr.

Aðeins **69.900 kr.**




SQUERE rúmgafli

Rúmgafli úr PU leðri. Hægt að fá í nokkrum stærðum og í brúnu, hvítu og svörtu
Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

27.900 kr.

DORMA VERÐ



DIAMOND rúmgafli

Rúmgafli úr PU leðri. Hægt að fá í nokkrum stærðum og í gráu, hvítu og svörtu
Verð að neðan miðað við rúmbreidd 120 cm.

35.900 kr.

DORMA VERÐ



SVART EÐA HVÍTT

CARAT RÚMSTÆÐI botn, lappir og höfuðgafli

Fáanlegt í svörtu og hvítu.

140 x 200 cm. Verð 69.900 kr.

160 x 200 cm. Verð 79.900 kr.

180 x 200 cm. Verð 89.900 kr.

SQUERE náttborð

Náttborð úr hvítu eða svörtu PU leðri.
Stærð: 48 x 41 H: 50 cm.

Verð 15.900 kr.

DORMA VERÐ



FRÁBÆRT DORMAVERÐ

DORMA

Láttu drauminn rætast

Fjöldi hælisleitenda tvöfaldaðist í fyrra

Alls komu 1.255.600 hælisleitendur til aðildarríkja Evrópusambandsins í fyrra, samkvæmt nýjum tölum frá Eurostat. Merkel og Hollande stefna að því að öll innri landamæri ESB-ríkjanna verði opnuð á ný fyrir árslok. Fólki verði þó ekki hleypt inn án umhugsunar.

FRANKLAND Flóttamenn, sem sóttu um hæli í aðildarlöndum Evrópusambandsins, urðu 1.255.600 á síðasta ári, eða helmingi fleiri en árið 2014.

Flestir þeirra komu frá Sírylandi, eða 363.775 manns, en næst koma flóttamenn frá Írak og Afganistan.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, sendi frá sér í gær.

Þar kemur fram að þriðjungur fólksins, eða 441.800, hélt til Þýskalands en næstflestar sóttu um hæli í Ungverjalandi, eða 174.435. Þar næst kemur Svíþjóð með 156.110 umsóknir.

Hvert aðildarríkið á fætur öðru hefur brugðist við þessu með því að loka landamærum sínum, sem gengur þvert á meginhugsun Schengen-samkomulagsins um opin landamæri Evrópuríkja. Þetta er gert á grundvelli ákvæðis sem heimilar tímabundnar undantekningar frá meginreglunni.

Angela Merkel Þýskalandskanslari og François Hollande Frakklandsforseti hafa nú komið sér saman um að stefna að því að hin lokuðu landamæri verði öll opnuð fyrir lok þessa árs, þannig að Schengen-samkomulagið standi þá óhaggað.

Þau skýrðu frá þessu á blaðamannafundi í Frakklandi í gær.

Þau gera engu að síður ráð fyrir að aðildarríkin myndu um leið hætta að hleypa flóttafólki athugasemdalaust í gegnum landamærin.

Dimitris Avramopoulos, sem er innflytjendamálastjóri í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, sagði í gær mikilvægt að verja hin opnu landamæri Schengensvæðisins.

„Allt sem við höfum náð fram á síðustu 60 árum er í húfi og við verðum að gera allt sem við getum til að viðhalda þessum árangri og tryggja hann,“ er haft eftir honum á fréttavef breska dagblaðsins The Guardian.



gudsteinn@frettabladid.is



Þúsundir flóttamanna biða nú í Grikklandi við landamæri Makedóníu, en litlum hópum er reglulega hleypt í gegn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Óafgreiddar umsóknir um hæli í lok hvers mánaðar í aðildarríkjum Evrópusambandsins

■ Óafgreiddar umsóknir í lok hvers mánaðar ■ Nýjar umsóknir (í hverjum mánuði)



Tveir dæmdir í Tyrklandi

Tveir menn hafa verið sakfelldir í Tyrklandi og dæmdir í rúmlega fjögurra ára fangelsi hvor.

Þeir eru sagðir hafa átt hlut að máli þegar hinn þriggja ára gamli Alan Kurdi druknaði ásamt fjórum öðrum, þar á meðal bróður sínum og móður, við strendur grísku eyjunnar Kos á síðasta ári.

Ljósmynd af Kurdi, þar sem hann lá á grúfu í fjörunni á Kos, fór víða á síðasta ári og vakti athygli heimsins á hrakningum flóttafólksins í hafinu milli Tyrklands og Grikklands.

Muwafaka Alabash og Asem Alfrhad heita hinir sakfelldu. Þeir voru reyndar sýknaðir af ákæru um að hafa borið ábyrgð á dauða fólksins, en sakfelldir fyrir að hafa stundað smygl á fólki.

Hælisleitendur sem komu til ESB-ríkja á árinu 2015

Sýrland	362.775
Afganistan	178.230
Írak	121.535
Kósóvó	66.884
Albanía	65.935
Pakistan	46.400
Eritrea	33.095
Nígería	29.915
Íran	25.360
Aðrar þjóðir	325.510
Samtals	1.255.640

Matvælastofnun óttast að kattafló sé að breiðast út

HEILBRIGÐISMÁL Kattafló hefur greinst á fleiri köttum á höfuðborgarsvæðinu og hætt er við að flóin sé útbreiddari en talið hefur verið. Matvælastofnun telur þó mögulegt að uppræta flóna en til þess þarf samstillt átak hunda- og katta eigenda. Sérstaka smitgát skal viðhafa á dýrasýningum.

Fyrst varð vart við þessa óværu í febrúar þegar greindist kattafló á ketti í Garðabæ en þessi tegund flóa hefur örsjaldan fundist hér á landi. Nú er um að ræða kött af heimili í miðborg Reykjavíkur, sem fer út að vild og telur Matvælastofnun að hugsanlega sé kattaflóin orðin útbreidd meðal katta, og ef til vill hunda.

Til að kanna útbreiðsluna hefur Matvælastofnun nú beint þeim til mælum til dýralækna að þeir taki sýni af öllum köttum og hundum á tímabilinu frá 14.–28. mars, sem komið er með til þeirra og eru með einkenni í húð. Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum mun taka við sýnunum og kanna hvort í þeim leynast kattaflær.

Kattaflóin getur valdið bæði dýrum og mönnum miklum óþægindum og jafnvel veikindum. Hún getur jafnframt borið með sér sýkla sem ekki hafa greinst í dýrum hér á landi, og geta valdið veikindum í köttum og jafnframt borist í fólk. Það er því mikils um vert að koma í veg fyrir að hún nái fótfestu hér á landi, er mat Matvælastofnunar.



Ef dýrin klóra sér, sleikja eða bíta í húðina meira en venjulega er rétt að skoða feldinn vel.

NORDICPHOTOS/GETTY

» Kattaflóin getur valdið bæði dýrum og mönnum miklum óþægindum.

Kattafló hefur aðeins greinst í stökum tilfellum hér á landi, m.a. á hundum á árunum 1980 og 1984 og á innfluttum dýrum í einangrun árið 2012 og árið 2013. Í öllum tilvikum náðist að uppræta flóna. – shá



Verkalýðsfélagið Hlíf

Stjórnarkosningar í Verkalýðsfélaginu Hlíf

Hafin er stjórnarkosning í Verkalýðsfélaginu Hlíf samkvæmt A-lið 22. gr. laga félagsins:

1. Formaður, ritari og tveir meðstjórnendur kosnir til tveggja ára.
2. Tveir varamenn í stjórn kosnir til tveggja ára.
3. Tveir félagslegir skoðunarmenn reikninga og einn til vara kosnir til eins árs.
4. Stjórn sjúkrasjóðs, formaður, varaformaður og ritari kosnir til eins árs og jafn margir til vara.

Atkvæðisrétt eiga allir félagsmenn í Verkalýðsfélaginu Hlíf.

Kjörgögn og kynningarefni hefur verið sent út samkvæmt kjörskrá.

Fái einhver sem telur sig eiga atkvæðisrétt ekki send kjörgögn, getur viðkomandi snúið sér til skrifstofu Hlífar Reykjavíkurvegi 64 220 Hafnarfirði og fengið sig færðan á kjörskrá, sé hann þar ekki þegar og greitt atkvæði. Leggja þarf fram gögn, svo sem launaseðil, sem sanni afdregin félagsgjöld til Vlf. Hlífar. Tekið er við kjörskrárkærum samkvæmt framansögðu til kl. 12.00 þriðjudaginn 15. mars en þá lýkur kosningunni.

Athugið. Til þess að tryggt sé að atkvæðið berist kjörstjórn fyrir lok tímabrests þá er nauðsynlegt að **póstleggja svarumslagið í síðasta lagi sunnudaginn 13. mars.** En þeir sem það vilja geta skilað svarumslaginu á skrifstofu Hlífar til kl. 12.00 þriðjudaginn 15. mars.

Hafnarfirði 2. mars 2016.
Kjörstjórn Vlf. Hlífar

HLAUPÁRSTILBOÐ

SÍÐUSTU DAGAR

Verð áður 54.995

39.995

Bluetooth™

40%
afsláttur

50 stk.



25 stk.

Einnig til hvítt

SONY

SOUNDBAR 2.1

- 300W RMS
- 40W þráðlaust bassabox
- Tengingar – 4xHDMI, optical, AUX
- Þráðlaus tenging – Bluetooth með NFC
- Vegghengjanlegt
- Fjarstýring

HTCT380B/S

27%
afsláttur

CIATRONIC

RAFMAGNSPANNA

- Eldar, steikir, gufusýður og afþýðir
- 32 cm í þvermál og 3,5 cm djúpt
- 1500W og viðloðunarfrítt yfirborð
- Hitaeinangruð handföng



Verð áður 3.995

2.397

PP3401C



60 stk.

57%
afsláttur

60 stk.

55%
afsláttur

Verð áður 10.995

4.949



8 stk.

Verð áður 399.995

319.995

eða 28.005 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Áttis 336.055 kr. - Áttis 9,6%

65"

ULTRA
HD

100Hz skjár

Wi-Fi

QUAD CORE

NETFLIX

ÞÚ SPARAR
80.000 KR.

Verð áður 6.995

2.995

BOSCH

TÖFRASPROTI

- 300W og fótur með slettuvörn
- Mini hakkari og bikar með loki
- Fót og bikar má þvo í uppþvottavél

MSM6B300

Verð áður 94.995

79.995

30 stk.

16%
afsláttur

15,6"

FHD

1920x1080

Vinnsluminni

4GB 1333MHz

Örgjörvi

i5-4210U

1,7-2,7GHz

SSD

128GB


Skjákort

Intel HD

Graphics 4400

intel inside

CORE i5



60 stk.

33%
afsláttur

Canon

FJÖLNOTAVÉL-PIXMA MG4250

- 4800dpi prentupplausn, 600x1200 í skanna
- 60 blaðsíður í arkamatara, USB tengdur
- Hægt að fá XL blekhyliki

MG4250

Verð áður 14.995

9.995



acer

ACNXXMHED136

50 stk.

40%
afsláttur

Verð áður 10.995

6.595

PS4

PLAYSTATION 4 MYNDAVÉL

- Með tvær linsur og nær því að skynja vel djúpt rýmisis sem hún er í
- 4 hjóðnemar sem skynja allt hjóð mjög vel og hvaðan það kemur
- Notendur geta notað myndavélina til að logga sig inn á vélina, hún þekkir andlit, hreyfingar og rödd
- Myndavélin getur opnað svokallað PlayRoom sem fylgir frítt með PlayStation 4 vélinni

PS4CAMERA

Tilboðin gilda helgina 5.-6. mars

eða á meðan birgðir endast - eitt stk. á mann

ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN



Vítahringur



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Aldre í sögunni hefur verið betra tækifæri til að rjúfa vítahring búvörusamninga. Í mannsaldur hafa slíkir gerningar fest sveitafólk í fjötrum fátæktar og ruglað neytendur í ríminu. Fólk sem kaupir í matinn veit ekki sitt rjúkandi ráð. Sumt er meira og minna búið að borga með sköttum. Annað greiðist fullu verði við búðarkassann. Verðmiðinn í kjörbúðinni segir enga sögu.

Venjulegt fólk hefur ekki tíma til að rýna í flókna samninga. Það hefur engar forsendur til að átta sig á hvað er hagstætt að kaupa í kjötbordinu og hvað ekki. Marktækur verðmiði er grundvöllur upplýstra innkaupa. Hann á að ráða valinu úr hillum kjörbúðanna. Þar á samanburður verðs og gæða að fara fram.

Sivaxandi ferðamannastraumur hrópar á uppstokkun í sveitum. Tækifærin til arðbærrar og skapandi fjárfestingar blasa við. Sveitirnar sárvantar vinnufúsar hendur, sem geta tryggt dreifða byggð í landinu á heilbrigðum forsendum. Þar eru tækifæri. En stjórnvöld og bændaförysta bregðast við með því að binda vinnuaflið á klafa fortíðar. Ólarnar eru hertar þannig að ekki einu sinni stjórnvöld framtíðarinnar geta leyst hnútana.

Flest eigum við rætur í sveitum og viljum blómlega byggð um land allt. Þess vegna hafa kynslóðirnar umborið augljóst óhagræði í landbúnaðarkerfinu af ótrúlegu örlæti. Meirihluti fólks hefur vitandi vits stutt til valda stjórn málaöfl sem staðið hafa vörð um óbreytt kerfi. Það sá ekki aðra kosti í stöðunni. Tiltölulega fáir andæfðu. En tímarnir eru breyttir. Æ ljósara verður að óbreytt ástand þjónar fáum og kallar á óþarfa stöðnun á landsbyggðinni, sem á bjarta framtíð ef tækifærin eru nýtt.

Sjálfsagt er að styðja bændur til að mæta breytingum meðan þær ganga yfir. En eðlileg krafa hlýtur að vera, að veðjað sé á framtíðina – ekki fortíðina. Sveitabýli eru einkafyrirtæki og bændur, karlar og konur, sjálfstæðir atvinnurekendur. Það er holar hljómur í tali um matvælaöryggi í þessu samhengi. Ísland er matarkista. Við erum örþjóð, sem veiðir meiri fisk en nokkur önnur þjóð miðað við fólksfjölda.

Almennt eru bændur framúrskarandi vinnuafli. Í þeirra röðum munu vera fleiri þúsundþjalasmiðir en í öðrum stéttum. Þeir eru sjálfs sín herrar og þurfa að ganga í öll verk, líka kontórvinnu. Bændur ættu því að vera vel búnir undir vel skipulagt breytingarferli, sem smátt og smátt losar þá undan ríkisforsjónum – og þjóðina við kostnaðinn af úreltu kerfi.

Til þess á fyrst um sinn að nota féð sem rennur í feluleikinn í kringum landbúnaðinn. Sveitafólk á að fá stuðning og hvatningu til að breyta fyrirtækjum sínum, laga þau að nútímanum til að sveitirnar geti mætt kröfum tímans. Í þeim efnum er erfitt að benda á eina uppskrift. En það þarf að sýna stórhug og sækja fyrirmyndir þangað sem þær eru bestar, innan lands og utan. Fjárfesting þarf að taka við af fjáraustri.



Sjálfsagt er að styðja bændur til að mæta breytingum meðan þær ganga yfir. En eðlileg krafa hlýtur að vera, að veðjað sé á framtíðina – ekki fortíðina

Gunnar



Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir Íslenskur stríðsdans í Sotheby's



Igær voru 45 ár síðan heimsbyggðin varð vitni að einu krúttlegasta dæmi þess hvernig samtakamáttur Íslendinga á göðum degi getur lyft grettistaki. Rétt fyrir klukkan eitt, fimmtudaginn 4. mars árið 1971, sat hópur Íslendinga í sal uppboðsfyrirtækisins Sotheby's í London með öndina í hálsinum. Á herðum þeirra hvíldi mikil ábyrgð. Þeir voru komnir alla leið til höfuðborgar Bretlands til að kaupa síðasta uppstoppaða geirfluglinn í einkaeigu fyrir hönd íslensku þjóðarinnar.

Geirfluglinn hafði dáið út rúmri öld fyrr. Adeins 80 uppstoppaðir geirfluglar voru til í heiminum. Af þeim voru 79 í eigu safna víða um heim. Líklegt þótti að þetta væri sá síðasti sem yrði nokkurn tímann til sölu.

Stuttu fyrir uppboðið í London kom upp sú hugmynd að hefja landssöfnun hér á landi til að fjármagna kaupin og færa geirfluglinn heim. Undirtektir almennings voru ótrúlegar. Á aðeins fjórum dögum safnaðist myndarleg upphæð. En margir vildu eignast gripinn. Gæti íslenska sendinefndin boðið betur en Du Pont fjölskyldan, ein ríkasta fjölskylda Bandaríkjanna?

Ófleygur í útrýmingarhættu

Geirfluglinn var stór og álkulegur fugl af svartfuglaætt sem gat ekki flogið. Hann lifði við strendur Norður-Atlantshafs, meðal annars á Íslandi. En á 18. öld fór að halla undan fæti. Fuglunum fór snarfækkandi vegna ofveiði. Geirfluglinn var kjötmikill og auðvelt var að handsama hann svona ófleygan.

Það gerði geirfluglinum enga greiða að lenda í því að komast í útrýmingarhættu. Vinsældir hans einfaldlega jukust – allir vildu eignast uppstoppaðan geirflugl áður en það yrði of seint. Síðustu tveir geirfluglarnir voru veiddir í Eldey suður af Reykjanesi sumarið 1844.

Hrópað hátt og snjallt

„Andrúmsloftið var nánast sem rafmagnað,“ sagði Valdimar Jóhannesson, framkvæmdastjóri geirfluglssöfnunarinnar, í samtali við Morgunblaðið eftir uppboðið árið 1971. „Blaðamenn voru fjölmennir og flestir Íslendingar

sem búsettir eru í London voru viðstaddir.“

Fyrsta boð í fuglinn var 500 sterlingspund. „Töluverð spennan var í loftinu og fólk hafði á tilfinningunni að eitthvað mikið stæði til,“ sagði Valdimar.

En fljótt tók að draga úr bjartsýni íslensku sendinefndarinnar. Fulltrúi Du Pont fjölskyldunnar virtist staðráðinn í að hreppa fenginn. „Þegar komið var upp í sex þúsund pund fór Du Pont maðurinn allt í einu upp í átta þúsund pund,“ sagði Valdimar. „Þetta gerði hann ekki eins og venjan er með sérstakri merkjasendingu, heldur stóð upp og hrópaði hátt og snjallt: „Ég býð átta þúsund pund.““

En Íslendingarnir hugðust ekki gefast upp. Þeir buðu níu þúsund pund. „Þegar okkur var sleginn fuglinn dönsuðu landarnir stríðsdans og blaðamenn stormuðu að okkur.“

Séríslenskt snarræði

Nú, 45 árum síðar, er aftur þörf á að við Íslendingar stillum saman strengi og björgum gerssemum sem við erum við það að glata.

Í byrjun vikunnar bárust fréttir af því að Íslandsbanki hefði gefið út ársreikning sinn á ensku. „Við litum svo á að það eigi að vera hægt að nota íslensku til alls,“ sagði Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, í samtali við Fréttablaðið.

Mikið hefur verið rætt um stöðu íslenskunnar síðustu misseri. Eftir því sem talandi tæki á borð við snjallsíma verða fyrirferðarmeiri, því meiri fötfestu nær enskan. Er það mat 200 evrópskra sérfræðinga sem greint hafa stöðu 30 Evrópumála að íslenska sé í næstmestri útrýmingarhættu í stafrænum heimi á eftir maltnesku.

Árið 1971 sýndum við af okkur séríslenskt snarræði og björguðum „síðasta geirfluglinum“. Það var þó því miður eftir að tegundin dó út. Geirfluglinn er nú aðeins safngripur.

Það stefnir allt í að íslenskan hljóti sömu örlög. En það er ekki orðið of seint að gera eitthvað í málinu. Ef allir taka höndum saman – einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld – er allt hægt. Sýnum samtakamáttinn. Látum íslenskuna ekki enda sem safngrip.

Kynning Á fasteignakaupum & Spáni

spánar heimili
PRÍÐI annað heimið

Suðurlandsbraut 30 (baka til) | Sunnudaginn 8. mars kl. 15:00

Er hægt að kaupa fasteign & Spáni á tímum gjaldveyrishafta?
Eru spænskir bankar að fjármagna kaup útlendinga?
Svörum þessum spurningum og öðru því sem brennur á áhugasömum kaupendum.

Skoðunarferðir kynntar!

Suðurlandsbraut 30 (baka til), Sími 5-58-58-58
info@spanarheimil.is, www.spanarheimil.is

4.690.000 kr.

Cosmo, dísel, sjálfskiptur.



OPEL INSIGNIA

ÞÝSKUR OG STÓRGLÆSILEGUR.

Sportlegt útlit og ríkulegur staðalbúnaður.

Opel Insignia er eðalbíll sem sameinar glæsilegt útlit og afburða aksturseginnleika. Insignia hefu það allt; sparneytna vél, sportlegt útlit og ríkulegan staðalbúnað. Þetta er bíll sem þú elskar að keyra. Hann fæst í mörgum útgáfum og meira að segja fjórhjóladrifinn. Kynntu þér Opel Insignia.

benni.is



**Bílahúð
Benna**

Reykjavík
Tangarhöfða 8
590 2000

Reykjanesbær
Njarðarbraut 9
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18
Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík
Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ

Kynntu þér Opel fjölskylduna á opel.is eða á benni.is.
Verið velkomin í reynsluakstur.

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins




Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins kynnr:

Tækni- og vísindaleiðin



- Priggja ára stúdentsleið
- Kennt í lotum
- Bekkjarkerfi
- Samstarf við Háskólann í Reykjavík og valin fyrirtæki úr atvinnulífinu



Pú sækir um á Menntagátt og sendir svo kynningarbréf um þig á hbb@tskoli.is
Nánari upplýsingar á www.tskoli.is

Hunsar Alþingi fullveldi íslensku þjóðarinnar?



Lawrence Lessig
prófessor við
lagadeild Harvard-
háskóla í Banda-
ríkjunum.



Ef lýðræði er vald þjóðar, og ef fullveldi lýðræðisþjóðar byggist á vilja þjóðarinnar, þá er þessi aðferð og þessi stjórnarskrá eins gild og ósvikin og stjórnarskrár annarra ríkja heimsins. Þó hefur Alþingi hafnað því að þessi stjórnarskrá skuli öðlast gildi.

Þegar skoðuð er saga stjórnarskráa um víða veröld kemur í ljós að Bandaríkin skipa þar sérstakan sess. Stjórnarskrá Bandaríkjanna var sú fyrsta sem þjóðin kom sér saman um og samþykkti sérstaklega. Nú hafa Íslendingar bætt um betur og náð stórmerkum áfanga á þessu sviði. Nú hefur þjóð, í fyrsta sinn á sögulegum tímum, samið sér stjórnarskrá með gegnsæjum hætti og samtakamætti, og nýtt til þess tækni sem ekki var til fyrir en á tuttugustu og fyrstu öld. Þó vill svo undarlega til að þessi stjórnarskrá hefur enn ekki öðlast gildi.

Flestum er í fersku minni að eftir fjármálakreppu ársins 2008 hófu íslenskir ríkisborgarar einstakt ferli til þess að endurheimta fullveldi sitt. Eitt þúsund ríkisborgarar voru valdir með slembiúrtaki og komu sér saman um grunngildin sem vert væri að standa um, og svo var farið að semja stjórnarskrá með frjálsri þátttöku þeirra borgara sem vildu taka þátt. Að frumkvæði Alþingis var förinni haldið áfram með því að mæla fyrir um kosningu til sérstaks stjórnlagabings. Riflega fimm hundruð einstaklingar buðu sig fram til þess að sitja á þessu 25 manna þingi sem síðar varð stjórnlagaráð. Fundahöld stóðu yfir í liðlega fjóra mánuði og voru verk stjórnlagaráðs jafnan birt almennu, jafnframt því sem auglýst var eftir athugasemdum og tillögum frá borgurum. Almennungur lagði fram liðlega 3.600 athugasemdir, og

leiddu þær til ótal breytinga. Loka-drög voru samþykkt einróma af öllum fulltrúum stjórnlagaráðs og loks lögð fyrir þingið og þjóðina. Um tveir þriðju kjósenda sögdust vilja þessi drög sem grundvöll að nýrri stjórnarskrá.

Aldrei hafði neitt þessu líkt gerst í sögu stjórnarskrárréttar. Ef lýðræði er vald þjóðar, og ef fullveldi lýðræðisþjóðar byggist á vilja þjóðarinnar, þá er þessi aðferð og þessi stjórnarskrá eins gild og ósvikin og stjórnarskrár annarra ríkja heimsins. Þó hefur Alþingi hafnað því að þessi stjórnarskrá skuli öðlast gildi. Þá kviknar spurning sem hver og einn sem berst fyrir lýðræði um heimsbyggð alla hlýtur að spyrja sig: með hvaða rétti?

Við gerð stjórnarskrárinnar var vissulega gert ráð fyrir því að hún yrði að lokum lögð fyrir Alþingi til samþykktar, rétt eins og drottningin leggur blessun sína yfir skipun ríkisstjórnar Breta. Drottningunni er hins vegar ljóst að valdið sem fylgir þessum rétti hlýtur að vera takmarkað, ef Bretar eiga að teljast lýðræðisþjóðfélög. Sama á við um Ísland. Þegar þjóðin hefur lokið við

stórvirki á borð við þetta, samið stjórnarskrá á viðtækari og opnari hátt en nokkur dæmi eru um í sögu stjórnskipunarréttar og fengið verk- ið staðfest með niðurstöðu ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu, hefur þá Alþingi nokkurt *siðferðislegt* vald til þess að hafna henni?

Vitaskuld eru ekki allir jafn- hrfirnir af öllu sem þar er að finna, enda er lýðræði ekki fyrirheit um fullkomleika, og engin stjórnarskrá hefur nokkru sinni vakið óskipta hrfirningu allra, sem hún varðar. Nægir þar að nefna dæmið um frelsi einnar milljónar afrískra þræla, þegar Bandaríkjamenn samþykktu stjórnarskrá 1808, en það frelsi braut í bága við stjórnarskrána.

Að því er Ísland varðar mætti spyrja hverjum fullveldið tilheyrir. Er þjóðin fullvalda eða er hún það ekki? Ef þjóðin er fullvalda, krefst hún þess þá ekki að vilji hennar sé virtur?

Þetta er vitaskuld spurning sem varðar Íslendinga, en líka heimsbyggð alla. Fullveldishugtakið hefur þróast í tímans rás. Það var hjá guði, hjá konungi, hjá elítu og loks hjá þjóðinni. Þjóðir heims líta hver til annarrar í leit að hugmyndum. Afrek íslensku þjóðarinnar, sem samdi stjórnarskrá með opinu og gegnsæri aðferð, hefur veitt milljónum manna innblástur. Þeir eru þó mun fleiri sem furða sig á andstöðu Alþingis. Þegar Thomas Jefferson var að semja sjálfstæðisfyrirlýsingu Bandaríkjanna talaði hann um „óafturkræfan rétt þjóðar til þess að breyta eða ógilda“ stjórnarskrá. Á því herrans ári 2016 ber okkur að breyta orðum hans til þess að hnykkja á því sem máli skiptir: Það er óafturkræfur réttur þjóðar að breyta, eða ógilda, eða semja stjórnarskrá, að minnsta kosti þar sem valdið er hjá þjóðinni.

Þýðandi: Ólöf Pétursdóttir

Ókeypis heilbrigðisþjónustu



Ólína
Þorvarðardóttir
þingmaður og á
sæti í velferðar-
nefnd Alþingis

Fyrir fáum dögum var athygli mín vakin á málefni manns á besta aldri sem nýlega greindist með 4. stigs krabbamein. Er skemmst frá því að segja að ofan á alvarleg veikindi hefur þessi maður mátt kljást við sjúkrakostnað sem er að sliga hann og fjölskyldu hans. Við lestur bréfsins varð mér hugsað til þess þegar ég bjó sjálf með fjölskyldu minni í Danmörku.

Á þeim tíma kom upp hjá einum fjölskyldumeðlimi heilsuþrestur sem leiddi af sér ferliverk með tilheyrandi rannsóknum og endaði með aðgerð á Hillerød-sjúkrahúsinu á Sjálandi. Ferlinu lauk farsælega án þess að peningaveskið væri dregið upp í eitt einasta skipti eftir fyrstu komu til heimilislæknis.

Eftir heimkomuna til Íslands kom aftur upp heilsuvandamál innan fjölskyldunnar það var ekki alvarlegt og auðleyst. Engu að síður máttum við punda út umtalsverðum fjármunum í lyf, rannsóknir og læknisheimsóknir. Þegar við bættust fjárútlát vegna annarra hversdagslegra heilsufarsmálefna fimm barna, fór ekki hjá því að pyngjan léttist að mun.

Þarna rann upp fyrir mér sá munur sem er á velferðarkerfum Íslands og Norðurlanda. Á þeim

tíma sem liðinn er síðan hefur samanburðurinn ekki batnað hvað okkur Íslendinga varðar.

Vandi heilbrigðiskerfisins

Vandi íslenska heilbrigðiskerfisins hefur farið ört vaxandi undanfarin ár. Hrunið bætti ekki úr skák. Nú, þegar árferði hefur batnað, er átakanlegt að finna skýtingarleysi stjórnvalda gagnvart grunnþáttum velferðarþjónustunnar. Fyrir vikið er að verða rof á þeirri óskrifðu þjóðarsátt að samfélagið skuli standa straum af lækningu og umönnun sjúkra; að það sé síðferðilega rangt að dauðveikt fólk beri sjálft kostnað af veikindum sínum og rannsóknum. Bara ein rannsókn í skanna kostar um 30 þúsund krónur. Þegar við bættast blóðrannsóknir, ómanir, röntgenmyndir, lyfjameðferð og ýmislegt sem fylgir alvarlegum sjúkdómum er kostnaðurinn fljótt farinn að skipta hundruðum þúsunda.

Í Danmörku er heimilislæknirinn alltaf fyrsti viðkomustaður. Fólk greiðir honum lága upphæð. Sé því vísað til sérfræðings og/eða í frekari rannsóknir þarf ekki að greiða fyrir slíkt. Við Íslendingar yfirgáfum hins vegar heimilislæknakerfið fyrir nokkrum áratugum þegar tekin voru upp milliliðalaus samskipti sjúklinga við sérfræðinga. Síðan var að hluta til horfið frá þessu aftur, en erfitt hefur reynst að byggja upp fullnægjandi heilsugæslukerfi á ný, t.d. vegna skorts á heilsugæslulæknum. Já, það getur verið afdrifarikt að fikta í undirstöðum ef menn vita ekki vel hvað þeir eru að gera.

Þess eru of mörg dæmi hérlandis

að sjúklingar séu að sligast undan byrði sjúkrakostnaðar. Hvað er til ráða?

Hvaðan koma peningarnir?

Ef Ísland á að standa undir nafni sem velferðarsamfélag verða stjórnvöld að gyrða sig í brók og endurfjármagna heilbrigðiskerfið. Það er hægt. Við eigum ýmsar tekjulindir sem ríkisstjórnin vill ekki nota. Eg nefni auðlindagjöld á borð við veiðileyfagjaldið sem skilað gæti eitt og sér 6-10 milljörðum í ríkissjóð. Ef ríkisstjórnin hefði þor til að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og opna opinu uppboðsnett með aflaheimildir, þó ekki væri nema með nýjar tegundir eins og makríl, þá kæmu milljarðar að auki.

Auknar arðgreiðslur af bönkum og skynsamleg eignastefna hins opinbera gæti líka skilað umtalsverðum tekjum. Enn bólar ekkert á gjaldtöku ferðaþjónustunnar sem fénýtir þó íslenskar náttúruperlur með sívaxandi ágangi. Þannig mætti áfram rekja ýmsar tekjulindir sem ríkisstjórnin hirðir ekki um að virkja, því á Íslandi hefur nefnilega myndast sú hefð í árunna rás að láta almenning borga frekar en atvinnuvegi og fjármálastofnanir. Nýjasta dæmið um fjárhagsdekur við atvinnuvegi eru búvörusamningar upp á 150 milljarða króna, meðan heilbrigðiskerfið sveltur.

Nú er mál að linni. Nú er ekki bara tímabært, heldur raunhæft, að hverfa af braut einkavæðingar og gjaldtöku í heilbrigðiskerfinu, taka upp eðlilega forgangsröðun síðaðs samfélags og stefna að ókeypis heilbrigðisþjónustu fyrir alla.

IÐNÞING
2016

STÓRA MYNDIN

Öflugur iðnaður – gott líf

Hilton Reykjavík Nordica 10. mars kl. 14.00–16.30

Hvað kennir sagan okkur? Hverjar eru helstu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir og hvað bíður okkar í framtíðinni? Á Iðnþingi stefnum við saman fólki með ólíka sérfræðipækingu til að ræða meginstrauma í samfélagi og atvinnulífi.

Dagskrá

Ávarp Guðrúnar Hafsteinsdóttur, formanns SI
Ávarp iðnaðarráðherra, Ragnheiðar Elínar Árnadóttur

SAGAN

Sagnfræðingarnir Guðni Th. Jóhannesson og Stefán Pálsson ræða saman um sögu iðnaðar og atvinnulífs á léttum nótum

GRÆNU LAUSNIRNAR

Ágúst Torfi Hauksson, framkvæmdastjóri Norðlenska
Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðadals
Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir, fjármálastjóri Carbon Recycling International

TÆKNIBYLTINGIN

Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Business Manager Inside Sales, Marel
Ólafur Andri Ragnarsson, Technical Visionary, Novomatic Lottery Solutions
Soffía Theódóra Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar, Greencloud

FÓLKIÐ

Gestur Pétursson, forstjóri Elkem Ísland
Kristinn D. Grétarsson, forstjóri Orf líftækni
Þórunn Jónsdóttir, deildarforseti viðskiptadeildar HR

STÓRA MYNDIN

Gylfi Gislason, framkvæmdastjóri JÁVERK
Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar
Ólöf Nordal, innanríkisráðherra
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI

Allir velkomnir – skráning á si.is

Að gefnu tilefni

Þingflokkur Bjartrar framtíðar

Víða í Evrópu, meira að segja á Norðurlöndum, hafa þröngsýnir og öfgafullir stjórnmálaflokkar sem ala á útlendingaötta náð fótfestu undanfarið. Í þeim löndum þar sem öfl af þessum toga hafa náð völdum hafa einræðistilburðir í stjórnarháttum fylgt í kjölfarið. Lýðræðið, víðsýnin, manneskjulegt samfélag byggt á mannréttindum og samhygð á undir högg að sækja. Baráttan um opið, frjálst samfélag á sér stað í Evrópu og víðar og hún mun eiga sér stað í sívaxandi mæli á Íslandi.

Við í þingflokki Bjartrar framtíðar teljum mikilvægt að vekja athygli á þessu. Við spáum því að í alþingiskosningum að ári muni öfgaflur af þessu tagi gera sig gildandi hér á landi, í nýjum og gömlum flokkum. Grunnildir eins og þau, að heilbriggt samfélag eigi að rétta fólki í neyð – eins og flóttafólki – hjálparhönd, að ákvarðanir skulu teknar lýðræðislega á grunni upplýsinga, að hleypidómar og hræðsluáróður ráði ekki ferðinni, að við eigum að bera ábyrgð í samfélagi þjóðanna, í sameiginlegri víðureign þeirra við stríðs-ógnir og umhverfisvá – öll þessi gildi eru í hættu. Þau eru ekki sjálfsögð. Að þeim er vegið af öbilgirni, bæði austan og vestan Atlantsála.

Gegn þessu þarf að berjast af staðfestu. Hin góðu gildi þarf að verja, annars grefst undan þeim. Höfum þess vegna eitt alveg á kristaltæru: Björt framtíð mun ætíð berjast af staðfestu gegn fordómum, hræðsluáróðri, útlendingaötta, mannvönsku, forheimsku, einræðistilburðum og óabyrgri þjóðernispopúlistapólitík. Til þess vorum við stofnuð.

Við vildum að þið vissuð þetta. Annars erum við góð.

Raforkuflutningskerfi og nýsköpun: Er framsýni tálsýn eða raunveruleiki?



Magnús Rannver Rafnsson
verkfræðingur

Það er áhugavert stundum að skoða samtímann í ljósi fortíðar og framtíðar. Merkillegt hvernig sumum þjóðum auðnast að horfa til framtíðar á ákveðnum sviðum, athyglisvert hvernig öðrum sem þó búa við sambærileg og jafnvel betri lífsskilyrði tekst það ekki. Ég dáist til að mynda að því hvernig Danir sáu lengra en flestir á niunda áratug síðustu aldar í endurupp-götvun vindorku sem arðvænlegs endurnýjanlegs orkugjafa. Mörg þjóðríki feta nú sömu braut - elta hjörðina – en tekst misvel upp.

Einna merkilegast í þessari framsýni Dana er ekki bara það að þeir átti sig snemma á möguleikum vindorku tæknilega, heldur líka það að þeir gerðu sér grein fyrir að framsetning tækninnar og samspil við umhverfið hefur afgerandi þýðingu. Þá á ég ekki einvörðungu við tillitssemi við landslag og umhverfi heldur líka skilninginn á því hvernig akkúrat það hefur áhrif á hagræna þætti. Sérstaklega flott er það hvernig þessi nálgun við lausn á flóknu umhverfismáli endurspeglast við sjálfar bæjardyr Danmerkur og aðliggjandi þjóðvegi.

Bæjardyr Danmerkur

Fyrir nokkrum árum ferðaðist ég ásamt fjölskyldu frá Kaupmannahöfn upp eftir allri Danmörku á

toppinn til Skagen í norðri og aftur suður, þetta er fjölfarin leið. Þá þegar var ég meðvitaður um þessi brautryðjendaverk danskrar verkfræði og augun því sífellt leitandi í landslaginu. Mér til undrunar var lítið að sjá, en þó inn á milli vindmyllu-hnyppi á stangli hér og þar inni í landslaginu, þar sem örfáar vindmyllur hverju sinni gerðust hluti af landslagi, en tóku það aldrei yfir. Alveg einstaklega fyrirferðarlítið og vel hugsað – ekki tilviljun. Jafnvægi er eitt af lykilorðunum sem gæti átt vel við hér. Þegar graðgin nær völdum, breytist þessi fallega sveitasæla í hryllingsmynd. Jafnvægið sem Danir hafa sýnt að hægt er að ná fram í samspili nútímatækni og náttúru er þá horfið og sveitin er yfirtekin af öskrandi vindtúrbinum í tugatali. Allt er undirlagt og kaffært í massa. Um þetta eru nú þegar mörg dæmi víða.

Við eina aðflugsbrautina á Kast-rup standa hvítar vindmyllur í bláu hafi og mynda einfalda bogadregna línu sem fellur eðlilega að aðflugslínu flugbrautar. Einstaklega flott táknræn mynd – ekki tilviljun. Hvít vindmylla á hvítum stofni er ein sterkasta táknmynd hreinnar endurnýjanlegrar orku í heiminum í dag – heldur ekki tilviljun. Flugfarþegar fá oft góðan tíma í aðfluginu til að skoða þennan tímamóta afrakstur tæknilegrar framsýni gaumgæfilega. Og þeir sem almennt eiga leið um þessar slóðir í bátum og flugvélum komast vart hjá því að taka inn jákvæða, en sanna, ímynd af tæknipækkingu Dana á þessu sviði.

Það hefur vafalaust kostað sitt að komast á þennan stað, ekki síst glíman við sérhagsmunaöfl og niðurrifssegg, sem með upphróp-



Fölgrár hægryðgandi stauraskógur er það besta sem ríkisfyrirtækið Landsnet með alla sína 100 milljarða megnar að bjóða okkur upp á í dag – árið 2016. Og við eigum að fá að njóta þessa í 70 ár í það minnsta, hvert sem farið er. Við hljótum að sjá að þessi aðferðafræði er ekki að ganga upp fyrir okkar samfélag, einokun og fákeppni gerir það aldrei.

unum um tálsýn og blekkingar standa í vegi fyrir framþróun, með persónulega hagsmuni að leiðarljósi. Slíkir menn finnast auðvitað í Danmörku eins og á Íslandi, en Danir virðast hafa lag á að velja framfarir fyrir heildina umfram sérhagsmunagæslu fyrir fáa. Í dag hygg ég að Danir uppskeri á þessu sviði sem aldrei fyrr, jafnvel þótt aðrar stærri þjóðir hafi tekið við keflinu í frekari þróun tækninnar. Þetta var framsýni, er raunveruleiki og engin tálsýn.

Bæjardyr Íslands

Á meðan flugfarþegar sem ferðast um Kast-rup geta dáðst að framsýnni og umhverfisvænni mannvirkjagerð

í aðfluginu, biður flugfarþega sem ferðast um Flugstöð Leifs Eiríkssonar talsvert annar raunveruleiki; háspennufrumskógur. Þeirra biður nefnilega hrúga af stálmöstrum og staurafækjum sem byggja á lausnum frá síðustu öld, yfir tugi og hundruð kílómetra ef fer sem horfir. Þessi upplifun byrjar líka strax í aðfluginu – alveg eins og þegar flogið er til Kast-rup – en heldur svo áfram svo gott sem viðstöðulaust, hvort sem ekið er norður eða suður, yfir hálendið, Sprengisand eða bara til Reykjavíkur; massi af gráu stáli sem marserar í þráðbeinum takti yfir allt og alla. Þetta ætlum við að bjóða okkur sjálfum upp á og vinum okkar ferðamönnum. Þetta er okkar framsýni við uppbyggingu raforkuflutningskerfis framtíðarinnar. Og við ætlum að minna gesti Íslands á það næstu áratugina hvar við stöndum í þessum efnum, bæði þegar þeir koma til landsins og þegar þeir yfirgefa það. Hver ætli eigi heiðurinn af þessu?

Þegar ég sé fyrir mér þessa sviðsmynd sem Landsnet mótar nú fyrir okkur af mikilli elju – ekki síst í réttarsölum – og ber hana saman við þá dönsku, þar sem vindmyllur birtast eins og hvítir svanir á bláu vatni, veit ég að við erum á rangri leið í þessum efnum. Fölgrár hægryðgandi stauraskógur er það besta sem ríkisfyrirtækið Landsnet með alla sína 100 milljarða megnar að bjóða okkur upp á í dag – árið 2016. Og við eigum að fá að njóta þessa í 70 ár í það minnsta, hvert sem farið er.

Við hljótum að sjá að þessi aðferðafræði er ekki að ganga upp fyrir okkar samfélag, einokun og fákeppni gerir það aldrei.

Hvað er til ráða?

DRESSMANN LÆKKAR VERÐ

Frá 1. mars 2016 höfum við stórlækkað verð á flestum okkar vörum vegna afnáms tolla og gengisþróunnar

VERÐDÆMI:

boxer buxur kr. 1990,- áður 2490,- 20% lækkun

skjurtur kr. 6990,- áður 7990,- 12,5% lækkun

Gallabuxur kr. 9990,- áður 11990,- 16,7% lækkun

Dressmann®

SMÁRALIND 5659730 / KRINGLAN 5680800 / AKUREYRI 4627800 / SMÁRALIND XL 5650304



Innovation
that excites

NISSAN PULSAR EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI



VETRARDEKK FYLGJA ÖLLUM
NÝJUM NISSAN PULSAR Í
TAKMARKAÐAN TÍMA

VISIA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.290.000 KR.

ACENTA DÍSIL
EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.590.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:

LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslenskt leiðsögukerfi og samþætting við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðupurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

OPIÐ FRÁ KL. 12–16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Íslensku stelpurnar vantar bara eitt stig til að komast í úrslitaleikinn



Sex stig og sex mörk Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta vann 4-1 stórsigur á Dönum í öðrum leik sínum í Algarve-mótinu í gær en þetta var aðeins annar sigur Íslands á Dönum hjá A-landsliðum karla og kvenna. Íslensku stelpunum nægir jafntefli í lokaleik riðilsins á móti Kanada á mánudaginn til þess að tryggja sér sæti í úrslitaleik mótsins. Hér fagnar Elin Metta Jensen fyrsta marki íslensku stelpunnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNÍNA GUÐBJÖRG

Nýjast

Domino's-deild karla í körfubolta

Pór Þorl. - Njarðvík 80-77

Stigahæstir: Vance Hall 23/10 frákr./7 stoðs., Ragnar Örn Bragason 22, Grétar Ingi Erlendsson 14/14 frákr., Ragnar Nathanaelsson 13/8 frákr. - Jeremy Atkinson 23, Hjörtur Hrafn Einarsson 16, Oddur Rúnar Kristjánsson 14, Maciej Stanislaw Baginski 12.

Efri hluti		Neðri hluti	
KR	32	Njarðvík	22
Keflavík	28	Snæfell	16
Stjarnan	28	Grindavík	16
Haukar	26	ÍR	12
Pór Þorl.	24	FSu	6
Tindastóll	24	Höttur	6

Algarve-mótið í fótbolta

Ísland - Danmörk 4-1

1-0 Elin Metta Jensen (10), 2-0 Sjálfsmark (11.), 2-1 (52.), 3-1 Sandra Maria Jessen (59.), 4-1 Hólmfríður Magnúsdóttir (90.+3). Dagný Brynjarsdóttir var fyrirliði í fyrsta sinn en 10 breytingar voru gerðar á byrjunarliðinu frá í sigrinum á Belgum á miðvikudaginn.

Riðill eitt		Riðill tvö	
Ísland	6 (6-1)	Brasía	6 (4-1)
Kanada	3 (1-1)	Rússland	4 (1-0)
Danmörk	3 (2-4)	Nýja-Sjáland	1 (0-1)
Belgía	0 (1-3)	Portúgal	0 (1-4)

ÚTKALL HJÁ GERPLU OG MIKIL SPENNA Í BIKARNUM

WOW bikar FSÍ í hópímleikum fer fram í Ásgarði í Garðabæ á morgun en keppnin hefst klukkan 12.20. Gríðarleg spenna er fyrir mótinu í ár. Gerpla hefur unnið bikarinn 11 ár í röð en Stjarnan hefur orðið hlutskarpari síðastliðin tvö stórmót. Gerpla kallaði tvo keppendur heim úr námi í Danmörku til að keppa með liðinu, auk þess sem Glódís Guðgeirsdóttir hefur tekið Gerplugallann úr hillunni. Gerpla leggur allt í sölnar til að stöðva sigurgöngu Stjörnunnar og halda tókum sínum á bikarnum.



Stærsti grannaslagurinn í 45 ár

Tottenham tekur á móti Arsenal í Norður-Lundúnaslagnum. Hann hefur gríðarlega þýðingu fyrir titilbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar en Arsenal, sem hefur fatast flugið, má ekki við því að tapa enn einu sinni.

FÓTBOLTI Það er stór dagur fram undan í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar. Hann hefst á Norður-Lundúnaslag Tottenham og Arsenal á White Hart Lane en í þetta sinn er meira en bara stoltið í slag þessara erkifjenda í húfi. Niðurstaðan getur haft mikil áhrif á titilbaráttu deildarinnar.

Spútniklið Leicester er enn á toppi deildarinnar með dágóða forystu á næstu lið, þrátt fyrir að liðið mátti sætta sig við jafntefli gegn West Brom í vikunni. Þrjú næstu lið á eftir – Tottenham, Arsenal og Manchester City – töpuðu nefnilega öll sínum leikjum.

Tottenham er sem stendur þremur stigum á eftir Leicester en Arsenal, sem hefur unnið aðeins tvo af síðustu átta deildarleikjum sínum, er í þriðja sæti sex stigum á eftir.

Taflinu snúid við

„Þetta er stærsti Norður-Lundúnaslagur frá upphafi,“ sagði Martin Keown, fyrrverandi leikmaður Arsenal, í samtali við enska blaðið Daily Mail í vikunni. Það má færa rök fyrir því að slagurinn sé sá stærsti í að minnsta kosti 45 ár, en árið 1971 vann Arsenal titilinn með 1-0 sigri á White Hart Lane. Arsenal endurtók leikinn á sama velli árið 2004 en þá var liðið ósigrað allt tímabilið og tryggði sér titilinn með 2-2 jafntefli þegar nokkrar umferðir voru óleiknar. Síðan þá hefur Arsenal ekki orðið Englandsmeistari á ný.

Nú hefur taflinu verið snúid við. Tottenham á í fyrsta sinn í áraraddir göðan möguleika á titlinum en liðið hefur ekki orðið meistari síðan 1961

Leikmenn eru ekki vélmenni. Viðhorf okkar er rétt og baráttan í lagi.

Mauricio Pochettino, knattspyrnustjóri Tottenham



+27

Markatala Tottenham er sú besta í deildinni, 49-22. Eitt lið, Leicester, hefur skorað fleiri mörk en ekkert hefur fengið færri mörk á sig.

Arsene Wenger hefur ekki orðið Englandsmeistari í tólf ár með lið sitt, Arsenal.



en síðan þá hafa erkifjendurnir rauðklæddu lyft meistarabikarnum sex sinnum.

„Þetta er tímabilið sem getur breytt öllu,“ sagði Keown. „Þegar ég var að spila var Tottenham alltaf að reyna að koma í veg fyrir að við myndum vinna nokkuð. Það var það eina sem skipti þá máli.“

Hann segir að nú sé allt önnur staða komin upp. „Ef að þeir vinna þá gæti Tottenham endað fyrir ofan Arsenal í fyrsta sinn eftir að Arsene Wenger tók við og unnið deildina í þökkabót. Arsenal hefur reynt að vinna titilinn undanfarin tólf ár.“

Leikmenn eru ekki vélmenni

Tottenham missti af dauðafæri í vikunni til að tylla sér á topp deildarinnar eftir jafntefli Leicester. Þeir hvítklæddu töpuðu fyrir öðru Lundúnafelagi, West Ham, en stjórinn Mauricio Pochettino segir að það hafi aðeins verið slys og að leikmenn hans finni ekki fyrir neinni sérstakri pressu vegna þeirrar stöðu sem liðið er nú í.

„Okkur leið betur þegar við höfðum greint leikinn morguninn eftir. Mér leið illa eftir leikinn en í dag er ég ánægður því leikmennirnir sýndu baráttuvilja,“

sagði Pochettino og benti á að síðastliðinn sunnudag átti Tottenham 34 marktilraunir gegn Swansea.

„Swansea vann svo Arsenal [á miðvikudaginn]. Það er erfitt að útskýra svona lagað. Þetta er bara eitthvað sem gerist. Leikmenn eru ekki vélmenni. Viðhorf okkar er rétt og baráttan í lagi.“

Í of göðu sæti

Arsenal-göðsögnin Thierry Henry hafði orð á því í skoðanaplisti sínum í The Sun að hann hefði aldrei orðið var við jafn mikla gremju hjá stuðningsmönnum Arsenal og í 2-1 tapinu gegn Swansea í vikunni.

„Hann hefur sínar skoðanir. En hann getur ekki sagt til um reiði áhorfenda því hann situr í bestu sætunum á vellinum,“ sagði Wenger og gerði lítið úr öllu saman. Hann hefur ekki áhyggjur af því að stuðningsmenn hafi snúid baki við liðinu, þrátt fyrir þrjú tapleiki í röð í öllum keppnum og minnkandi möguleika liðsins á langbráðum meistaratitli. „Stuðningsmennirnir munu ávallt styðja okkur. Ég hef engar áhyggjur af öðru, sérstaklega í þessum leik. Það er undir okkur komið að færa þeim meiri trú. Sjálfstraustið hefur orðið fyrir höggi hjá okkur. Eins og ávallt þá gerum við 98 prósent rétt en við þurfum að finna hin tvö prósentin.“

Takist Tottenham að leggja erkifjendur sína að velli í hádeginu í dag kemst liðið á topp deildarinnar, að minnsta kosti um stundarsakir en Leicester mætir Watford á útivelli klukkan 17.30. eirikur@frettabladid.is

Í dag

11.50 Stjarnan - ÍBV	Sport 2
12.34 Tottenham - Arsenal	Sport
14.25 Augsburg - Leverkusen	Stöð 3
14.50 Man. City - A.Villa	Sport 2
14.50 Chelsea - Stoke	Sport
14.50 Everton - West Ham	Sport 6
14.50 Swansea - Norwich	Sport 3
14.50 Swansea - Norwich	Sport 3
14.55 Southampton - Sunderl.	Bravó
15.55 Veszprém - Wisla	Sport 4
17.20 Watford - Leicester	Sport 2
17.25 Dortmund - Bayern	Sport 2
19.25 Barcelona - Löwen	Sport
03.00 UFC: McGregor - Diaz	Sport

Á morgun

13.20 C. Palace - Liverpool	Sport
13.55 Atlanta - Juventus	Sport 3
13.55 Frosinone - Udinese	Sport 4
14.55 Eibar - Barcelona	Sport 2
15.50 WBA - Man. United	Sport
17.00 WGC: Cadillac	Golfstöðin
19.40 Inter - Palermo	Sport
13.30 Afturelding - Stjarnan	Varmá
13.30 HK - Gróttá	Digranes
14.00 Selfoss - ÍR	Selfoss
14.00 ÍBV - Valur	Eyjar
15.00 Fjölnir - KA/Þór	Dalhús
16.00 Víkingur - Akureyri	Víkin
17.00 Fram - FH	Framhús
18.00 Haukar - Fylkir	Ásvellir
18.30 Höttur-Þór Þ.	Egilsstaðir
19.15 KR-FSu	DHL-höllin
19.15 Snæfell-Stjarnan	Stykkish.
19.15 Tindastóll-Grindav.	Síkið



7 ára ábyrgð á öllum
nýjum Kia bílum

www.kia.com

Farðu alla leið – rafmagnaður lúxus



Brandenburg

Ný sending komin



The Power to Surprise

Reynsluaktu vel útbúnum Kia Soul EV Luxury

Vorið er rétt handan við hornið og ekki langt í að fólk fari að huga að stuttum ferðum út úr bænum. Því kynnum við rafmagnaðan og vel útbúinn Kia Soul EV **Luxury** sem kemur þér og þínum á leiðarenda — yfir 212 km drægni við kjöraðstæður. Hann er flottur, lipur og státar m.a. af leðuráklæði, bakkmyndavél og íslensku leiðsögukerfi.

Helsti staðalbúnaður

- Íslenskt leiðsögukerfi
- Leðuráklæði
- Bakkmyndavél og 8" snertiskjár
- Lyklalaust aðgengi
- LED ljós að framan og aftan
- Fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- Hiti í öllum sætum
- Kæling í framsætum
- Hiti í stýri
- Handfrjáls búnaður (Bluetooth)
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Og ótal margt fleira...

Kia Soul EV rafbíll bíður þín í Öskju. Komdu og prófaðu.

Verð **4.490.777 kr.**

Útborgun aðeins 10% eða **449.077 kr.**

Kia Soul EV Luxury — rafbíll, sjálfskiptur.



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölur- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

AMERÍSKUR FÓTBOLTI Í KÓRNUM

Einherjar, eina íslenska liðið sem stundar amerískan fótbolta, mætir norsku meisturunum í Ásane Seahawks, í Kórnum í Kópavogi klukkan 21.00 í kvöld. Er þetta í fyrsta sinn sem Einherjar taka þátt í alþjóðlegum leik í íþróttinni og Bergþór Phillipp Pálsson, einn forráðamanna félagsins, segir að spennan sé mikil.



„Við eigum von á fullt af fólki í stúkuna og það eru margir sem hafa beðið lengi eftir að fá þennan leik,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið í dag.

Einherjar var stofnað árið 2009 en í dag mæta um 40 manns reglulega á æfingar. Þá er einnig til ungmenningahópur sem æfir sérstaklega en um 20-30 strákar eru í honum.

STYRKARLEIKUR FYRIR ABEL Úrvalslið ÍBV og vina markvarðarins Abel Dhaira mætir úrvalsliði Pepsi-deildar karla í styrktarleik fyrir markvörðinn sem glímir nú við krabbamein í kviðarholi. Abel hefur spilað með ÍBV í alls fjögur tímabil en meinið




uppgötvaðist í desember síðastliðnum. Síðan þá hefur hann veikt mikið á skömmum tíma. „Það er kostnaðarsamt að verða veikur og við viljum hjálpa honum eins og við getum,“ sagði Páll Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóri og Eyjamaður, í samtali við íþróttadeild um leikinn sem fer fram í Kórnum klukkan 12.30 í dag. Veikindin hafa vitanlega verið Abel afar erfið en hann gladdist mjög þegar hann heyrði af leiknum sem verið var að skipuleggja fyrir hann.

„Hann fylltist gleði og táraðist þegar við sögðum honum frá þessu. Við erum með þessu að rétta honum hjálparhönd, bæði andlega og eitthvað smávegis fjárhagslega líka.“

GUÐJÓN GEGN LJÓNUNUM

Um helgina fer fram lokaumferð riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu en í B-riðli eigast við lið Barcelona og Rhein-Neckar Löwen. Guðjón Valur Sigurðsson er á mála hjá Barcelona en gengur í raðir Löwen í sumar.



Bæði lið eru örugg áfram í næstu umferð en Börsungum dugir jafntefli til að vinna riðilinn og komast beint í 8-liða úrslitin. Leikurinn hefst klukkan 19.30 og verður sýndur beint á Stöð 2 Sport.



Conor slær hér til Diaz og í kjölfarið varð allt vitlaust. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lofar enn einu rothögginu

Conor McGregor stígur inn í búrið í Las Vegas í nótt. Hann er búinn að vinna fimmtán bardaga í röð og ætlar sér að rota Nate Diaz í fyrstu lotu. Conor hefur rotað andstæðinga sína 17 sinnum í 19 sigrum.

UFC Það er risakvöld í UFC í nótt þar sem Írinn og Íslandsvinurinn Conor McGregor er aðalnumerið. Í næststærsta bardaga kvöldsins mun Holly Holm verja titil sinn í fyrsta sinn síðan hún rotaði Rondu Rousey. Hún mun mæta vinkonu sinni Miesha Tate.

Conor er handhafi fjaðurvigtarbeltisins og ætlaði sér að vera sá fyrsti í sögu UFC sem er með belt í tveim þyngdarflokkum á sama tíma. Hann átti upphaflega að berjast við léttvigtarmeistarann Rafael dos Anjos um léttvigtarbeltið en Dos Anjos dró sig úr bardaganum með ellefu daga fyrirvara er hann meiddist.

Upp um tvo þyngdarflokka

Í stað Dos Anjos kemur hinn litríki Nate Diaz. Hann er í léttvigt, eins og Dos Anjos, en þar sem hann hafði ekki mikinn tíma til að undirbúa

sig, og léttu sig, þá fer bardaginn fram í veltivigt. Conor fer sem sagt upp um tvo þyngdarflokka sem er fáheyrð. Hann er þegar farinn að tala um að taka heimsmeistarabeltið í veltivigtinni líka. Þessi bardagi er þó ekki um neitt belt.

Báðir bardagamenn eru þekktir strigakjafftar en Írinn hefur þó pakkad Diaz saman í orðastríðinu. Það sauð svo upp úr á milli þeirra eftir blaðamannafundinn á fimmtudag. Þá setti Diaz höndina framan í Írann sem svaraði með því að lemja hann fast í höndina. Þá varð fjadinn laus en fjöldi fileldra öryggisvarða kom í veg fyrir að bardaginn hæfist þá.

Allir hafa skoðun á Conor

Írinn kjafftfori hefur skotið sjálfum sér upp á stjörnuhimininn á methrada með magnaðri frammistöðu innan sem utan vallar. Hann rifur meiri kjafft en allir aðrir og stendur

síðan við stóru orðin inni í hringnum. Fólk elskar að horfa á hann bæði keppa og tala.

Hann er með aðdráttarafi sem örfáir íþróttamenn hafa. Hann er íþróttamaður sem fólk annaðhvort elskar eða elskar að hata. Allir hafa skoðun og allir vilja horfa. Líka þeir sem þola hann ekki og biða eftir að fagna er hann tapar. Þökk sé honum er UFC að raka inn peningum sem aldrei fyrr. McGregor fær líka vænan skerf af peningunum og er duglegur að eyða þeim.

Unnið 15 bardaga í röð

McGregor tapaði síðast í lok nóvember árið 2010. Það var hans sjötti bardagi á ferlinum. Þá var hann 4-2. Nú er hann 19-2 og búinn að vinna fimmtán bardaga í röð. Sautján af þessum nítján sigrum hafa komið eftir rothögg. Það segir sína sögu um kraftinn í Írannum.

„Ég er búinn að jarða þrjá menn í eyðimörkinni í Las Vegas. Nú er komið að þeim næsta. Eini munurinn á Nate og hinum er að Nate þarf stærri gróf,“ sagði Írinn kokhraustur að vanda.

Hann er oft kallaður „Mystic Mac“ því hann spáir alltaf rétt um útkomu bardaga sinna. McGregor segist ætla að rota Diaz í fyrstu lotu en vonast þó eftir því að þessi bardagi standi lengur en sá síðasti. Þá rotaði McGregor meistarann í fjaðurvigtinni, Jose Aldo, á 13 sekúndum.

„Ég vona að Nate nái að endast lengur. Ég vil endilega sýna aðdáendum mínum hluti sem ég hef verið að æfa og vil leika mér að honum. Nate verður samt kláraður í fyrstu lotu.“

Bardagakvöldið verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og hefst útsending klukkan þrjú í nótt. –hbg



 Verk og vit 2016

Verið velkomin á bás
B1

VERKFERA
SALAN



**FILIPPO
BERIO®**

Freint meistaraverk





Þær Eirný og Hlédis héldu fyrsta matarmarkaðinn fyrir um fimm árum. Síðan þá hefur hann vaxið mikið og farið frá því að vera haldinn í litlu tjaldi yfir í að vera í Hörpunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Matur beint frá býli í Hörpu

Matarmarkaður Búrsins fer fram í Hörpu um helgina. Um fimmtíu framleiðendur selja vörur sínar milliliðalaust. Aðstandendur vilja hvetja fólk til að mæta með börn á markaðinn og leyfa þeim að kynnst uppruna vörunnar.

Viktoría
Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Það myndast svo mikil stemming á markaðnum og það er ekki síður það sem gerir þetta svona skemmtilegt," segir Hlédis Sveinsdóttir. Hún, ásamt Eirnýju Sigurðardóttur, stendur fyrir Matarmarkaði Búrsins sem haldinn er í Hörpu um helgina.

Markaðurinn var haldinn fyrst fyrir fimm árum og hefur vaxið töluvert síðan þá. Fyrst var hann haldinn í litlu tjaldi fyrir utan sælkeraverslunina Búrið en verður núna haldinn í áttunda sinn í Hörpu. „Núna eru þetta um 50 framleiðendur sem taka þátt en þeir voru fimmtán fyrst. Þetta hefur stækkað hratt, þegar við förum fyrst að tala um þetta þá fannst okkur vanta þessa matarmarkaðsstemningu á Íslandi. Við kylðum bara á þetta og héldum fyrsta markaðinn

fimm dögum seinna. Okkur óraði ekki fyrir því þá að þetta myndi stækka svona fljótt," segir Hlédis.

Á matarmarkaðnum gefst fólki kostur á að kaupa vöru beint af framleiðenda. Allar vörur sem seldar eru á markaðnum eru framleiddar hér á landi. Ýmislegt verður til sölu; kjöt, fiskur, brauð, konfekt, brjóstsykur og krydd, svo eitthvað sé nefnt. „Þorgrímur á Erpsstöðum er til dæmis að selja, hann býr sjálfur til ís sem hann selur í brauðformi á markaðnum.

Ómar frá Hornafirði verður líka þarna en hann veðir sjálfur, verkar, reykir og selur svo fiskinn," segir Hlédis en framleiðendum sem taka þátt hefur fjölgað mikið. „Það er mismunandi hvaða framleiðendur taka þátt hverju sinni og nú er fólk farið að mæta til að kaupa eitthvað sem það keypti á síðasta markaði.“

Hlédis segir aukna vitund vera um að kaupa beint frá býli, vörur sem þú veist hvaðan koma og hvað er í þeim. „Það er okkar að uppfræða næstu

kynslóð. Það skiptir máli hvernig er farið með skepnuna. Það er margt í þessu sem við þurfum að huga að. Við viljum endilega hvetja fólk til að koma með börn á markaðinn. Leyfa þeim að upplifa, smakka og ræða við þau um uppruna og innihald matar. Við stoppum t.d. ekki matarsóun nema að kenna þeim að bera meiri virðingu fyrir matnum.“

Matarmarkaðurinn er opinn bæði laugardag og sunnudag frá kl. 11-16 og aðgangur er ókeypis.

EXPRESS VAXSÆTUR

VINNUR ÞÚ FIESTA GO HLJÓÐKERFI
HEPPINN FACEBOOK VINUR VINNUR FIESTA GO FRÁ TRUST






EINA SEM ÞARF AÐ GERA ER AÐ TELJA PÁSKA-KANÍNUR Í NÝJA BÆKLINGNUM OKKAR OG SMELLA SVARINU Á FACEBOOK SÍÐU TÖLVUTEK

8BLS BÆKLINGUR
STÚTFULLUR AF NÝJUM SJÓÐHEITUM VÖRUM!

LEIKJADEILDIN FERMINGAR VEISLA
VÖRUM AÐ OPNA NÝJA LEIKJAEILD Í HALLARMÚLANUM
LAR FLÖTTUSTU GRÆJURNAR Í TÖLVUTEK)

TÖLVUTEK
Leikur

VÖRUM AÐ OPNA NÝJA LEIKJAEILD Í HALLARMÚLANUM



Miðborgin lifnar við

LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Miðborgin skiptir nú hægt og rólega um lit eftir veturinn. Njótið alls sem hún hefur upp á að bjóða á löngum laugardegi í dag. Þar má finna iðandi mannlíf, spennandi uppákomur og gnægð verslana og veitingahúsa sem bjóða upp á fjölbreytt úrval.

Fimmtudagskvöldið 10. mars verður svo tiskunni gert hátt undir höfði á hinni árlegu Tískuvöku í miðborginni, þar sem verslanir verða opnar til kl. 21:00.

Viðburðir í mars:

- 2. - 6. mars - Food and Fun
- 10. mars - Tískuvaka í miðborginni
- 10. - 12. mars - Reykjavík Folk Festival
- 10. - 13. mars - HönnunarMars



Bergstaðir
Kolaport
Ráðhúsið
Stjörnuport
Traðarkot
Vesturgata
Vitatorg



ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ

MÍÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MÍÐBORGIN.IS —



Margir karlmenn ofmeðhöndlaðir

Laufey Rún Tryggvadóttir prófessor hefur ásamt öðrum rannsakað hvernig má með betri hætti greina krabbamein í blöðruhálskirtli. Of oft eru gerðar óþarfar aðgerðir.

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is
Viktoría
Hermannsdóttir
viktorija@frettabladid.is



Því miður má segja að verið sé að skera menn upp að óþörfu. Vandinn er sá að meirihluti karlmanna yfir fimmtugu er með sofandi krabbamein í blöðruhálskirtlinum. Þetta veit fólk ekki almennt því hugtakið sofandi mein er tiltölulega nýlegt í sambandi við krabbamein. Það kemur á óvart að raunveruleg krabbamein geti verið sofandi og þar af leiðandi meinlaus," segir Laufey Tryggvadóttir, klínískur prófessor við læknadeild og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Krabbameinsfélags Íslands.

Stærstur hluti meina sefur

Viða um heim hafa vísindamenn reynt að finna leiðir til að greina lífsógnandi krabbamein í blöðruhálskirtli frá þeim sem eru sofandi. Blöðruhálskirtilskrabbamein er algengasta krabbameinið hjá körlum. Um 80% þessara meina eru staðbundin og þá er gjarnan grípið til róttækrar meðferðar svo sem skurðaðgerðar.

En stærstur hluti staðbundnu meinanna mun sofa í líkamanum án þess að valda skaða. Þar sem ekki eru enn til aðferðir til að greina þau frá þeim sem eru lífshættuleg eru margir karlmenn ofmeðhöndlaðir. Stór hluti karlmanna sem gangast undir aðgerð þarf að glíma við lífs-gæðaskerðingu vegna alvarlegra aukaverkana sem koma til vegna viðkvæmrar staðsetningar kirtilsins. Dæmi um algengar aukaverkanir eru langvarandi þvagleki og risvandamál.

Laufey hefur ásamt syni sínum Tryggva Þorgeirssyni og vísindamönnum frá Harvard birt niður-

stöður nýrrar rannsóknar þar sem opnað er á nýja möguleika til að greina milli sofandi og lífsógnandi meina.

„Sá sem fékk hugmyndina upphaflega var Tryggvi, sem er læknir og hefur lokið lýðheilsunámi frá Harvard-háskóla. Tryggvi fékk styrk til rannsóknarinnar frá krabbameinsfélaginu Framför sem var stofnað af Oddi Benediktssyni, en hann lést af völdum blöðruhálskirtilskrabbameins fyrir nokkrum árum og var afar kröftugur liðsmaður í baráttunni við krabbamein.“

Hugmyndin að nýju rannsókninni kviknaði í kjölfar niðurstaðna Krabbameinsfélagsins og Landspítalans sem birtust árið 2007. „Við sýndum í fyrsta sinn í heiminum fram á að mönnum sem eru með BRCA2 stökkbreytingu vegnar mun verr en öðrum körlum ef þeir fá krabbamein í blöðruhálskirtil. Fyrir þessa menn er mjög mikilvægt að fara frá tiltölulega ungum aldri í svokallaðar PSA-mælingar og fá róttæka meðferð ef þeir greinast, því þar er ekki um sofandi mein að ræða," útskýrir Laufey.

„Þótt meirihluti karla fái sofandi mein virðist það vera sjaldgæft eða kannski ekki gerast ef þeir eru með stökkbreytt BRCA2 gen, en um 0,8% Íslendinga fæðast með stökkbreytinguna og framleiða þar af leiðandi minna af BRCA2 próteininu í vefjum sínum en gengur og gerist.“

BRCA2 genið verndar okkur

Nýja rannsóknin byggir á þessari vitneskju þótt hún snúi að mönnum sem ekki eru með stökkbreytingu í BRCA2 geninu. „Hið merka BRCA2 prótein gegnir mikilvægu hlutverki við að vernda okkur gegn krabbameinum. Fyrst menn sem höfðu arfgenga tilhneigingu til að framleiða minna af því höfðu slæmar horfur, þá gekk nýja rannsóknin út á að kanna hvort breytileiki í magni próteinsins í



Laufey Tryggvadóttir framkvæmdi rannsóknina ásamt syni sínum og vísindamönnum við Harvard. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



HIÐ MERKA BRCA2 PRÓTEIN GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI VIÐ AÐ VERNDA OKKUR GEGN KRABBAMEINUM.

vef nýgreindra sjúklinga gæti spáð fyrir um horfur. Það reyndist rétt vera, því magn og staðsetning próteinsins spáði fyrir um framgang sjúkdómsins hjá sjúklingum sem

ekki voru með stökkbreytingu.“

Niðurstöðurnar opna fyrir möguleika á að nota mælingu á próteininu til að greina milli sofandi og lífsógnandi meina. „Nú erum við

á undirbúa framhaldsrannsókn, til að fylgja niðurstöðunum eftir og auka forspárgildið, í samstarfi við vísindamenn á Landspítala og við Læknadeild Háskóla Íslands.“

Óréttlæt看anlegt að hafa ekki samband við alla



ÞAÐ Á AÐ

LÍTA Á

ÞETTA

SEM ÓVIN

ÞESSARAR

ÞJÓÐAR

NÚMER EITT.

Kári Stefánsson,
forstjóri Decode

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, hefur barist fyrir því að fólk sem er með stökkbreytingu á BRCA2 geni verði látið vita af því í forvarnarskyni.

„Ef þú ert karlmaður með þessa stökkbreytingu er þrisvar og hálfu sinni meiri líkur á því að þú fái blöðruhálskirtilskrabbamein heldur en ef þú ert ekki með stökkbreytinguna," segir Kári.

„Ef þú ert með stökkbreytinguna ertu sjö sinnum líklegri til að deyja af blöðruhálskirtilskrabbameini en ef þú ert ekki með hana. Ef þú ert með blöðruhálskirtilskrabbamein er tvisvar sinnum líklegra að þú deyir af því ef þú ert með stökkbreytinguna.“

Barist í mörg ár

„Ég er búinn að berjast fyrir því með kjafti og klóm í mörg ár að það

se haft samband við þá sem hafa stökkbreytinguna, konur og karla. Við sem samfélag höfum dregið fæturna þegar kemur að þessu. Konur sem eru með þessa stökkbreytingu eru þrisvar sinnum líklegri til þess að deyja fyrir sjötugt heldur en konur sem eru ekki með hana. Æviskeið þeirra styttest að meðaltali um 12 ár. Þær eru með 86% líkur á að fá banvænt krabbamein. Þetta er slíkur ógnvaldur við líf þessara kvenna að mér finnst það óréttlæt看anlegt að hafa ekki samband við alla sem við getum.

Karlmenn sem eru með þessa stökkbreytingu, þeir eru með 70 og eitthvað prósent líkur á því að fá krabbamein almennt. Þeir eru með 36% líkur á að fá blöðruhálskirtilskrabbamein. Æviskeið þeirra styttest að meðaltali um um 7 ár," heldur Kári áfram.

Eigum að elta fólkíð uppi

„Þannig mér finnst þessi stökkbreyting vera þess eðlis að það eigi að líta á þetta sem óvin þessarar þjóðar númer eitt. Við eigum að berjast fyrir því með því að elta uppi þetta fólk og gera það sem nauðsynlegt er til þess að minnka þá hættu sem að þessu fólkí steðjar.“

Hann segir þá sem séu á móti þessu hafa sagt að fólk hafi rétt á því að vita ekki að það sé með stökkbreytinguna. „Ég er þeirrar skoðunar og allflestir, að þetta sé slík hætta að rétturinn til þess að vita ekki sé hjóm við hliðina á möguleikanum á að bjarga lífi. Ég er 100% viss um að það er ekki ein einasta kona sem hefur verið í þann veginn að deyja af brjóstakrabbameini af völdum þessarar stökkbreytingar, sem hefði ekki viljað vita það fyrir, þannig að eitthvað væri hægt að gera.“



FYRIR GÆLUDÝRIN
EGRA VERÐI

Gæludýr
allt fyrir hunda,
fiska, fugla og n
otra verði

20%
kynningarafsláttur
af öllu fóðri og
gæludýravörum



OPNUNARHÁTÍÐ

opnum glæsilega gæludýraverslun í Skútuvogi

Komdu við í Blómavali

Dagskrá alla helgina frá kl. 13-16

- Sleðahundadeild Ísland mætir á svæðið börnin fá ferð með sleðahundum í sérstökum vagni.
- Hundapjálfari verður á staðnum hundapjálfari gefur góð ráð.
- Kanínur, degúar, naggrísir, hamstrar og mýs koma í heimsókn og börnin fá að klappa og skoða.
- Flottir fuglar koma í heimsókn
- Dýrahjálpi Íslands kíkir í heimsókn og kynnir starfsemi sína.



Fuglar koma í heimsókn



Hundapjálfari gefur góð ráð



Börnin fá að klappa kanínum



Túlípanar 10 stk.
999 kr
~~1.490 kr~~
Gildir í Blómavali um land allt

Allir fá ís í brauði á laugardaginn frá kl. 13-16



blómaval

HVAÐ ER BLÖDRUHÁLSKIRTILSKRABBAMEIN?



Blöðruhálskirtill er líffæri sem er eingöngu í körlum. Karlkynshormón stýra vexti hans og undir eðlilegum kringumstæðum er kirtillinn á stærð við valhnetu. Blöðruhálskirtillinn er fyrir framan endaparminn, undir þvagblöðrunni og umlykur efri hluta þvagrásarinnar. Hlutverk hans er að framleiða sáðvökva, sem verndar og nærir sáðfrumur. Nokkrar tegundir af frumum finnast í blöðruhálskirtli en krabbameinin eru langoftast af kirtilfrumugerð. Stundum getur krabbameinið vaxið hratt og dreift sér til annarra líffæra en langflest vaxa hægt.

BLÖDRUHÁLSKIRTILSKRABBAMEIN ER ALGENGASTA KRABBAMEIN MEÐAL KARLA

200 KARLAR GREINAST AÐ MEÐALTALI Á ÁRI MEÐ BLÖDRUHÁLSKIRTILSKRABBAMEIN



70 ÁR ER MEÐALALDUR VIÐ GREININGU EN MEINIÐ ER SJALDGÆFT HJÁ KÖRLUM UNDIR FIMMTUGU

90% ÞEIRRA SEM GREINAST LIFA Í FIMM ÁR EÐA LENGUR EN FYRIR UM FJÓRUM ÁRATUGUM VAR ÞETTA HLUTFALL UM 35%

Helstu einkenni

Oft eru engin einkenni. Stækki meinið getur það þrýst á þvagrásina og valdið einu eða fleiri einkennum:

- Þvagtrögða
- Erfiðleikar að byrja þvaglát
- Kraftlítil þvagbuna
- Dropar í lok þvagbunu og/ eða erfitt að tæma þvagblöðruna.
- Tíð þvaglát, sérstaklega um nætur.
- Blöðrubólga, verkur eða óþægindi við þvaglát.
- Blóð í þvagi eða sáðvökva.

Góðkynja sjúkdómar í blöðruhálskirtli eru þó algengasta orsök þessara einkenna. Einkenni sem ágerast hratt eða koma fram hjá körlum undir fimm-tugu þarf alltaf að rannsaka.

Hafi krabbameinið dreift sér til annarra líffæra getur það valdið eftirfarandi einkennum:

- Beinverkir í mjöðmum, mjaðmagrind, hryggsúlu eða lærleggjum.
- Preyta og slappleiki.
- Þyngdartap.



Angelina Jolie lét fjarlægja bæði brjóst sín og eggjastokka. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Lét fjarlægja brjóstin vegna BRCA1

Leikkonan Angelina Jolie tilkynnti í grein í The New York Times árið 2013 að ótti hennar við krabbamein hefði orðið til þess að hún lét fjarlægja bæði brjóst sín.

Um var að ræða fyrirbyggjandi aðgerð. Móðir Angelínu lést vegna brjóstakrabbameins og er leikkonan með sams konar stökkbreytingu í BRCA1 geni sínu.

Stökkbreytingar í BRCA1 og BRCA2, sem um er rætt í samhengi við blöðruhálskirtilskrabbamein, hafa svipuð áhrif. Það er að segja, þau auka verulega líkur á brjóst- og eggjastokkakrabbameini. Stökkbreyting í BRCA2 eykur einnig líkurnar á blöðruhálskirtilskrabbameini, eins og fram hefur komið.

Angelina, sem skrifaði um málið í The New York Times, sagði þessa staðreynd hafa ráðið úrslitum.

„Móðir mín barðist við krabbamein í tæp tíu ár og dó 56 ára. Læknarnir mínir áætluðu að það væru 87 prósent líkur á því að ég fengi brjóstakrabbamein og 50 prósent líkur á því að ég fengi eggjastokkakrabbamein,“ skrifar Angelina í pistlinum.

„Ég skrifa um þessa reynslu mína til að miðla því til annarra kvenna að þrátt fyrir að sú ákvörðun að láta fjarlægja brjóstin hafi ekki verið auðveld er ég afskaplega hamingjusöm með hana. Hættan á því að ég fái brjóstakrabbamein fór úr 87 prósentum í 5 prósent. Nú get ég sagt börnunum mínum að þau þurfi ekki að óttast það að ég fái brjóstakrabbamein.“

Aðgerðin, og eftirmeðferðin, tók þrjú mánuði.



MÓÐIR MÍN BARÐIST VIÐ KRABBAMEIN Í TÆP TÍU ÁR OG DÓ 56 ÁRA.

Angelina Jolie

Þurfum hreinlega nýtt nafn yfir krabbamein

Laufey Tryggvadóttir, klínískur prófessor, og **Lára Sigurðardóttir** lækni, segja krabbamein gildishlaðið orð. Um sé að ræða um 200 mismunandi sjúkdóma sem hafi ólíkar lífshorfur. Alíka margir látist af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, sem vekja þó ekki sama ótta.

Laufey: „Það þarf eiginlega að búa til nýtt nafn á krabbamein. Orðið vekur svo mikinn ótta, en við erum alltaf að læra meira og meira um að krabbamein eru af svo margvislegum toga. Oft er mjög mikilvægt að grípa strax inn í, en í öðrum tilvikum þarf ekki að gera það. Nýja málið með krabbamein er að sum þeirra eru ekkert hættuleg.“

Lára: „Já, krabbamein er gildishlaðið orð. Eitt af okkar mikilvægu vopnum gegn krabbameinum er að þekkja eðli þeirra og skilja muninn á sofandi og lífsógnandi meinum, líkt og í rannsóknunum sem Laufey hefur verið að vinna að.“

Laufey: „Við verðum að vita hvað við erum með í höndunum. Það eru til fjölmargar gerðir af krabbameinum og þau geta meira að segja verið ólík þótt þau séu í sama líffærinu. Til dæmis eru brjóstakrabbamein ólík innbyrðis og sama gildir um krabbamein í blöðruhálskirtli.“

Lára: „Krabbamein eru samheiti yfir um 200 mismunandi sjúkdóma sem fylgja ólíkar lífshorfur. Tökum eistnakrabbamein sem dæmi. Þó svo að karlmaður sé með útbreiddan sjúkdóm þá er í flestum tilfellum hægt að lækna hann með lyfjameðferð en um 98% eru á lífi 5 árum frá greiningu. Svipaður árangur hefur náðst með hvítblæði. Ef við horfum aftur í tímann er ekki svo ýkja langt síðan flestir létust af völdum þessara sjúkdóma en nú lækna flestir. Þessar staðreyndir kveikja alltaf von um meiri framfarir í greiningu og meðferð krabbameina.“

Laufey: „Annað dæmi um góðar horfur eru sortuæxli, en yfir 90% þeirra lækna. Það tengist því að þú getur séð þau flest með berum augum svo þau ná sjaldnar að vaxa lengi óáreitt, þau eru utan á þér og auðvelt að skera þau. Jafnvel þótt sortuæxli væri sofandi, væri ekkert að því að fjarlægja það því aðgerðin hefur hverfandi aukaverkanir svo ofmeðhöndlun er ekki vandamál þar. Við sjáum líka vísbendingar um lækandi dánartíðni hjá unga fólkinu sem hefur verið duglegt að láta lækna fylgjast með fæðingarblettum sínum.“

Lungnakrabbí erfiður viðfangs


Lára: „Svo eru sum meiri auðvitað erfiðari en önnur. Lungnakrabbamein er eitt af þeim sem er mjög erfitt viðfangs. Ein aðalástæðan er sú að það er oft búið að vaxa svo lengi áður en það fer að gefa einkenni því lunguð er þannig líffæri að það er fátt sem þrengir að æxlinu. Talið er að meinið greinist ekki fyrr en um 15-20 árum eftir að það byrjar að vaxa í lunganu. En þar



Lára Sigurðardóttir og Laufey Tryggvadóttir segja sífellt meiri framfarir í meðferð krabbameina kveikja mikla von. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

50%

ALLRA KRABBAMEINA GREINAST EFTIR 65 ÁRA ALDUR



1/3

ÍSLENDINGA FÆR KRABBAMEIN EINHVERN TÍMANN Á LÍFSLEIÐINI

25%

RÚMLEGA DÁNARMEINA ERU AF VÖLDUM KRABBAMEINS

1.450

GREINDUST AÐ MEÐALTALI ÁRLEGA MEÐ KRABBAMEIN Á ÁRABILINU 2010-2014

746 KARLAR

704 KONUR

1954-2012 FIMM ÁRA LÍFSHORFUR HAFU YFIR TVÖFALDAST FRÁ ÞVI AÐ SKRÁNING HÓFST

Tölur fengnar af heimasíðu Krabbameinsfélagsins, krabb.is

er samt að verða smá breyting því við erum farin að taka svo mikið af tölvusneiðmyndum í greiningarskyni. Þá er stundum verið að pikka upp meiri áður en fólk er komið með einkenni. Þegar meinið finnst svona snemma eru lífshorurnar allt aðrar.“

Laufey: „Menn héldu að þetta væri eins með blöðruhálskirtilskrabbameinið, að eina málið væri að grípa það nógu snemma og fjarlægja það. Þá væri allt gott. En þarna rákumst við á vegg. Það er ekki þannig því meinið eru mörg sofandi. Þess vegna þurfum við aðferðir til að vita hvernig meinið eru með í höndunum. Þegar karlmenn fara og láta mæla hjá sér PSA þá er mjög

líklegt að hjá þeim finnst sofandi meinið vegna þess að yfir helmingur karlmanna yfir fimmtugt er með meinið í blöðruhálskirtli. Það er bara svoleiðis.“

Óheppni að meinið finnst

Lára: „Ef karlmenn ná að verða nógu gamlir þá er mjög líklegt að meinið finnst í einhverri mynd, oftast sofandi meini. Tölurnar eru þannig að um 80% karlmanna sem eru áttræðir og eldri eru með meinið.“

Laufey: „Það má segja að krabbamein í blöðruhálskirtli sé eðlilegt ástand eldri manna. Það er því í meiri hluta tilvika óheppni að það finnst. Undantekningin er ef þú ert einn þeirra sem eru með lífsógn-

andi meini. Þá er mikilvægt að finna meinið snemma!“

Lára: „En við þurfum að breyta viðhorfi okkar gagnvart krabbameinum. Það er mikilvægt til að vinna gegn ranghugmyndum. Það eru til dæmis alíka margir sem látast af völdum hjarta- og æðasjúkdóma og krabbameina. Samt vekja hjartasjúkdómar ekki sama ótta.“

Laufey: „Já, ég er sammála. Eftir að hafa kynnst alvarlegum hjartasjúkdómi hjá nánnum ættingja þá veit ég að þar er ekki síður um erfiða sjúkdóma að ræða. En samt eru hugtök um hjartasjúkdóma ekki nærri jafn gildishlaðin og orðið krabbamein. Við þurfum að taka þessa dulúð af orðinu krabbamein.“

Krabbameinsmeðferð er oft erfið og veldur aukaverkunum

50%

ÞEIRRA 200 SEM GREINAST Á ÁRI FÁ LÆKNANDI MEÐFERÐ (SKURÐAÐGERÐ EÐA GEISLAMEÐFERÐ)

60-70% BROTTNÁM BLÖÐRUHÁLSKIRTILS MEÐ SKURÐAÐGERÐ

30-40% GEISLAMEÐFERÐ

50% ÞEIRRA SEM GANGAST UNDIR MEÐFERÐ EIGA Í VANDRÆÐUM MEÐ STINNINGU sem er annaðhvort varanleg eða kemur til baka á 2-3 árum. Hvort skerðingin er varanleg ræðst af því hversu auðveldlega gengur að varðveita stinningartaugarnar, þ.e. hversu mikið sjúkdómurinn er vaxinn út fyrir kirtilinn.

25% ÞEIRRA SEM GANGAST UNDIR MEÐFERÐ MISSA ÞVAG UNDIR ÁLAGI, T.D. VIÐ AÐ SKOKKA 3% ERU MEÐ VERULEGAN ÞVAGLEKA



Átakið **Mottumars** er nú í fullum gangi en það er haldið til þess að vekja athygli á krabbameini hjá körlum. Inni á vefsíðunni Mottumars má heita á þátttakendur þar sem safnað er fyrir rannsóknum á krabbameini karla. Mottudagurinn verður haldinn 11. mars og er fólk hvatt til þess að taka þátt með því að klæða sig upp karlmannlega.

Fylgikvillar meðferða við krabbameini hafa áhrif á andlega líðan

Að greinast með krabbamein í blöðruhálskirtli getur haft veruleg áhrif á andlega líðan, sem að hluta kemur til vegna fylgikvilla meðferðar, eins og stinningarvandamála.

- Það að vera þunglyndur við greiningu hefur áhrif á líkur á að fá stinningarvandamál eftir aðgerð, þ.e. þeir sem eru við betri andlega heilsu (skora lægra á þunglyndis-skala) eru ólíklegri til að eiga við stinningarvandamál að glíma eftir aðgerð, samkvæmt rannsóknum.
- Fyrsti mánuðurinn eftir greiningu blöðruhálskirtilskrabbameins virðist kritískur. Þeir sem greinast eru tvöfalt líklegri til að láta úr hjartasjúkdómi innan mánaðar frá greiningu í samanburði við jafnaldra þeirra í samfélaginu, samkvæmt rannsóknum.



Lára Sigurðardóttir rannsakandi tengsl melatónins og krabbameins.

Slökkvum á raftækjum fyrir svefninn

„Karlar sem mældust með lágt melatónín-gildi voru fjórfalt líklegri til að greinast með lífsógnandi blöðruhálskirtilskrabbamein í samanburði við þá sem voru með hátt melatónín-gildi,“ segir Lára Sigurðardóttir læknir. Hún var fyrsti höfundur að rannsókn um hvaða áhrif melatónín getur haft á blöðruhálskirtilskrabbamein. Karlar sem áttu við svefntruflun að stríða voru líklegri til að hafa lágt melatónín-gildi.

Melatónín er hormón sem heilaköngullinn framleiðir í myrkri og aðallega að næturlagi. „Seytun melatónins er mjög viðkvæm fyrir birtu og sérstaklega bláu ljósi, eins og snjalltæki og sjónvörp senda frá sér. Fleiri þættir geta minnkað framleiðsluna, t.d. beta-blokkar sem eru lyf sem oft eru notuð við háum blóðþrýstingi. Tilraunarrannsóknir á frumum og dýrum sýna að melatónín hemur krabbameinsvöxt. T.d. ef heilaköngullinn er fjarlægður úr músum þá byrja þær að mynda krabbamein en ef heilaköngullinn er græddur aftur í þær eða þeim gefið melatónín þá hægist á krabbameinsvextinum,“ segir Lára og mælir með því að fólk slökkvi á öllum skjáum og raftækjum að minnsta kosti klukkutíma áður en farið er að sofa.

„Það er mjög einstaklingsbundið hvað við framleiðum mikið melatónín. En til að framleiða okkar náttúrulega magn af melatóníni þurfum við ekki einungis að sofa heldur sofa þegar okkur er það eðlislægt, það er, á næturnar.“

Finnið og sjáið að Drottinn er góður, sæll er sá maður sem leitar hæliss hjá honum...

www.versdagsins.is

Sölu sýning



Sölusýning í dag frá kl. 10 til 16.

Í dag, laugardag, efnum við til sölusýningar í báðum verslunum okkar, í Nóatúni 4 og í Hlíðasmára 3.

Þar gefst tækifæri til að skoða allt það nýjasta sem við bjóðum. Meðal annars þvottavélar, sem skammta þvottaefni sjálfkrafa (i-DOS), uppþvottavélar sem fengu hæstu einkunn hjá danska neytendablaðinu, nýjustu ofnana frá Siemens og Bosch með byltingakenndum nýjungum, þar á meðal 4D heitum blæstri og fleira og fleira.

Fjöldi tilboða í tilefni dagsins. Veittur verður afsláttur af öllum vörum sem ekki eru þegar á Tækifærisverði.

Látið sjá ykkur og njótið dagsins með okkur!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

BOSCH

- BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

**48 TÍMA
TILBOÐ**

**24" SKJÁTÖLVA
FYRIR HEIMILIÐ!**

acer

Ofurafsláttur á þessari Intel i3 skjátölvu. Glæsilega hönnuð og tekur lítið pláss á borði. Skarpur FullHD skjár, Intel HD Graphics skjákort, 8GB vinnsluminni og stór 1TB harður diskur.



-30.000

119.995

VERÐ ÁÐUR 149.995

ACE-DQ80AEQ004



TOSHIBA

-60.000

239.995

VERÐ ÁÐUR 299.995

**360° RADIUS Á 60.000
KRÓNA AFSLÆTTI!**

TOS-P20WC10H

Ein sú albesta frá Toshiba. Ofurlétt með 360° skjá, Intel i7 6500 örgjörva, 512GB SSD diskur og 12,5" UHD 4K snertiskjá. Gildir meðan birgðir endast. Takmarkað magn.

EPSON

**ÞRÁÐLAUS
Á 9.995!**

Fullkominn og þráðlaus heimilisprentari sem hannar líka og ljósritar. Hraðvirkur og hagkvæmur í notkun með LCD skjá.



EPS-XP332

-33%

9.995

VERÐ ÁÐUR 14.995



-27%

7.995

VERÐ ÁÐUR 10.995

**STÆKKAÐU
ÞRÁÐLAUSA NETIÐ!**

Hin fullkomna lausn til að styrkja og stækka þráðlausa netið þar sem það er hægt og samband erfitt.



-5.000

18.995

VERÐ ÁÐUR 23.995

**RAZER KRAKEN
LEIKJAHEYRNARTÓL**

Ótrúlegt tilboð á þessum vinsælu heyrnartólum fyrir leiki og tónlist. Stórir og mjúkir púðar yfir eyrun og útdraganlegur hljóðnemi.



-5.000

13.995

VERÐ ÁÐUR 18.995

**TRAUSTUR 240GB
TOSHIBA SSD**

Öflugur Toshiba SSD diskur sem gerir borðtölvuna og fartölvuna mun sprækari í vinnslu.



-10.000

39.995

VERÐ ÁÐUR 49.995

**4GB ASUS GTX960
MEÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ!**

20% lækkun um helgina á vinsælasta Strix skjákortinu okkar frá Asus.

**0% VEXTIR
Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI**

TAKMARKAÐ MAGN!

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT

LAUGARDAG 11-16
SUNNUDAG 13-17

TOSHIBA

INTEL I5 MEÐ SSHD Á 30.000 KRÓNA AFSLÆTTI!

Ótrúleg kaup í 48 tíma. Sérstaklega hraður Intel i5 5200U örgjörvi og stór 1TB SSHD diskur með SSD stýringu. Öflugt 2GB GeForce 930M skjákort og löng rafhlöðuending.

-30.000

99.995

VERÐ ÁÐUR 129.995



EPSON

EPS-EHTW5210



-40.000

119.995

VERÐ ÁÐUR 159.995

3D OG FULL HD SKJÁVARPI

25% afsláttur í 48 tíma á þessum bjarta skjávarpa sem breytir næsta vegg í bíósal með 3LCD litatækni.



PHILIPS

PHS-223V5LSB

22" HÁSKERPUSKJÁR

Glæsilega hannaður skjár með SmartContrast tækni, 5ms. svartíma og LED baklýsingu.

-20%

19.995

VERÐ ÁÐUR 24.995



-30%

6.995

VERÐ ÁÐUR 9.995

STEELSERIES RIVAL OPTICAL 100

Galið verð á þessari vinsælu leikjamús allt að 4.000 í CPI sem hægt er að stilla auk sex forrtanlegra takka



-25%

14.995

VERÐ ÁÐUR 19.995

SJÓNVARPSFLAKKARI Á 25% AFSLÆTTI!

Háskerpu sjónvarpsflakkar frá A.C. Ryan sem spilar langflestar skráartegundir í allt að 1080 punkta upplausn.



-23%

9.995

VERÐ ÁÐUR 12.995

PC OG XBOX PRÁÐLAUS STÝRIPINNI

Losaðu þig við snúrurnar og spilaðu uppáhalds leikina þína þráðlaust hvar sem er í herberginu.



-23%

9.995

VERÐ ÁÐUR 12.995

128GB RISALYKILL MEÐ USB3.0

Komdu fyrir 128GB af mikilvægustu gögnunum þínum á þessum netta USB lykli með háhraða flutningsgetu í gegnum USB3.0.

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
Sími 431 3333

HELGAÐ

LAUGARDAG 11-16 og SUNNUDAG 13-17



Fæst í hvítu, silfur eða stál

185cm kælskápur með frysti. 209L kæli. 4 glerhillur. 4 hillur í hurð. 2 grænmetisrákkur. 81L frystir. 2 skúffur. Orkuflokkur A+. 4,5kg frystigeta á 24klst. Mál (hxbxd): 185 x 59,5 x 61,5 cm.

Vestfrost R3651WH
Hvítur.

TILBOÐ
52.496

FULLT VERÐ 69.995

Vestfrost R3651SI
Silfur.

TILBOÐ
56.246

FULLT VERÐ 74.995

Vestfrost R3651IX
Stál.

TILBOÐ
59.996

FULLT VERÐ 79.995

vestfrost

KYNNINGARTILBOÐ

NÝ LÍNA FRÁ VESTFROST

ÍSSKÁPAR - ÞVOTTAVÉLAR MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBOÐI - ELDAVÉLAR



Vestfrost CST60HB
60cm eldavél með steiptum hellum og 56 lítra Multifunction 7 ofni með blæstri, yfir- undirhita og Pizza stillingu. Tvöfalt gler í hurð. Orkuflokkur A. Stærð (HxBxD): 85-92x60x60 cm.

TILBOÐ
41.246

FULLT VERÐ 54.995



Vestfrost CKE60DHB
60cm eldavél með 4 keramik hellum og 56 lítra Multifunction 7 ofni með blæstri, yfir- undirhita og Pizza stillingu. Tvöfalt gler í hurð. Barnalæsing. Orkuflokkur A. Stærð (HxBxD): 85-92x60x60 cm.

TILBOÐ
59.996

FULLT VERÐ 79.995



PVÆR OG
PURRKAR
Á 60 MÍN.

ÍSLENSKT
STJÓRNBOÐ

Vestfrost
1000sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 42L tromla. Tekur 5kg. LCD skjár. 14 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvottahæfni A. Vinduhæfni C. Orkunýting A++. Íslenskt stjórnboð.

TILBOÐ
37.496

FULLT VERÐ 49.995



PVÆR OG
PURRKAR
Á 60 MÍN.

ÍSLENSKT
STJÓRNBOÐ

Vestfrost WM6400
1400sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 47L tromla. Tekur 6kg. LCD skjár. 15 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvottahæfni A. Vinduhæfni B. Orkunýting A++. Stærð (bxbxd): 60 x 85 x 53 cm.

TILBOÐ
48.746

FULLT VERÐ 64.995



PVÆR OG
PURRKAR
Á 60 MÍN.

ÍSLENSKT
STJÓRNBOÐ

Vestfrost WM8400
1400sn þvottavél með stafrænu kerfisvali og hitastilli. 55L tromla. Tekur 8kg. LCD skjár. 15 þvottakerfi. 15 mín hraðkerfi. Stafræn niðurtalning. Þvottahæfni A. Vinduhæfni B. Kolalaus mótur. Orkunýting A+++. Stærð (bxbxd): 60 x 85 x 53 cm.

TILBOÐ
59.996

FULLT VERÐ 79.995

BRÁUSTIR MENN

MOTTU

MARS

PHILIPS

sense and simplicity

TÆKI FRÁ UPPHAFI TIL ENDA

Hvert sem markmiðið er þá hefur Philips hágæða snyrtitæki fyrir höfuð, andlit og líkama!

Rollsinn frá Whirlpool

25% AFSL.

HVÍT

HELGARTILBOÐ
89.996

FULLT VERÐ 119.995

STÁL

HELGARTILBOÐ
93.746

FULLT VERÐ 124.995

INNBYGGÐ

HELGARTILBOÐ
89.996

FULLT VERÐ 119.995

Ariete

Ariete 2971
Candyfloss vél sem notar venjulegan sykurlaus mótur. Mæli-skeið og tvær plastkeilur fylgja. Auðvelt að þrifa.

HELGARTILBOÐ
5.995

FULLT VERÐ 10.995



1000 krónur af öllum seldum Philips rakvélum, skeggsnyrtum og hárklippum í marsmánuði renna til Krabbameinsfélagsins

ÞÚSUNDIR VÖRUTEGUNDA - www.ht.is - FRÁBÆR TILBOÐ - www.ht.is - SJÁ ALLT VÖRUÚRVALIÐ

RTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT



PHILIPS

Philips PUT6400
50" Ultra HD LED sjónvarp með 4K 3840 x 2160 upplausn. Pixel Precise Ultra HD. Micro Dimming Pro. 700 Hz Perfect Motion Rate. Natural Motion. Dual Core örgjörvi. Multiroom TV. Android 5.0. Wi-Fi. Stafrænn DVB-T2/S2 og gervihnattamóttakari. 3 x USB og upptökumöguleiki. 4 x HDMI. MyRemote Apple / Android síma- og spjaldtölvu App.

50"

Philips 50PUT6400

HELGARTILBOÐ

139.995

FULLT VERÐ 199.995

55"

Philips 55PUT6400

HELGARTILBOÐ

159.995

FULLT VERÐ 249.995



LG

LG LF510
HD sjónvarp með DVB-T2+S2 móttakara. 300Hz PMI. Triple XD Engine. Real Cinema 24p. Gervihnattamóttakari. USB, HDMI tengi, CI rauf og USB upptaka o.fl.

32"

LG 32LF510 - 1366x768p

HELGARTILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 59.995

49"

LG 49LF510 - 1920x1080p

HELGARTILBOÐ

99.995

FULLT VERÐ 119.995



Lenco TT33
33/45 snúninga plötusplari með magnara og FM útvarpi. Innbyggðir hátalarar. Hægt að tengja við önnur hljómteki.

Lenco

Fæst í 2 litum

HELGARTILBOÐ

13.995

FULLT VERÐ 16.995

FRÁBÆR GRÆJA

LG

LG OM4560
Hljómteki með öflugum 220w RMS magnara. Bluetooth tenging allt að þrjú tæki í einu. Karóki og DJ stillingar. Ljós í hátalaranum. Geislasplari. Útvarp.

HELGARTILBOÐ

49.995

FULLT VERÐ 59.995




Bluetooth

OFNAR OG HELLUBORÐ
25% AFSLÁTTUR



Whirlpool

FRYSTIKISTUR
25% AFSLÁTTUR



12 MÁNADA
VAXTALAUSAR
RADGREIÐSLUR



Heimplistæki

ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



Sem öryggisstjóri Fangelsismálastofnunar kom Halldór að því að auka öryggi Litla-Hrauns til að minnka líkurnar á stroki. Strok er eitt alvarlegasta brot á húsreglum fangelsisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ekki í neinni vinsældakeppni

Halldór Valur Pálsson er nýr fangelsisstjóri á Litla-Hrauni og Sogni. Þrátt fyrir að vera ungur að árum býr hann að margra ára reynslu í fangelsismálakerfinu. Halldór segir að auka þurfi verknám fanga og að betrun sé markmiðið.

Snaerós
Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



Víð sem erum að að vinna í kerfinu erum held ég öll sammála um að við viljum vera starfsmenn í betrunarkerfi," segir Halldór Valur Pálsson, nýr fangelsisstjóri á Litla-Hrauni og Sogni. Hann tók við um miðjan janúar af Margrétu Frímanssdóttur sem hafði verið fangelsisstjóri í átta ár þar á undan. Halldór er 35 ára fjölskyldufaðir með BA-gráðu í stjórnmálafræði en hann er enginn nýgræðingur í fangelsismálum.

„Ég er búinn að vinna í þessu kerfi síðan sumarið 2000. Þá vann ég fyrst sem fangavörður á Litla-Hrauni með hléum til haustsins 2004. Síðan þá er ég búinn að vera í ýmsum verkefnum hjá Fangelsismálastofnun.“ Titill Halldórs, áður en hann varð forstöðumaður fangelsanna, var öryggisstjóri Fangelsismálastofnunar. Þá hefur hann séð um að innleiða ökklabönd á fanga sem ekki afplána lengur í lokuðum fangelsum og þróað samfélagsþjónustuúræði.

„Ég hef ekki haft neitt plan. Ég ætlaði mér ekki endilega að vera kominn hingað núna en þegar Margrétu ákváð að fara þurfti ég að ákveða hvort ég kærdi mig um að prófa þetta líka.“

Halldór segir að starfsaldur innan Fangelsismálastofnunar sé nokkuð hár. „Ég er ekki sá eini ungi í kerfinu. Forstjóri Fangelsismálastofnunar [Páll Winkel] er 42 ára og staðgengill hans er 39 ára. En við erum öll búin að vinna mjög lengi í kerfinu og starfsaldur er mjög hár. Það eru margir sem starfa hjá okkur með áratugareynslu og þeir elstu hafa jafnvel byrjað að vinna á áttunda áratugnum. Það eru

þá menn sem eru komnir með allt að 40 ára starfsreynslu.“

Ekki í vinsældakeppni

Í mars á síðasta ári fylgdist Ísland í dag með degi í lífi Margrétu Frímanssdóttur á Hrauninu. Þá lýstu fangarnir henni sem mömmu og einn sagði: „Maður vill standa sig fyrir hana. Maður vill ekki að þetta góða starf sem hún er að vinna hérna verði að engu.“

Halldór óttast ekki samanburðinn. „Hvort sem við erum að tala um Margrétu eða aðra fangelsisstjóra þá held ég að við séum allir meðvitaðir um að starfið snýst ekki um eiginlegar vinsældir. Margar ákvarðanir sem við þurfum að taka eru ekki líklegar til vinsælda. Við þurfum bara að meta það hvað eru góðar ákvarðanir og hvað eru slæmar ákvarðanir, hvað kemur sér vel fyrir fangann og hvað ekki. Alveg óháð vinsældunum.“

Ég hef ekki mætt neinu nema þægilegu og eðlilegu viðmóti gagnvart fangum, en ég hef svo sem ekki verið að ræða þetta neitt sérstaklega við þá. Það vinna 65 manns hérna og forstöðumaður á fyrst og fremst að vera bakhjarl þeirra og sífellt hafa í huga hvernig við getum eftt þá í störfum. Við þurfum að hafa fókusinn á því.“

Fangar meðvitaðir um rétt sinn

Halldór segir að höfuðmáli skipti að fangar viti að hverju þeir gangi í fangelsinu. „Við reynum að gera okkar besta í að upplýsa þá um réttindi sín. Ef okkur tekst vel að upplýsa fangana um hvað má og hvað má ekki og hvernig lögir virka þá verður samvinna okkar við fangana miklu betri. Við viljum hjálpa þeim með allt sem við megum hjálpa með en við getum ekki gert það sem við megum ekki.“

Hann segir að stundum komi fyrir

að fangar biðji um eitthvað sem er ekki innan ramma húsreglnanna á Litla-Hrauni. „Það geta til dæmis verið einföldustu hlutir eins og að sveigja heimsóknarreglurnar. En það er ekki hægt. Þetta er bara sá strúktúr sem við vinnum eftir.“

Agaviðurlög við refsingum

Húsreglurnar á Litla-Hrauni eru margar og þeim mun jafnvel fjölga enn frekar. Á þingi liggur fyrir breytingartillaga frá allsherjar- og menntamálanefnd við nýtt frumvarp um fullnustu refsinga sem kveður á um að fangum verði bannað að fara inn í klefa hver annars. Í frétt á Vísu kemur fram að Páll Winkel fangelsismálastjóri sé ánægður með þessa afstöðu. Hann segir tillöguna vera komna frá stofnuninni.

Halldór segir að hluti af því að fangar viti að hverju þeir ganga sé að standa við þær afleiðingar sem verða við brot á húsreglum fangelsisins. „Ef menn eru að brjóta húsreglur og við erum búin að segja þeim hverjar afleiðingarnar verða ef þeir gera það þá þurfum við líka að standa við það. Þá vita þeir að hverju þeir ganga. Mín reynsla er að ef menn vita að hverju þeir ganga þá líður mönnum betur með það.“

Hann segir brot á reglum vera misalvarleg og afleiðingarnar séu í samræmi við brotin. „Við alvarlegustu brotunum höfum við heimild til að úrskurda um agaviðurlög. Það þýðir takmarkanir á heimsóknum og þess háttar. Í alvarlegustu tilvikunum einangrun. Það er í raun og veru skýrt kveðið á um það í fullnustu refsinga hvað á við og hvenær.“

Fleira starfsfólk og aukidi fé

„Litla-Hraun þarf fyrst og fremst að efla með öðrum hætti en að fjölga fangaplássum. Því fleira starfsfólk á



EF MENN ERU AÐ BRJÓTA HÚSREGLUR OG VIÐ ERUM BÚIN AÐ SEGJA ÞEIM HVERJAR AFLEIÐINGARNAR VERÐA EF ÞEIR GERA ÞAÐ ÞÁ ÞURFUM VIÐ LÍKA AÐ STANDA VIÐ ÞAÐ.

hvern fanga, því betra. Þá getum við gert meira,” segir Halldór um hvað er brýnasta verkefnið ef nægt fjármagn býðst.

„Við erum með ágætis framboð af bóknámi fyrir fanga, hvort sem það er staðnám eða fjarnám og jafnvel háskólanám. En við vildum gjarnan sjá möguleika á að koma á meira verknámi fyrir fanga. Margir þeirra hafa bakgrunn í því og hafa unnið slíka vinnu sem ætti að hjálpa þeim áfram með námið. Verknámið er í mjög takmörkuðu magni.“

Í sumar efndu fangar á Litla-Hrauni til undirskriftasöfnunar vegna þess að Barnakoti hafði verið lokað um helgar. Barnakot er heimsóknarherbergi sem er hugsað sérstaklega svo börn fanga geti hitt feður sína í sem eðlilegustum aðstæðum. Opnunar tíminn á virkum dögum skarast við skóla barnanna og vinnu foreldris sem fylgir því í fangelsi. „Barnakot var opnað í fyrra og ekki til neitt Barnakot fyrir þá. Það voru gerðar tilraunir með það að átta okkur á hvernig við gætum haft þessa heim-

sóknaraðstöðu. Síðan kemur í ljós að það fyrirkomulag, að hafa opið um helgar, gekk ekki upp varðandi það hvernig við sinnum eftirliti og vöktum. Þegar það komu fréttir um að það væri verið að skerða þjónustu í Barnakoti þá er skerðingin sú að það var ekki til neitt Barnakot örfáum mánuðum áður.

Auðvitað viljum við hafa þetta opið sem mest en við erum bundin af þeim fjármunum og mannskap sem við höfum á hverjum tíma. Við þurfum bara ákveðinn tíma til að skipuleggja okkur með þetta verkefni og við erum að vinna að því.“

Ný lög breyta miklu

Fangelsið á Hólmsheiði er nú í smíðum sem mun breyta heilmiklu fyrir Litla-Hraun. Vistun gæsluvarðhaldsfanga færast þá á Hólmsheiði sem gefur möguleika á endurskipulagningu á Hrauninu.

Þá liggur fyrir frumvarp um breytingu á lögum um fullnustu refsinga fyrir Alþingi og búist við að það verði samþykkt sem lög á vormánuðum.

„Ef frumvarpið gengur í gegn þá eru í raun fleiri sem eiga kost á samfélagsþjónustu. Öll framþróun síðustu ár hefur í raun miðað að því að betra. En á meðan ber okkur líka að tryggja öryggi almennings og öryggi fanganna sjálfra. Frá 2007 hefur opnum fangelsisrymum fjölgað úr 11 í 44. Nú er það þannig að menn með 9 mánaða óskilorðsbundinn dóm þurfa kannski aldrei að stíga inn í fangelsi heldur geta farið í samfélagsþjónustu. Ef lögir ganga í gegn eins og frumvarpið er núna geta menn með allt að tólf mánaða dóm aldrei þurft að stíga inn í fangelsi. Auk þess geta menn tekið lokasprettinn í afplánu heima hjá sér með rafrænu eftirliti.“

LAND ROVER DISCOVERY

UPPFÆRÐU ÆVINTÝRIN Á FYRSTA FARRÝMI



ABOVE & BEYOND



KOMDU OG REYNSLUAKTU GLÆSILEGUM DISCOVERY

Land Rover Discovery hefur slegið í gegn um allan heim. Hann er ekki einungis einstaklega fallegur jeppi heldur er hann tæknilega fullkominn og hannaður fyrir ferðalagið og fjölskylduna. Farangursrýmið er eitt það allra mesta sem um getur eða 1.192 lítrar auk þess sem hann er fánlegur 7 sæta.

Discovery sameinar betur en nokkur annar jeppi fullkomið notagildi og hæfni til að takast á við erfiðar akstursaðstæður. Dráttargeta er 3.500 kg og vaðdýpt 70 cm.

Discovery er með öfluga 210 hestafla vél og búinn loftþúðafjöðrun á öllum hjólum ásamt hinu rómaða Terrain Response drifbúnaðarkerfi.

Land Rover Discovery S - verð frá 11.390.000 kr.

Eldsneytisnotkun er einungis 8,8 l/100 km miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

www.landrover.is

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Hvar er besti brönsinn?

Viktoría
Hermannsdóttir
viktoría@frettabladid.is

Það er tilvalið um helgar að gera sér glaðan dag og fara með góðum vinum eða fjölskyldu í bröns. Fréttablaðið leitaði til nokkurra álitsgjafa til þess að varpa ljósi á það hvar besta brönsinn er að finna.



1. sæti THE COOCOO'S NEST

Litla hreiðrið úti á Granda hefur vinninginn um besta brönsinn samkvæmt álitsgjöfum Fréttablaðsins. Þetta höfðu þeir meðal annars að segja um brönsinn þar:

„Egg Florentine er besti einstaki brönsrétturinn í bænum.“

„The Cocoo's Nest á þetta skuldlaust. Ég vakna stundum um miðjar nætur öskrandi á grænu egginn þeirra. Skemmtilega öðruvísi en allir brönsarnir í bænum og líka sá bragðbesti.“

„Afslappaður fjölskyldurekinn veitingastaður þar sem gott hráefni fær að njóta sín. Besta súrdeigsbrauð í bænum og ommilettan með heimagerðu salsa er einfaldlega besti brönsréttur sem ég hef bragðað.“

„Ég veit að ég er að gera stór mistök að tilnefna staðinn, því hann er litill og nógu dekkoti erfitt er að fá borð þar nú þegar. Súrdeigsbrauðið, blóðmarian og hleyptu egginn... þetta er algjört þrjú stöf.“

„Hrikalega skemmtilegur staður úti á Granda með geðveikum bröns, mæli með grænni vefju með eggi og auka beikoni.“

ÞAR ER BESTA SÚRDEIGSBRAUÐ Á LANDINU, ÆDISLEG BLOODY MARY OG ÞÆGILEG AF-SLÖPPUÐ STEMNING. SVO ER TILVALIÐ AÐ FÁ SÉR KÖKUSNEIÐ FRÁ 17 SORTUM EÐA ÍS FRÁ VALDÍSI Í DESERT SVONA Á SPARIDÖGUM.

4.-6. sæti

GRÁI KÖTTURINN

„Besti brönsinn er klárlega á Gráa kettinum á góðum degi, vel útilátinn og góð samsetning, fullkomlega saltaðar kartöflur og vel steikt egg svo við tölum nú ekki um bragðið af pönnukökunum.“

VOX HILTON HÓTEL

„Vox er með besta brönshlaðborðið. Allt frá-bært hjá þeim og ferskt. Þar er yfirleitt allt á fullu og maður þarf að standa í röð en það er alveg þess virði.“

„Þar er hægt að fá ótrúlega mikið fyrir peninginn, þægileg stemning og sannkölluð veisla fyrir bragðlaukana.“

PRIKIÐ

„Langbesti brönsinn í bænum er Vöru-bíllinn á Prikinu. Egg, beikon, amerískar pönnukökur með sírópi, ristað brauð og steikt kartöflur. Þetta er beisikk, öll næringarefni sem þú þarft. Kolvetni, prótín og fita, sett saman í eina gómsæta og endurnærandi heild. Svo er staffið á Prikinu besta fólk í heimi og mun örugglega lauma til þín verkjatöflu, ef á þarf að halda.“

„Prikid er leyndur fjársjóður í matarmenningu Reykjavíkur. Beikon, egg, ristað brauð, bakaðar baunir, jalapeños. Svo er hægt að fá Cocoa Puffs á meðan maður bíður. Prikid er furðulega góður veitingastaður.“



2. sæti SNAPS

Næstbesta brönsinn er að finna á veitingastaðnum Snaps við Óðinstorg. „Þú færð hlýjar móttökur, góðan mat og bæjarins bestu Bloody Mary!“ – „Þeir bjóða upp á svo trylltan bröns að mig dremmir hann nánast á hverri nóttu. Eini gallinn er að hann er bara í boði um helgar og á vissum tíma dags. Brioche er geggið, eggjakakan er til að drepa fyrir og beikonið er alltaf stökkt og fullkomlega eldað.“

„Fyrir lengra komna brönsaðaendur þá er þann besta klárlega að finna á veitingastaðnum Snaps á Óðingsgötu. Þar er hægt að fá Eggs Benedict sem er án efa toppurinn á útfærslu eggja. Tvö „poached“ egg

með hollandise-sósu og reyktum laxi, ofan á enskri múffu. Ekki verða að panta sér ljúffenga mímósu með. Bon appetit!“



OMMILETTAN MEÐ CAMEMBERT ER SÚ ALLRA BESTA Í BÆNUM OG SVO ER NAUÐSYNLEGT AÐ FÁ SÉR PÖNNUKÖKUR MEÐ KAREMELLUÐUM EPLUM OG KANIL.



3. sæti GEYSIR BISTRO

Geysir Bistro var í þriðja sæti yfir þá staði sem bjóða upp á besta brönsinn en álitsgjöfum þykir hann sérlega fjölskylduvænn.

„Fjölbreytnin er lykillinn – það er eggjahæra, pylsur og beikon en svo er lítið boost-glas, ferskir ávextir s.s. melóna, ananas og epli, ristað brauð með upprúlluðum osti og hágeðaskinku, pönnukaka með sírópi og rúsínan í pylsuendanum er svo djúpsteyktur camembert með sultu! Svo fylgir kaffibolli með!“

„Barnvænn og góður staður. Frábær bröns.“



UPPÁHALD FJÖLSKYLDUNNAR ER Á GEYSI BISTRO VIÐ ING-ÓLFSTORG. KANNSKI EKKI MIKIÐ FJÖLMENNI ÞAR EN BRÖNSINN ÞAR ER ALGJÖRLEGA FALIN PERLA.

Aðrir sem voru nefndir

FLÓRA Í GRASAGARÐINUM

„Eithvert best geymda leyndarmálið í Reykjavík.“

VEGAMÓT

„Allt sem maður þarf á einum disk.“

TÍU DROPAR

„Tíu dropar bjóða upp á brunch að mínu skapi.“

KAFFI VEST

„Þar getur maður alla jafna fengið þrjár útgáfur af Eggs Benedict.“

KAFFI SLIPPUR

„Góður matur, afslöppuð stemning og fallegt útsýni yfir höfnina.“

THE LAUNDROMAT CAFÉ

„Svo sannarlega besti brunch Íslands.“

BERGSSON MATHÚS

„Skemmtilegur litill staður með hollum og góðum bröns.“

HÓTEL BORG

„Hlaðborð þar sem maður fær átta rétti.“

BAR AALTO Í NORRÆNA HÚSINU.

„Falinn og vannýttur brunch-gimsteinn.“

KAFFI RETRÓ

„Besta kaffið í bænum og útsýnið yfir höfnina er himneskt.“

Álitsgjafar

Sóley Kristjánsdóttir vörumerkjastjóri, Ólafur Arnarsson, Freyr Rögnvaldsson blaðamaður, Björn Teitsson, verkefnastjóri hjá Rauða krossinum, Ása Ottesen markaðsfulltrúi, Höður Ágústsson, eigandi Macland, Atli Fannar Bjarkason, ritstjóri og matgæðingur, Álfrún Pálsdóttir ritstjóri, Þóra Hallgrímsdóttir lögfræðingur, Edda Sif Guðbrandsdóttir hárgreiðslukona, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Gunnþórunn Jónsdóttir blaðamaður, Elísabet Gunnarsdóttir tiskubloggari, Sólvi Snær Magnússon auglýsingastjóri, Margrét Erla Maack sjónvarpskona, Þorbjörg Marinósdóttir fjölmiðlakona, Sindri Sindrason sjónvarpsmaður, Hildur Knútsdóttir rithöfundur, Jóhannes Þór Skúlason aðstoðarmaður, Karen Kjartansdóttir, Carmen Jóhannsdóttir, Sigrún Ósk Kristjánsdóttir sjónvarpskona, Þórhildur Þorkelsdóttir fréttamaður, Júlíana Sól Sigurbjörnsdóttir, eigandi Norr11, Aðalsteinn Kjartansson blaðamaður, Þórunn Antonía Magnúsdóttir söngkona, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Nina Björk Gunnarsdóttir ljósmyndari, Hildur Sverrisdóttir borgarfulltrúi, Þórarinn Þórarinnsson blaðamaður.



Fjölbreytt dagskrá verður á háskólasvæðinu í dag þar sem í boði verða námskynningar, viðburðir og uppákomur sem sýna vísindin í litríku og lifandi ljósi.



„Aðstaðan er frábær og fjölbreytt. Hér er allt til alls. Ég valdi Háskóla Íslands af því þar býðst fjölbreytt og skemmtilegt nám og atvinnumöguleikar eftir nám eru miklir.“

Gunnar Jökull Johns,
lyfjafræði



OPIÐ HÚS Í HÁSKÓLA ÍSLANDS

Í DAG, LAUGARDAGINN 5. MARS KL. 12–16



DAGSKRÁ

hi.is

HÁSKÓLATORG

12:00 Setning Háskóladagsins 2016
Illugi Gunnarsson, mennta-
og menningarmálaráðherra
Kvennakór Háskóla Íslands

Kynning frá kl. 12-16 á öllu námi
Félagsvísindasviðs, Heilbrigðisvísinda-
sviðs og Menntavísindasviðs.

ASKJA

12:20 Stjórnuverið
12:40 Stjórnuverið
13:00 Stjórnuverið
13:20 Stjórnuverið 
14:00 Stjórnuverið
14:20 Stjórnuverið
14:40 Stjórnuverið
15:00 Stjórnuverið 
15:20 Stjórnuverið
15:40 Stjórnuverið

Kynning frá kl. 12-16 á öllu
námi Verkfræði- og náttúru-
vísindasviðs.

AÐALBYGGING

12:30 Kínverskur dreki
12:50 Japanskur nútímadans
13:00 Stapp & rytmaklapp
13:20 Háskólakórinn
14:00 Kínverskur dreki
14:20 Háskólakórinn
15:00 Salsadans

Kynning frá kl. 12-16 á öllu
námi Hugvísindasviðs.

HÁSKÓLABÍÓ

12:20 Vísindabíó
12:50 Háskóladansinn
13:00 Sprengjugengið
14:00 Vísindabíó
14:20 Háskóladansinn
14:30 Sprengjugengið
15:00 Vísindabíó

STÚDENTAKJALLARINN

12:20 Stapp & rytmaklapp
14:30 Balkanbandið RaKi
15:30 Húsbandið

KYNNTU ÞÉR FJÖLBREYTT NÁMSFRAMBOÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS
Í BÆÐI GRUNN- OG FRAMHALDSNÁMI



HÁSKÓLI ÍSLANDS



HÁSKÓLA DAGURINN

5. mars

f /haskoladagurinn
haskoladagurinn.is
#hdagurinn


Kynning á öllu háskólanámi á Íslandi

Háskólinn á Akureyri,
Háskólinn á Hólum
og Landbúnaðarháskóli Íslands
verða á Háskólatorgi Háskóla Íslands

Háskóli Íslands
kynnir nám sitt á Háskólatorgi,
í Aðalbyggingu, Öskju og Háskólabíói

Háskólinn í Reykjavík
og Háskólinn á Bifröst
verða í Háskólanum í Reykjavík

Listaháskóli Íslands
kynnir nám sitt í húsnæði
skólans að Laugarnesvegi 91



Ef Hillary Clinton getur ekki fullnægt eiginmanni sínum, af hverju heldur hún þá að hún geti fullnægt Bandaríkjunum?

Færsla á Twitter-síðu Trumps, 16. apríl 2015

Ég gæti staðið úti á miðju Fimmta breiðstræti og skotið fólk án þess að tapa atkvæðum.

Á kosningafundi í Iowa, 23. janúar 2016

Ég myndi byrja með vatnsbrettapyntingar aftur og ég myndi byrja aftur með sitthvað sem er fjandakornið miklu verra en vatnsbrettapyntingar.

Í kappreðum repúblikana á ABC-sjónvarpsstöðinni, 6. febrúar 2016

Og hitt varðandi hryðjuverkamenn, það þarf að fjarlægja fjölskyldur þeirra.

Í viðtali við Fox-sjónvarpsstöðina, 10. febrúar 2016

Þeir eru að koma með eiturlyf. Þeir eru að koma með glæpi. Þeir eru nauðgarar. Og sumir, býst ég við, eru ágætis fólk.

Um innflytjendur frá Mexíkó í framboðstilkynningunni, 16. júní 2015

Trump leggur undir sig flokkinn

Óánægðir repúblikanar falla unnvörpum fyrir glannalegum yfirlýsingum Donalds Trump. Ráðamenn í Repúblikanaflokknum eru farnir að grípa til varna og skjóta fast á Trump.

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



Ráðamönnum í Repúblikanaflokknum list engan veginn á blikuna, nú þegar Donald Trump virðist ætla að verða forsetaefni flokksins. Þeir eru byrjaðir að grípa til varna og skjóta föstum skotum á Trump.

Trump hefur aldrei verið innanbúðarmaður í flokknum. Ef eitthvað er hefur hann frekar tengst demókrötum.

Nú falla hins vegar repúblikanar unnvörpum fyrir glannalegum yfirlýsingum hans. Hann hefur unnið hvern sigurinn á fætur öðrum í forkosningum flokksins og virðist orðinn býsna öruggur um að verða forsetaefni repúblikana í nóvember, þegar Bandaríkjamenn velja sér arftaka Baracks Obama.

Flokkur Lincolns

„Þetta er flokkur Lincolns,“ sagði Paul Ryan, sem er forseti fulltrúa-deildar Bandaríkjaþings og þar með í fremstu röð áhrifamanna innan Repúblikanaflokksins.

Ryan sagði þetta eftir að Trump hafði hikað við að afneita David Duke, einum helsta forsprakka Ku Klux Klan samtakanna alræmdu.

„Ef einhver vill vera forsetaefni Repúblikanaflokksins þá er ekki hægt að víkja sér undan og vera

með leikaraskap,“ sagði Ryan. „Þessi flokkur nærst ekki á fordómum fólks.“

Á fimmtudaginn kvaddi Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri í Massachusetts og fyrrverandi forsetaefni flokksins, sér einnig hljóðs og sagði Trump vera svikahrapp og loddara, ekkert mark væri takandi á stefnumálum hans og hann myndi leiða þjóðina út í efnahagslegar ógöngur með auknum fjárlagahalla og nýrri kreppu.

„Óheildarleiki er aðalmerki Donalds Trump,“ segir Romney. Hann sýni af sér yfirgang, græðgi, sýndarmennsku, kvenhat, og fáránleg þriðjabeckjar trúðslæti.

Segist styrkja flokkinn

Trump svarar, kokhraustur að vanda, með því að segja vera eini repúblikaninn sem eigi möguleika á sigri gegn Hillary Clinton. Hann hafði auk þess gert flokknum mikinn greiða með því að sópa til hans nýju fólki.

„Ég hef náð í milljónir manna inn í Repúblikanaflokkinn, á meðan demókratar eru á niðurleið. Ráðamenn flokksins vilja drepa niður þessa hreyfingu,“ skrifar Trump á Twitter-síðu sína.

Hann segir að þessir nýju kjósendur flokksins geti hæglega yfirgefið hann aftur, gæti menn ekki að sér.

Stjórnmalaskýrendur segja þó ólíklegt að aðdáendur Trumps láti árásir Romneys og annarra ráðamanna flokksins hafa minnstu áhrif

á sig: „Ef eitthvað, þá getur afneitun Mitts Romney, sem sjálfur hefur tvisvar tapað í forsetakosningum, gert það að verkum að þeir verði enn líklegri til að kjósa Trump,“ skrifar til dæmis Ben Geier á vef tímaritsins Fortune.

Fjandsamleg yfirtaka

Eftir sigurgöngu Trumps á ofurþriðjudeginum, 1. mars, þegar hann tryggði sér sigur í sjö af tólf ríkjum, fóru fjölmiðlar í Bandaríkjunum hver á fætur öðrum að tala um „fjandsamlega yfirtöku“ hans á Repúblikanaflokknum.

„Donald Trump er kominn mjög nálægt því að leggja undir sig hinn lemstraða Repúblikanaflokk, og þessi aldri stórflokkur verður aldrei samur eftir,“ skrifar Elise Jordan í Time.

Og Ryan Lizza segir, í grein í The New Yorker, að þessi árás Trumps á flokkinn sé ótrúlega viðtæk: „Hann er ekki bara að keppa gegn breiðum flokki frambjóðenda um atkvæði í forkosningunum; hann á í stríði gegn nærri öllum valdamíðstöðvum Repúblikanaflokksins – og hann er að sigra.“

Haldið í óljósar vonir

Svo eru einhverjir til, sem gera sér vonir um að þegar Trump hefur tryggt sér útnefningu flokksins, þá muni hann láta af leikaraskapnum og sýna sinn innri mann, sem sé miklu betri en trúðslætin gefa til kynna.

Sjálfur gefur Trump þessari skoðun undir fótinn með því að endurbirta á Twitter-síðu sinni færslu af Twitter-síðu ástralska fjölmiðlakóngsins Ruperts Murdoch:

„Eins og spáð var, þá er Trump tekinn til við að friðmælast við ráðamenn í Repúblikanaflokknum,“ sagði Murdoch: „Ef hann verður óumflyjanlegur þá væri brjáláð af flokknum að sættast ekki.“


Atkvæðaveiðar

Sjálfur hefur Trump ítrekað fullyrt að hann kunni að spila á kjósendur og fjölmiðla. Hann geti náð sér í atkvæði eins og ekkert sé.

„Ég ætla mér að fara þangað og allar skoðanakannanir tryllast,“ var haft eftir honum áður en hann tilkynnti framboð sitt. „Ég kann að snúa á fjölmiðlana þannig að þeir taki kastljósinn aldrei af mér.“

Hann talar mikið um það hvað hann sé klár og hann viti hvernig hann eigi að fara að því að ná í það sem hann vill.

„Ég veit hvað selst og ég veit hvað fólk vill,“ sagði hann í viðtali strax árið 1990.



Donald Trump ásamt mótherjum sínum, Marco Rubio og Ted Cruz, í sjónvarpskappreðum fyrr í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Fylgið vekur furðu

Margir furða sig mjög á því mikla fylgi sem Donald Trump hefur tekist að safna um sig í kosningabaráttunni.

Ein skýringin er sjálfsgagt sú að hluti fylgisins, sem safnast hefur um Trump, sé að stórum hluta óánægjufylgi – óánægja með Obama, óánægja með pólitíkina í Washington almennt.

Trump er þá að einhverju leyti sambærilegur við til dæmis Fimm stjörnu hreyfinguna á Ítalíu, Podemos á Spáni, SYRIZA-bandalagið á Grikklandi og fleiri slík framboð sem víða hafa skotið hefðbundnum stjórnmalaflokkum ref fyrir rass á síðustu árum. Jafnvel Besta flokkinn og Pirata hér á landi.

Kannski virðist þó nær að bera Trump saman við hægri sinnada þjóðernisflokkka á borð við Þjóðarfylkingu Le Pens í Frakklandi, Danska þjóðarflokkinn, UKIP-flokkinn í Bretlandi og fleiri slíka, sem hafa sogað til sín allnokkurt fylgi í ýmsum Evrópulöndum á síðustu árum.

Kraumandi reiði

Trump spilar óspart á ótta við útlendinga en hann sækir ekki síður fylgi til þeirra fjölmörgu Bandaríkjamanna sem vantreysta valdakerfinu í Washington, og telja jafnvel flokks-eigendafélögin og stjórnmalastéttina almennt vera rót alls ills í Bandaríkjunum.

Þetta er ekkert nýtt, en á síðustu árum hefur þessi kraumandi óánægja fengið auknið vægi innan Repúblikanaflokksins. Trump er að því leyti beint framhald af Teboðshreyfingunni svonefndu sem fór af stað með töluverðum látum árið 2009, strax eftir að Barack Obama

32% REPÚBLIKANA SÖGDUST BEINLÍNIS VERA REIÐ ÚT Í ALRÍKISSTJÓRNINA Í WASHINGTON.

12% DEMÓKRATA ERU HALDIN SLÍKRI REIÐI.

tók við forsetaembætti Bandaríkjamanna.

Skoðanakannanaryfirtækið Pew Research Center birti í nóvember niðurstöður úr könnun á afstöðu Bandaríkjamanna til ríkisvaldsins, og þar kemur fram skýr munur á demókrötum og repúblikönnum.

Þannig kom í ljós að 32 prósent repúblikana sögðust beinlínis vera reið út í alríkisstjórnina í Washington, en 12 prósent demókrata eru haldin slíki reiði.

Sjá ekkert nema sóun

Og 75 prósent repúblikana telja stjórnvöld nánast alltaf standa fyrir sóun og vanhæfi. Þá telur 71 prósent repúblikana að stjórnin sé að vasast í mörgu sem ætti frekar að láta eftir fyrirtækjum og einstaklingum. Hjá demókrötum voru mun færri þessara skoðunar.

Þá hafa repúblikanar frekar en demókratar sterklega á tilfinningunni að „þeirra menn“ verði oftar undir í stjórnmálum. Um það bil 80 prósent repúblikana segja sannfærð um að þeirra málstaður nái síður fram að ganga en málstaður andstæðinganna, en sambærileg tala fyrir demókrata er nær fimmtíu prósentum.

Æ, NEI! NÚ KLÆJAR AFTUR...

Icepharma kynnis Meira en helmingur allra barnafjölskyldna þarf að kljást við lús einhvern tíma á lífsleiðinni og um fjórðungur þarf að taka slaginn aftur og aftur. Þennan hvítleiða gest þarf að meðhöndla strax og hann uppgötvast. Hedrin® er ofnæmisprófuð og skjótvirk meðferð til að fjarlægja lús.

Lúsir fjölga sér hratt og því er alltaf nauðsynlegt að kempa hárið vikulega. Hulda Pálsdóttir, viðskiptastjóri hjá Icepharma, segir að í lyfjaverslunum séu í boði þrjár mismunandi tegundir af Hedrin® lúsamedferð sem uppfylla mismunandi þarfir. „Nýjasta tegundin er Hedrin® Treat & Go sem er mjög einfalt að nota. Það er fitulaus, vatnsleysanleg froða sem á að vera í hárinu í að minnsta kosti 8 klukkustundir. Því getur barnið farið í skólann og foreldrar farið í vinnu með fína froðu í hárinu.

Það er ekki fita í Treat & Go og því má þurrka hárið með hárþurrku áður en farið er út. Hedrin er ekki sjampó heldur meðal sem er sett í þurrt hárið og þess vegna er mjög mikilvægt að lesa sér til um notkunina.

Allar upplýsingar eru á íslensku og jafnframt er hægt að nálgast þær á www.hedrin.is. Í lyfjaverslunum eru sömuleiðis bæklingar um notkun,“ útskýrir Hulda. „Allar Hedrin-vörurnar eru merktar með Allergy Certified myndmerkinu sem er alþjóðleg vottun og þýðir að öll innihaldsefni hafa verið rannsökuð af eiturefnafræðingum og samþykkt. Varan inniheldur engin ofnæmisvaldandi efni, ekkert skordýraeit

ur, paraben eða ilmefni. Rannsóknir hafa sýnt að meðferðin ber góðan árangur gegn lúsinni hér á norðlægum slóðum. Hedrin hentar fyrir allan aldur, þetta er milt efni sem börn frá 6 mánaða aldri geta notað, fólk með viðkvæma húð og konur með barn á brjósti,“ segir Hulda.

Að sögn Huldu eru það ekki eingöngu börn sem fá lús. Hún þrífst vel þar sem margir einstaklingar eru samankomnir, þétt saman og hún skríður auðveldlega frá einu höfði til annars. Því hefur lúsasmit aukist hjá unglingum og þeim eldri en talið er að selfie-myndatökur auki hættuna á smiti. „Sem betur fer er í dag þægilegt og einfalt að losna við lúsina með því að setja Hedrin í hárið. Hedrin® Treat & Go hentar til dæmis vel stelpum sem eru hársárar eða finnst óþægilegt að láta þvo sér um hárið og Hedrin Original hentar vel fyrir fólk með þykkt og hrokkið há. Hedrin er alltaf sett í þurrt hárið. Mjög mikilvægt er að fara eftir leiðbeiningum um notkun svo meðferðin virki rétt,“ segir Hulda og bætir við að starfsfólk lyfjaverslana geti gefið góð ráð um hvaða tegund af Hedrin henti hverjum og einum.



Lús er orðin viðvarandi vandamál í skólum landsins. Allir geta fengið lús, líka fullorðnir því hún fer ekki í manngreinaralit.

HEDRIN® TREAT & GO

Þvo úr hárinu eftir 8 klukkustundir, en það má vera í hárinu í 24 tíma. Endurtaka á meðferðina eftir 7 daga.

HEDRIN® ONCE

Hentar þeim sem vilja eingöngu eina meðferð. Þetta er gel sem byggt er á sílikonólíu og útrýmir bæði lús og nit með einni meðferð. Þvo skal efnið úr hárinu eftir 15 mínútur.

HEDRIN® ORIGINAL

Hentar vel þeim sem eru með þykkt eða hrokkið há. Byggt á sílikonólíu og er auðvelt að bera í hárið. Á að þvo úr hárinu eftir eina klukkustund en má vera í 8 klst. Endurtaka skal meðferðina eftir sjö daga.



STAÐREYNDIR UM LÚS

70% AF BARNAFJÖLSKYLDUM FÁ LÚS

25% AF ÞEIM FÁ LÚS OFTAR EN 5 SINNUM

LÚS ER AÐALLEGA Í BÖRNUM TIL 11 ÁRA ALDURS

LÚS LIFIR EINUNGIS Í HÁRSVERÐINUM. ÞVÍ ER EKKI NAUÐSYNLEGT AÐ TAKA ALLT HEIMILIÐ Í GEGN EÐA FRYSTA SÆNGURFÖT



OPIÐ HÚS Í MK

Alþjóðasamskipti
Félagsgreinar
Listgreinar
Raungreinar
Viðskiptagreinar
Opin stúdentsbraut
Framhaldsskólabraut
Grunndeild matvæla- og ferðagreina
Starfsbraut fyrir einhverfa

Bakstur - bakari
Framreiðsla -þjónn
Matreiðsla - kokkur

Ferðamála- og leiðsögunám
Matsveina- og matartæknanám
Meistaránám í matvælagreinum

Fimmtudag
10. mars
Kl.16.30-18.30

3ja ára stúdentsnám

Hjartað slær í MK



Menntaskólinn í Kópavogi

þekking- þroski- þróun- þátttaka

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvæla skólinn
Ferðamála skólinn og Leiðsöguskólinn

Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

ALLS EKKI ÞÆGILEG INNIVINNA

Pálmi Gestsson leikari hefur komið víða við á 34 ára starfsferli sínum. Nýlega lauk sýningum á Ófærð í sjónvarpinu og kvikmyndin Fyrir framan annað fólk var frumsýnd í síðustu viku við góðar undirtektir. Hugurinn stefnir þó alltaf til óðalsins á Bolungarvík þangað sem hann sækir jarðtengingu og næringu á uppgerðu æskuheimili sínu.

Leikarinn góðkunnir Pálmi Gestsson hefur svo sannarlega ekki setið auðum höndum undanfarið ár. Nýlega lauk sjónvarpsþáttaseríunni vinsælu Ófærð, þar sem Pálmi lék Hrafn bæjarstjóra með eftirminnilegum hætti og í síðustu viku var kvikmyndin Fyrir framan annað fólk frumsýnd þar sem Pálmi fer á kostum í hlutverki Finns Finnssonar, föður aðalkvenpersónu myndarinnar.

Það er einnig nóg að gera á fjöllum Þjóðleikhússins þar sem Pálmi hefur starfað undanfarin 33 ár. Í vetur hefur hann leikið í Sporgvagninum Girnd og í næstu viku verður blóðuga vampíruleikritið Hleyptu þeim rétta inn frumsýnt. „Svo erum við Spaugstofufélagarnir að sýna 30 ára afmælisýningu okkar, Yfir til þín, sem átti nú bara að sýna eina helgi eða tvær í haust en fékk svo góðar viðtökur að við erum enn að fyrir fullu húsi! Við erum afar þakklátir og hræðir yfir þessum frábæru viðtökum.“

ÞYKIR VÆNT UM FINN

Kvikmyndin Fyrir framan annað fólk hefur fengið góða dóma og viðtökur. Pálmi er ánægður með myndina og þykir afar vænt um hinn lífsglaða og margbrotna Finn Finnsson sem hann leikur. „Finnur á sér margar fyrirmyndir og við öll þökkjum þá eðlisþætti sem búa í honum. Þegar maður býr til persónur eða túlkar, leitar maður alltaf í sjálfan sig og reynslu sína af fólki og mannlegum samskiptum í gegnum tíðina. Þannig má finna heilmikið bæði af mér og mörgum öðrum í þeim góða manni.“

Leikstjóri myndarinnar er Óskar Jónasson og segir Pálmi ákaflega gott að vinna með honum. Hann hafi verið mjög vel undirbúinn og vitað nákvæmlega hvað hann vildi. „Ég hef aldrei



„Eftirspurn eftir mér til að leika illmenni hefur verið töluverð og ég hef haft óskaplega gaman af að spreyta mig á þeim,“ segir Pálmi Gestsson leikari. MYND/ANTON BRINK

unnið með kvikmyndaleikstjóra sem æfir eins mikið. Það skilur sér margfalt á tókustað og um leið í betri útkomu. Allt vinnuferlið gekk óvenju vel og ekki má gleyma þætti framleiðandans, True North með Kristín Thordarson í fararbroddi. Þetta var sem sagt draumapróduð sjón.“

BJARTIR TÍMAR FRAM UNÐAN

Undanfarna tvo mánuði sat stór hluti þjóðarinnar límdur við sjónvarpsskjáinn og fylgdist með

“Fyrir mörgum árum var talað um íslenska kvikmyndavorið. Nú er komið hásumar og mjög spennandi tímar fram undan. Pálmi Gestsson

Ófærð. Pálmi segir það hafa verið feykilega gaman að taka þátt í gerð þáttanna en um leið hafi sú vinna verið mjög krefjandi. „Álagið var mikið en upptökur þáttanna tóku um hundrað daga. Aðstæður voru oft snúnar þegar upptökur fóru fram úti á landi í vondum veðrum og margir leikararnir fastir í leikhúsunum hér fyrir sunnan. Sjálfur lenti ég í því að fljúga norður, eftir æfingar í Reykjavík, og leika um nóttina þar og freista þess að ná morgunvélinni suður til að geta mætt í leikhúsið um morguninn. Síðan var flogið aftur eftir æfingu norður og leikið næstu nótt. En þetta er sá veruleiki sem við búum við hér á landi. Þetta er nú ekki alltaf þægileg innivinna eins og Flósi Ólafsson leikari sagði einhvern tíma.“

Hann segir það hafa verið verðugt verkefni og um leið skemmtilega og athyglisverða glímu að fást við við bæjarstjórnann góða á Siglufirði. Þótt stór hluti þjóðarinnar hafi oftast séð Pálma í ýmsum hlutverkum í Spaugstofunni hefur hann á löngum leikhúsfirli leikið á annað hundrað hlutverk og mörg hver afar dramatísk. „Eftirspurn eftir mér til að leika illmenni hefur verið töluverð og ég hef haft óskaplega gaman af að spreyta mig á þeim, enda fátt skemmtilegra í starfi leikarans en að kanna sálarkima manneskjunnar á sem víðastan hátt, ekki síst myrkviði hennar. Þegar hinar myrkari og erfiðari sálarflækjur mannlegs eðlis eru kannaðar varpar það skýrara ljósi á þá kosti sem við viljum heldur að þrýði fólk og gerir manni kannski auðveldara að feta frekar þær götur sem eru dyggðum þrýddari og að þeim eðlisþáttum sem við viljum heldur

sjá í fari sjálfra okkar og annarra.“

Hann rifjar upp þegar hann og vinur hans og kollegi, Ólafur Egill Egilsson, léku illa innrætta skúrka í sýningu Þjóðleikhússins á Hreinsun eftir Sofíe Oxanen. „Við veltum þá fyrir okkur hvers vegna þrýðismenn eins og við veldumst til að leika þessi ómenni og komumst að því að það sé nauðsynlegt að gegnheil góðmenni leiki skúrka og illmenni svo bragð sé að.“

JARÐTENGING Í BOLUNGARVÍK

Í starfslýsingu felst m.a. að umsjónarmaður fasteigna

- annist daglegan rekstur húsnæðis Kvennaskólans og hefur eftirlit með umgengni um það
- beri ábyrgð á að aðgengi að húsum sé greitt er starfsemi hefst að morgni s.s. vegna snjóa og annarra orsaka.
- annist minni háttar viðhald á breiðum grundvelli og hafi góða þekkingu til þess að meta ástand hverju sinni bæði á húsum og tækjabúnaði
- beri ábyrgð á ræstingu og samskiptum við ræstingafólk og ræstingaaðila
- annist áætlanagerð á sviði viðhalds og endurbóta í samráði við skólameistara og tengilið Ríkiseigna
- hafi frumkvæði að greiningu á þjónustuþáttum tengdum rekstri og þjónustu við húsnæðið s.s. notkun rafmagns og hita og annarra þátta sem vega þungt í rekstrarkostnaði
- hafi eftirlit með framkvæmdum vegna lóðar og húsnæðis í samráði við skólameistara og tengilið Ríkiseigna
- beri ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samvisskusamlega og innan settra tímamarka þannig að skólinn geti hverju sinni veitt notendum sínum sem besta þjónustu.

Hæfni- og menntunarkröfur:

Krafist er iðnmenntunar, tölvukunnátta, skipulagshæfileika, frumkvæðis, þjónustulípurðar og hæfni í samskiptum. Viðkomandi þarf að vera reyklaus, heilsuhausstur og tilbúinn til að takast á við margvísleg verkefni á skemmtilegum vinnustað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til 21. mars.

Umsóknir sem greina frá menntun og starfsreynslu skulu sendar til Kvennaskólans í Reykjavík, Fríkirkjuvegi 9, eða í netfangið hjalti@kvenno.is merkt „starfsumsókn“. Ekki þarf að sækja um á sérstöku eyðublaði. Umsókn þarf að fylgja sakavottorð í samræmi við 4. mgr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar veitir Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari í síma 5807600 eða í netfanginu hjalti@kvenno.is.



STARF FJÁRMÁLASTJÓRA KEILIS

Keilir óskar að ráða í krefjandi starf fjármálastjóra hjá lifandi, skemmtilegu og ört stækkandi fyrirtæki. Hjá Keili eru fimm ólík menntasvið, auk nokkurra dótturfélaga, sem samtals veltu um einum milljarði króna á árinu 2015.

Við leitum að rétttri mannsku með viðeigandi reynslu. Háskólamenntun áskilin. Áhugasamir eru beðnir um að senda inn umsókn og fylgigögn fyrir 15. mars næstkomandi á netfangið starfsumsokn@keilir.net.

Keilir starfar eftir jafnréttis- og fjölskyldustefnu. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // www.keilir.net



Spennandi starf í fjárfestingageiranum

Stefnir leitar að sérfræðingi í sérhæfðum fjárfestingum

Sérhæfðar fjárfestingar sjá um rekstur framtaksfjárfestingasjóða sem fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum.

Helstu verkefni

- Greiningar á fyrirtækjum og atvinnugreinum
- Kynningar og mat á fjárfestingakostum
- Upplýsingagjöf og skýrslugerð

Hæfni og þekking

- Próf í hagfræði, verkfræði, viðskiptafræði eða tengdum greinum
- Tveggja ára starfsreynsla að lágmarki
- Góð almenn kunnátta á Microsoft Office
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Þekking og brennandi áhugi á íslensku atvinnulífi
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Arnar Ragnarsson**, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga, netfang arnar.ragnarsson@stefnir.is, sími 444 6802.

Umsóknir skal senda á umsokn@stefnir.is

Umsóknarfrestur er til og með 11. mars 2016

Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Stefnir hf. er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins og þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum.





Staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann í Þorlákshöfn. Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólastjóra við Grunnskólann í Þorlákshöfn

Í skólanum eru 210 nemendur í 1. – 10. bekk og við hann starfar hæft og vel menntað starfsfólk. Mikill stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi sem endurspeglast í einkunnarorðum skólans sem eru: Vinátta, virðing og velgengi. Starfsfólk og nemendur skólans vinna að metnaði að aukinni umhverfisvitund og minnkun matarsóunar og er skólinn þátttakandi í verkefnum Skólar á grænni grein. Húsnæði skólans er afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum, en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamáluðum að miklum metnaði og stutt við menntun starfsmanna. Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu, skýrri sýn á skólastarf og leggur áherslu á velliðan og árangur nemenda í samstarfi við aðra starfsmenn skólans.

Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er að:

- Veita faglega forystu og móta framtíðarsýn í samræmi við skólastefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.
- Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra.
- Bera ábyrgð á félagsstarfi nemenda innan skólans og hafa umsjón með tómsundastarfi og lengdri viðveru nemenda.
- Veita markvissa kennslufræðilega leiðsögn og endurgjöf til starfsmanna.
- Annast skipulagningu forfalla og skráningu þeirra.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og kennslureynsla í grunnskóla.
- Viðbótarmenntun í stjórnun menntastofnana og reynsla af stjórnun.
- Góðir skipulagshæfileikar og færni í stundatöflugerð.
- Reynsla af umsjón með innra mati/sjálfsmati grunnskóla æskileg.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á þróunarstarfi.

Umsókninni skal fylgja ferilskrá um störf umsækjanda, menntun og stjórnunarreynslu og nöfn tveggja umsagnaraðila. Einnig skal fylgja greinargerð þar sem fram koma hugmyndir umsækjanda um skólastarf og tilgreina þau verkefni sem viðkomandi hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfinu.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2016. Umsækjendur skili umsókn í tölvupósti á netfangið gudrun@olfus.is fyrir mánudaginn 21. mars 2016.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanevndar íslenskra sveitarfélaga. Nánari upplýsingar um starfið veitir: Guðrún Jóhannsdóttir skólastjóri, gudrun@olfus.is s. 480 3850.

Járnsmiður / vélsmiður

BM Vallá óskar eftir að ráða járnsmið eða vélsmið til starfa í viðhaldsdeild fyrirtækisins í Reykjavík.

Vinnan felst aðallega í viðhaldsverkefnum, bæði í verksmiðjum og á tækjum fyrirtækisins, en einnig í einhverjum nýsmiðum.

Umsóknarfrestur er til 13. mars 2016.

Vinsamlegast sendið umsóknir á gylfi@bmvalla.is



BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Menntasvið

- Starfsmaður í Salalaug

Grunnskólar

- Smíðakennari í Snælandsskóla

Velferðarsvið

- Starfsmaður í íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk
- Einnig hefur verið opnað fyrir sumarstörf.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is

FLUGUMSJÓNARMENN



ISLENSKA SÍASÍS ICE 78823 03/16

Vegna aukinna umsöfva óskar Icelandair eftir að ráða flugumsjónarmenn í áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og vönduð vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

STARFSSVIÐ:

- Gerð flugáætlana (Flight Planning)
- Eftirlit með flugvélum félagsins (Flight Following)
- Önnur tilfallandi verkefni í flugumsjón

HÆFNISKRÖFUR:

- Gilt skirteini flugumsjónarmanns
- Góð skipulagshæfni
- Hafa metnað til að ná árangri í starfi
- Góð tölvufærni
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Jákvætt hugarfar og rík þjónustulund

Umsóknum þurfa að fylgja eftirfarandi gögn:

- Afrit af skirteini flugumsjónarmanns
- Afrit af prófskirteinum ásamt einkunnum fyrir allt bóklegt flugumsjónarnám
- Afrit af stúdentskirteini eða öðrum sambærilegum prófskirteinum
- Nýtt sakavottorð

Starfsstöð er á Keflavíkurflugvelli og er unnið á dag- og næturvöktum (2-2-3).

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veita:

Birgir Örn Ólafsson | birgir@icelandair.is
Kristín Björnsdóttir | starf@icelandair.is

+ Umsóknir, ásamt ferilskrá, óskast fylltar út eigi síðar en 12. mars 2016 á vefsíðunni: www.icelandair.is/umsokn



ERT ÞÚ EFNI Í

góðan Ósara?

BARNAHEIMILIÐ ÓS leitar að frábærum einstaklingi í 100% starf.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Leikskólakennaramenntun, sambærileg menntun eða reynsla af starfi með ungum börnum
- Hæfni til að vinna í samræmi við faglegar kröfur leikskólans
- Góð samskiptahæfni
- Jákvæðni, viðsýni og umburðarlyndi

Ós er foreldrarekinn leikskóli í hjarta miðbæjarins. Á leikskólanum eru 33 börn á þremur deildum og 11 starfsmenn. Við leggjum áherslu á faglegt starf, gleði, einstaklingsathygli, samheldni og vináttubrag. Samvinna við fjölskyldur barnanna er ríkur þáttur í daglega lífinu á Ósi svo við getum stuðlað að velliðan og góðum alhliða þroska barnanna. Ós er góður og hlýlegur vinnustaður þar sem allir skipta máli.

Allar nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 552-3277 eða í gegnum netfangið os1@simnet.is. Umsóknarfrestur til 14. mars nk.



BARNAHEIMILIÐ ÓS
Bergþórugata 20, 101 Reykjavík

Veitingastaðurinn Sægreifinn auglýsir eftir hörkuduglegu starfsfólki.

Um er að ræða fullt starf sem yrði blanda af dagvinnu, kvöldvinnu og annarri hverri helgi. Einnig vantar okkur skólafólk sem getur unnið ca 1 kvöld í viku og aðra hverja helgi og yrði þá áfram út sumarið. Erum einnig að auglýsa eftir starfsfólki fyrir sumarið, frá júní og út ágúst. Æskilegt er að manneskjan sé eldri en 20 ára, snyrtileg, stundvís, reyklaus, ábyrg, brosmild, sýni frumkvæði í vinnu og hafi ríka þjónustulund. Íslenska og enska skilyrði. Þarf að geta byrjað strax.

Umsóknir berist á seabaron8@gmail.com



GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF Óskar eftir að ráða sölufulltrúa í innanlandsdeild 100% starfshlutfall - framtíðarstarf

Guðmundur Jónasson ehf er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins. Fyrirtækið rekur öfluga ferðaskrifstofu, gerir út fjölda hópferðabifreiða og rekur auk þess gistiheimum. Hjá fyrirtækinu starfar samhentar hópur starfsfólks með breiða þekkingu og reynslu af ferðaþjónusturekstri.

Við leitum að fólki sem býr yfir eftirfarandi kostum:

- brennandi áhugi á sölumennsku
- góð tungumálakunnátta, a.m.k. íslenska og enska
- góð tölvukunnátta, Word, Excel, Outlook o.fl.
- fjölbærni, nákvæmni, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla og/eða menntun í ferðaþjónustu æskileg
- haldgóð þekking á landafræði Íslands og íslenskrar ferðaþjónustu

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars

Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf á umsækjanda ásamt ítarlegri starfsferilskrá.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Valgerður Lindberg, sölustjóri ferðaskrifstofu, en umsóknunum skal skilað á netfangið valgerdur@gjtravel.is



Alda Hótel Reykjavík óskar eftir að ráða starfsfólk í fullt starf á næturvakt í gestamóttöku.

Mikill metnaður er lagður í að gera hótelið að skemmtilegum og fjölbreyttum vinnustað. Við viljum vinna með jákvæðu, skemmtilegu og metnaðarfullu starfsfólki. Stefna hótelsins er að veita starfsmönnum sínum kost á að vinna að faglegri þróun, svo þeir verði sem best fallnir til þess að sinna sínum störfum af kostgæfni.

Starfssvið:

- Ábyrgð á móttökusvæði Alda Hótel Reykjavík
- Móttaka gesta, innritun og útritun
- Að bóka mismunandi bókanir og vinnsla á bókunarkerfi
- Svára tölvupóstum, fyrirspurnum og bókunum
- Þjónusta hótलगesta

Hæfniskröfur:

- Haldbær menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Framúrskarandi ensku kunnátta er skilyrði og önnur tungumál æskileg
- Sveigjanleiki, framúrskarandi þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísi, glaðværð, metnaður, jákvæðni og frumkvæðni eru skilyrði
- Hreint sakarvottorð

Umsóknir sendist á Helgu, hb@aldahotel.is



FRUMBJÖRG Frumkvöðlamiðstöð Sjálfsbjargar

Frumkvöðlar óskast

Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra opnaði nýverið frumkvöðlamiðstöð, Frumbjörg – Frumkvöðlamiðstöð Sjálfsbjargar, og er hún staðsett í Sjálfsbjargarhúsinu, Hátúni 12, Reykjavík.

Nú leitum við að frumkvöðlum, einstaklingum, hugvitsfólki, sem vantar aðgengilega skapandi starfsaðstöðu til að vinna að sínum viðskiptahugmyndum. Annars vegar leitum við að hreyfihömluðum / fötluðum einstaklingum sem eru að vinna að nýsköpunarhugmynd eða ófötluðum einstaklingum sem eru að vinna að nýsköpunarhugmyndum á velferðar- og/eða heilbrigðissviði.

Ef þú fellur innan fyrrnefndra lýsinga, vinnur að nýsköpun og vantar starfsaðstöðu í skapandi umhverfi með frábært aðgengi jafnt fyrir fatlaða sem ófatlaða, endilega leyfðu okkur að heyra í þér. Sjálfsbjargarhúsið er mjög vel staðsett í Reykjavík, næg bílastæði, frábært aðgengi fyrir fatlaða, aðgangur er að góðu mótuneyti, faglegur stuðningur er til staðar, og leigan er sanngjörn.

Í miðstöðinni er þegar búið að setja upp vísi að Fab Lab, en það er frumkvöðlafyrirtækið Elab sem verður þar með nýstárlegan tækjabúnað sinn (m.a. Þrívíddarprentara ofl.) sem okkar frumkvöðlar munu hafa greiðan aðgang að gegn vægu gjaldi.

Náið samstarf verður við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Háskólann í Reykjavík, Icelandic Startup og fleiri um ýmsan faglegan stuðning við þátttakendur.

Endilega skoðuðu vefsíðu okkar www.frumbjorg.is og kynntu þér miðstöðina og sendu okkur síðan skilaboð frumbjorg@frumbjorg.is ef þú hefur áhuga.

Frumbjörg – Frumkvöðlamiðstöð Sjálfsbjargar er frumkvöðlamiðstöð sem Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra stendur að og er þar að svara ákalli fatlaðra um ófatlaðra um slíka aðstöðu. Með miðstöðinni skapast aðstaða fyrir fatlaða frumkvöðla til að vinna að sínum nýsköpunarhugmyndum og myndar þar brú fyrir þá út á atvinnumarkaðinn. Þá er ófötluðum einstaklingum sem vinna að nýsköpun á heilbrigðis- og velferðarsviði einnig boðin aðstaða.



SÖLUFULLTRÚI FYRIR HÓTEL- OG VEITINGAHÚSAMARKAÐ

Við leitum að metnaðarfullum og orkuríkum einstaklingi sem er góður í mannlegum samskiptum. Þekking á þessum markaði er kostur.

HELSTU VERKEFNI:

- Tilboðsgerð, úrvinnsla og eftirfylgni
- Sala og þjónusta til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskiptavina/sambanda
- Upplýsingar og ráðgjöf hvað varðar almennar rekstrarvörur fyrir hótél, veitingastaði og veisluþjónustur

HÆFNISKRÖFUR:

- Góð framkoma og reynsla af sölustörfum
- Góð tölvukunnátta æskileg – Navision 2016
- Hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og fagmennska í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Umsókn skal merkja „Hótel og veitingahús“.

Starfið er á fyrirtækjasviði Olís sem meðal annars rekur Rekstrarland. Á fyrirtækjasviði starfar samheldin og árangursdrifin liðsheid. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda í tölvupósti á borkur@olis.is fyrir 15. mars.

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

515 1000 www.olis.is



KRAFTMIKILL SÖLUMAÐUR ÓSKAST TIL STARFA

Pósturinn leitar að öflugum einstaklingi í sölu eild Póstsins, starfið felst í sölu á auglýsingalausnum Póstsins og öðrum tilfallandi verkefnum.

Starf

- Kynning og sala á þjónustu til nýrra viðskiptavina
- Fyrirtækjaheimsóknir

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi eða mikil reynsla af sölustörfum til fyrirtækja.
- Vera árangursdrifinn með hæfileika í mannlegum samskiptum og framúrskarandi þjónustulund
- Eiga auðvelt með að skipuleggja sölu og sjá ný tækifæri
- Frumkvæði og geta unnið sjálfstætt
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð tölvuþekking

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elvar Bjarki Helgason forstöðumaður Fyrirtækjasölu á netfanginu elvarh@postur.is.

Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu Póstsins ásamt að senda inn starfsferilsskrá og mynd. Umsóknarfrestur er til 14. mars 2016. Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



www.postur.is



Schindler

Rafvirki eða vélvirki

Héðinn Schindler lyftur ehf.
óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja

Starfssvið:

Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar og hæfniskröfur:

Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.



Fálkinn hf. leitar eftir drifandi stjórnanda fyrir vélasvið félagsins.

Um er að ræða spennandi starf með nýjum eigendum Fálkans. Viðkomandi þarf að hafa góða samskipta- og stjórnunarhæfileika auk frumkvæðis til að sækja fram og greina ný tækifæri. Starfið heyrir beint undir framkvæmdastjóra.

Haldbær reynsla, tæknikunnátta og þekking á bíla- og vélavörumarkaði er æskileg ásamt ríkum þjónustuvilja. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af erlendum samskiptum, vörustýringu, innkaupum og sölu- og tilboðsgerð. Starfinu fylgir mannaforráð.

Umsókn ásamt ferilsskrá sendist á ib@falkinn.is fyrir 14 mars nk.



Háskólinn
á Akureyri

Forseti hug- og félagsvísindasviðs

Staða forseta fræðasviðs við Háskólann á Akureyri er 100% og felur meðal annars í sér yfirumsjón með allri starfsemi og rekstri fræðasviðsins og stefnumörkun í málefnum fræðasviðsins undir stefnu háskólans. Næsti yfirmaður forseta fræðasviðs er rektor háskólans. Til greina kemur að forseti fræðasviðs komi að kennslu og rannsóknnum innan fræðasviðsins sem hluta af starfi sínu. Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf 1. ágúst 2016. Starfsstöðin er á Akureyri.

Helstu ábyrgðarþættir:

- Frumkvæði og forysta um málefni fræðasviðsins.
- Stjórnsýsluleg og rekstrarleg ábyrgð á málefnum fræðasviðsins.
- Yfirumsjón með rannsóknarvirkni og kennslu á sviðinu.
- Framkvæmd gæðastjórnunar á fræðasviðinu í samráði við gæðastjóra.
- Starfsmannamál á sviðinu.
- Yfirumsjón með innlendum og erlendum samskiptum fræðasviðsins.
- Seta í framkvæmdastjórn skólans og er hluti af yfirstjórn skólans.

Rektor ræður forseta fræðasviðs til fjögurra ára í senn. Við ráðningu er notast við sjálfstætt mat fagaðila til að meta stjórnunar- og samskiptahæfileika ásamt stjórnunarreynslu viðkomandi. Jafnframt er litið til umsagnar hug- og félagsvísindasviðs ásamt því að haft er samráð við háskólaráð um ráðninguna.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólakennara á Akureyri og fjármálaráðherra.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Umsækjendur skulu uppfylla almenn hæfisskilyrði sem háskólakennarar á vettvangi þeirra fræða sem annað hvort eru kennd á fræðasviðinu eða tengjast mjög náið helstu viðfangsefnum þess.

- Doktorspróf er skilyrði og æskilegt að prófið sé á vettvangi fræða sem kennd eru á viðkomandi fræðasviði eða tengjast viðfangsefnum þess.
- Hæfileiki til að byggja upp og leiða teymi akademískra starfsmanna.
- Reynsla af rekstri og stjórnun.
- Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn.
- Reynsla af starfi innan háskóla er æskileg.
- Reynsla af störfum sem tengjast viðfangsefnum á fræðasviðinu er æskileg.
- Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar um hug- og félagsvísindasvið er að finna á vef háskólans á slóðinni: <http://www.unak.is/hugogfelagsvisindasvid>

Umsóknarfrestur er til og með **15. mars 2016.**

Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið er að finna á starfatorg.is og vef háskólans

www.unak.is/lausstorf

Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um laus störf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eyjólfur Guðmundsson rektor Háskólans á Akureyri. Umsóknir og fyrirspurnir skal senda á netfangið rektor@unak.is.

Hefur þú áhuga á íslenskri sögu, handverki og hönnun? Viltu slást í hópinn?

Rammagerðin opnar glæsilega nýja verslun að Skólavörðustíg 12 og leitar að starfsmönnum bæði í framtíðar- og sumarstörf.

— Hæfniskröfur: —

Tungumálabekking: íslenska og enska eru skilyrði. Öguð vinnubrögð og sveigjanleiki. Framúrskarandi þjónustuhæfileikar.

Hvetjum bæði karla og konur til að sækja um. Aldursviðmið er 20 ár. Um er að ræða heilsdags- og hlutastörf.


Vinsamlegast sendið umsókn með ferilsskrá á netfangið: rammagerdin@rammagerdin.is. Umsóknarfrestur er til 14.mars.

Rammagerðin er ein elsta gjafavöruslun landsins og hefur selt íslenskt handverk og hönnun síðan 1940.



RAMMAGERÐIN

Iceland Gift Store



Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



www.talent.is | talent@talent.is

lind@talent.is bryndis@talent.is



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Starf sérfræðings í mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Auglýst er laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu mennta og vísindamála í mennta og menningarmálaráðuneytinu. Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars. 2016



SPENNANDI STÖRF Í STJÓRNSÝSLU HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐS

Leitað er að verkefnastjórum á skrifstofur Heilbrigðisvísindasviðs, Hjúkrunarfræðideildar og Læknadeildar.

Umsóknarfrestur er til og með 7. mars 2016.

Nánari upplýsingar um störf eru á hi.is/laus_storf



HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is



Kokkur / matráður

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir eftir kokki/matráði til starfa í veitingasölu þjóðgarðsins í Skaftafelli í Öræfum.

Starfstímabilið er frá byrjun maí til loka september, en þó er mögulegt að semja um skemmri tíma. Í starfinu felst:

- Matargerð og umsjón með matargerð: súpur og léttir réttir
- Verkstjórn í eldhúsi
- Pantanir vegna veitinga

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2016

Laun eru greidd samkvæmt kaupskrá Matvís, sjá matvis.is. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigrún Sigurgeirsdóttir í síma 842-4235.

Tekið er við umsóknum með ferilskrá á netfangi Sigrúnar: sigrun@vjp.is



Viltu gera eitthvað skemmtilegt í sumar?

Þú getur sótt um sumarstarf hjá Kópavogsbæ

Til að sækja um sumarstarf þarftu að fara inn á vef Kópavogsbæjar, kopavogur.is. Þar finnur þú líka allar nánari upplýsingar um störf sem eru í boði.

- Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili í Kópavogi.
- Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri (fæddir 1998 eða fyrr).



Kópavogsbær

kopavogur.is

PIRÁTBWA - SÍA - 161335



ÞRIFA- OG HREINLÆTISRÁÐGGJAFI - MATVÆLAIÐNAÐUR

Við leitum að öflugum þrifa- og hreinlætisráðgjafa til að selja fjölbreytt úrval vörutegunda til matvælaiðnaðarins.

HELSTU VERKEFNI:

- Tilboðsgerð, þrifaáætlanir, úrvinnsla og eftirfylgni
- Sala, þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Upplýsingar og ráðgjöf hvað varðar almennar rekstrarvörur og hreinlætisvörur

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af sölustörfum og rík þjónustulund
- Þekking á þrifakerfum og virkni þeirra
- Þekking og reynsla varðandi HACCP-kerfið
- Góð þekking á vinnsluvélum og gerð þrifaáætlana
- Þekking og ráðgjöf varðandi æskileg hreinlætis- og sótthreinsiefni í matvælaiðnað

Umsókn skal merkja „Matvælaiðnaður“.

Starfið er á fyrirtækjasviði Olís sem meðal annars rekur Rekstrarland. Á fyrirtækjasviði starfar samheldin og árangursdrifin liðsheild. Umsókn ásamt ferilskrá skal senda í tölvupósti á borkur@olis.is fyrir 15. mars.

Hjá Olís er lögð áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsueflingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

515 1000 www.olis.is



VILTU TAKA ÞÁTT?



VIÐ LEITUM AÐ BÓKARA




Slökkviliðið vill ráða bókara til starfa á skrifstofuna í Skógarhlíð 14. Um fullt starf er að ræða og kostur ef viðkomandi getur hafið störf fyrir miðjan apríl.

Við leitum að jákvæðum og öflugum einstaklingi sem vill tilheyra okkar liði, getur starfað sjálfstætt og hefur gott frumkvæði.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2016. Nánari upplýsingar um starfið má finna á www.shs.is.

Slökkviliðið höfuðborgarsvæðisins - Skógarhlíð 14 - S: 528-3000

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



Slástu í hópinn og hjálpaðu okkur að leysa krefjandi verkefni fyrir flugiðnaðinn



Verkefnastjóri í upplýsingatækni

Sabre á Íslandi leitar að verkefnastjóra með reynslu af upplýsingatækni til að slást í hóp skemmtilegra snillinga. Viðkomandi mun stýra innleiðingarverkefnum á lykillausn fyrirtækisins, Sabre Intelligence Exchange™ til leiðandi flugfélaga út um allan heim. Sabre Intelligence Exchange™ er leiðandi hugbúnaðarlausn sem flugfélög nota til að greina og vinna úr rekstrargögnum í rauntíma. Lausnin gegnir lykilhlutverki í upplýsingatæknikerfum hjá yfir 50 flugfélögum út um allan heim.

Ábyrgðarsvið

- Verkefnastjórnun á innleiðingu upplýsingatæknikerfa
- Fjárhags- og tímastjórnun verkefna
- Áhættumat og upplýsingagjöf til næstráðanda
- Vinna með stjórnendum við að tryggja framgang verkefna, eftirfylgni og fjarlægja hindranir

Hæfniskröfur

- Geta til að halda utan um mörg samhliða verkefni
- Reynsla af því að vinna með alþjóðlegum teyimum
- Hæfni til að leiða framkvæmd verkefna
- Mjög góð enskukunnátta
- BSc/MSc gráða í verkefnastjórnun, verkfræði eða tölvunarfræði
- Vottun í IPMA, PRINCE, PMP eða SCRUM er kostur
- 2-3 ára reynsla af verkefnastjórnun

Umsóknir sendist á:

rek.info@sabre.com fyrir 7. mars nk.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér frekar starfsemi Sabre á heimasíðu okkar www.sabre.com.

Við erum stolt af því að bjóða upp á starfsumhverfi sem hvetur til þróunar og samvinnu, tryggir jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnframt sem okkur hefur tekist að halda virkri frumkvöðlamenningu.

Sabre

Vesturhlíð 7, 105 Reykjavík Tel. +354 525 9100
sabreairlinesolutions.com

EIGNAMIDLUN

Sala fasteigna frá

Elsta starfandi fasteignasala landsins

1957

Löggiltur fasteignasali eða nemi óskast

Eignamiðlun óskar eftir löggiltum fasteignasala eða nema í löggildingu í sölustarf.

Þeir sem hafa áhuga á starfinu sendi upplýsingar um menntun og fyrri störf á anna@eignamidlun.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Eignamiðlun er elsta fasteignasala Íslands, þar starfa nú 11 löggiltir fasteignasalar.



588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík



Stjörnugrís

Óskar eftir að ráða kjötiðnaðarmann við störf í vinnslu.

Starfslýsing:


Lögun, reyking, söltun, skinkugerð og önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

Sjálfstæð vinnubrögð, stundvísir, og frumkvæði, góð samskiptahæfni, snyrtimennska Góð almenn tölvukunnátta, sem og íslensku- og enskukunnátta.

Fullum trúnaði heitið .

Vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is merkt „Kjötiðnaðarmaður-0503“



Keahótel óska eftir að ráða starfsmann í sölu- og markaðsdeild fyrirtækisins á aðalskrifstofu þess á Akureyri

Um er ræða 100% starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni

- Umsjón með heimasíðum & bókunarvél hótellanna
- Umsjón með uppfærslu efnis á heimasíðum fyrirtækisins og öðrum netmiðlum
- Uppfærsla upplýsinga og efnis til samstarfsaðila
- Uppfærsla sölukerfa og vinna við tekjustýringu hótellanna
- Vörupróun tengd sölu á heimasíðu & póstlistum
- Þáttaka í almennu markaðsstarfi
- Sölu- og markaðsstarf á netinu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta
- Grunnþekking á html kostur

Hjá Keahótelum ríkir góður starfsandi og við sækjumst eftir að ráða jákvæða og áhugasama einstaklinga til liðs við okkur sem búa yfir ríkri þjónustulund og metnaði til að fara fram úr væntingum gesta okkar.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá og mynd berist á netfangið ester@keahotels.is fyrir 15.mars nk.

 KEAHÓTEL



Verkstjóri óskast

Óskum eftir vönum verkstjóra í fullt starf. Reynsla af jarðvinnuframkvæmdum er skilyrði. Senda skal umsóknir með ferilskrá á netfangið elvar@gleipnir.is

Viltu læra flugvirkjun?

Innritun fyrir haustið stendur yfir. Nánari upplýsingar á www.flugskoli.is



Verkefnastjóri MBA-náms

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík leitar að kraftmiklum einstaklingi í fjölbreytt og krefjandi starf verkefnastjóra MBA-náms. Verkefnastjóri ber ábyrgð á rekstri og umsjón námsbrautarinnar ásamt forstöðumanni.

Í boði er spennandi starf í metnaðarfullu og lifandi háskólaumhverfi. Starfið veitir ýmis tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir nemendur.

Starfssvið

- Stjórnun á daglegum rekstri námsbrautar
- Samskipti við nemendur og kennara
- Viðburðastjórnun á vegum MBA
- Kynningar- og markaðsstarf
- Samstarf við útskrifaða MBA-nemendur
- Þátttaka í þróun námsbrautarinnar

Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil skipulagshæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Fagmennska og vilji til að veita frábæra þjónustu
- Mjög góð enskukunnátta er skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars 2016.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristján Vigfússon (krisjanv@ru.is), forstöðumaður MBA-náms, og Sigríður Elin Guðlaugsdóttir (sigridureg@ru.is), mannauðsstjóri Háskólans í Reykjavík. Umsóknur skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, radningar.hr.is. Farið er með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfaglega, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3800 í fjórum deildum og um 250 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | www.hr.is

Vissir þú að...



börn eiga rétt
að leika sér

Sérfræðingur í fjárstýringu

Vantar þig tækifæri til að sýna frumkvæði?

Fjárstýring og greiningar OR leita að jákvæðum og kraftmiklum liðsmanni í samstillt teymi sérfræðinga sem sjá um greiningar og upplýsingagjöf um fjárhagsstöðu OR samstæðunnar. Teymið leiðir innleiðingu á aðferðarfræðinni „Beyond Budgeting“ hjá samstæðunni.

Ef þú hefur góða þekkingu á fjárstýringu, menntun við hæfi, áhuga á greiningum, hugsar í lausnum og nýtur þín í samskiptum hvetjum við þig til að sækja um starfið. Við leitum sérstaklega að umsækjendum sem vilja stuðla að stöðugum umbótum í anda straumlinustjórnunar og öðlast nýja þekkingu.

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is. Eingöngu er tekið á móti umsóknum á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2016.



Jafnansættisráð
PwC
2016




JAFNRÉTTISRÁÐ

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.



SAMSKIP



> Þjónusturáðgjafi í þjónustudeild

Samskip leita að áhugasömum, jákvæðum og metnaðarfullum starfsmanni til að veita viðskiptavinum félagsins þjónustu og ráðgjöf.

Menntunar- og hæfnikröfur

- Viðskiptafræðimenntun eða önnur sambærileg menntun
- Góð tölvuþekking
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Eiginleikar

- Rík þjónustulund og fágúð framkoma
- Afburða samskiptahæfileikar
- Jákvæðni, dugnaður og frumkvæði
- Reglusemi og góð ástundun

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Samskipa www.samskip.is og óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 13. mars.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birna Ragnarsdóttir forstöðumaður þjónustudeildar í netfangi gbirna.ragnarsdottir@samskip.com

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál

Rekstur heimagistingar í Reykjanesbæ

Til sölu rekstur á heimagistingu í Reykjanesbæ.

Góð bókonarstaða.

Rekstrinum fylgir íbúð og mjög hagstæður leigusamningur. Jafnframt er möguleiki á kaupum á fasteigninni.

Tilvalið atvinnutækifæri fyrir einstaklinga eða ferðaþjónustuaðila sem vilja bæta við sig viðskiptum.

Fyrirspurnir berist á netfangið atiliz@atiliz.is



Getum bætt við okkur starfsfólki

Skjól hjúkrunarheimili óskar eftir sjúkraliðum og starfsfólki í umönnun

Hæfniskröfur:

Góð íslenskukunnátta, áhugi á að starfa með öldruðum, jákvæðni og góð samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Guðmundsdóttir forstöðumaður hjúkrunar í síma 522 5600, guðny@skjol.is

Umsóknir má einnig senda rafrænt í gegnum heimasíðu

Skjól www.skjol.is

Skjól hjúkrunarheimili
Kleppsvegi 64, 104 Reykjavík

Veðurstofa Íslands



Sérfræðingur í mælarekstri

Veðurstofa Íslands hefur á undanförunum árum aukið áherslu á og byggt upp mælakerfi fjarkönnunar. Stofnunin leitar að sérfræðingi í rekstur þess kerfis, sem m.a. samanstendur af föstum og færanglegum veðursjám (radar) og agnasjám (lidar). Viðkomandi starfsmaður mun koma til starfa á *Athugana- og tæknisviði* með megináherslu á störf á sviði fjarkönnunar. Hann mun auk þess koma að rekstri mælakerfa til vöktunar á nokkrum af helstu eðlisþáttum jarðar, þ.e. lofti, vatni, jökulum, jörð og hafi. Í boði er krefjandi og fjölbreytt framtíðarstarf.

Helstu verkefni

- ▶ Rekstur og uppbygging mælakerfa fjarkönnunar, vöktun gagnastrauma og gæðaeftirlit.
- ▶ Reglubundnar prófanir og kvarðanir, samskipti við framleiðendur og þjónustuaðila.
- ▶ Staðarval og uppbygging innviða við virkar eldstöðvar, könnun fjarskiptaleiða og aðkomu.
- ▶ Gagnaumsýsla, greining og miðlun upplýsinga til eftirlits og úrvinnslu.
- ▶ Mælingar í eldgosum, beiting mælitækja fjarkönnunar á vettvangi eldsumbrota.

Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólanám á sviði verk- eða tæknifræði.
- ▶ Framhaldsmenntun (M.Sc.) og/eða farsæl reynsla á sviði fjarkönnunar er kostur.
- ▶ Farsæl reynsla á sviði mælareksturs og góð tölvukunnátta. Forritunarreynsla er kostur.
- ▶ Þekking og/eða reynsla á sviði gagn-umsýslu, gagnastreymis, miðlunar og úrvinnslu mæligagna.
- ▶ Þekking og/eða reynsla í viðhaldi og viðgerð mælitækja. Eftirliti með sannprófun og kvörðun mælitækja er kostur.
- ▶ Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu.
- ▶ Góð færni í íslensku og ensku.
- ▶ Farsæl reynsla af ferðum í óbyggðum, ökuréttindi C1E er kostur.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Um er að ræða fullt starf.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Óðinn Þórarinnsson**, framvæmdastjóri *Athugana- og tæknisviðs* (odinn@vedur.is) og **Borgar Ævar Axelsson**, mannauðsstjóri (borgar@vedur.is) í síma 522 6000.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á www.starfatorg.is.

Umsóknarfrestur er til og með 21. mars nk.

Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlinda-ráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e. lofti, vatni, jörð, snjó, jökulum og hafi. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Úrvinnslu- og rannsóknasviði, Fjármála- og rekstrarsviði og Skrifstofu forstjóra. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.



HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Haf- og fiskirannsóknir í þágu þjóðar

Staða sérfræðings á sviði gagnagrunna og hugbúnaðar

Haf- og fiskirannsóknastofnun leitar eftir starfsmanni til að hafa yfirumsjón með viðhaldi, skipulagningu og uppbyggingu gagnagrunna ásamt því að hafa umsjón með hugbúnaði og hugbúnaðarþróun. Starfið er fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði, kerfisfræði, upplýsingatækni eða skyldum greinum
- Þekking og reynsla af Unix/Linux stýrikerfum
- Þekking á almennri gagnasafnsfræði
- Þekking á Oracle gagnasafnskerfi, SQL og PL/SQL
- Þekking á tölfraeðiforritinu R
- Reynsla af stjórnun hugbúnaðarverkefna æskileg
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu

Um er að ræða fullt starf með starfstöð í Reykjavík. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 10. mars n.k.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á pósthöfn hafro@hafro.is.

Nánari upplýsingar veitir Björn Æ. Steinarsson (bjorn@hafro.is, sími 5752000, 6918297), forstöðumaður veiðráðgjafarsviðs.

Haf- og fiskirannsóknastofnun er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og fiskirannsóknna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafsins. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar haf- og fiskirannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur 5 útibú, tilraunaeldisstöð í eldi sjávarlífvera, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 140-150 starfsmenn í þjónustu sinni.

www.vedur.is
522 6000

SUMARSTÖRF Í BÖÐI

GR VEITINGAR, REKSTRARAÐILJ GOLFSKÁLANS
Í GRAFARHOLTI, LEITAR EFTIR DUGLEGU OG
BROSILDU FÓLKI TIL STARFA Í SUMAR.

UM ER AÐ RÆÐA FJÖLÞÆTT ÞJÓNUSTÖRF SEM
SNÚA AÐ ALMENNRI AFGREIÐSLU OG ÞJÓNUSTU A
VEITINGAHÚSI STABARINS.

ÓSKUM EINNIG EFTIR MATREIÐSLUMÖNNUM
OG AÐSTOÐARFÓLKI Í ELDHÚSI.

UMSÓKNIR OG FYRIRSPURNIR SKULU SENDAR
ÁSAMT FERILSKRÁ Á NETFANGIÐ
FRIDJON@GRVEITINGAR.IS MERKT
„SUMARSTARF 2016“

GR
veitingar & þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Skorri ehf. leitar að laghentum
fram tíðarstarfsmanni í afgreiðslu
og þjónustustörf.

Þarf að geta byrjað sem fyrst.
Vinnutíminn er mán-fös 08:15-17:30.

Umsóknir sendist á netfangið
metta@toyota.is eða larus@skorri.is
fyrir 14. mars 2016.

LEIKSKÓLINN HEIÐARSEL

DEILDARSTJÓRI ÓSKAST Í 100% STÖÐU SEM FYRST

Leikskólinn Heiðarsel er heilsuleikskóli sem
starfar eftir heilsustefnunni. Áhersla er lögð á
hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi.
Aðrir áhersluþættir leikskólans eru málörvun/
læsi og stærðfræði.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Að vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna
samkvæmt starfslýsingu deildastjóra, þ.m.t:
- Að bera ábyrgð á uppeldis-og
menntunarstarfni sem fram fer á deildinni.
- Stjórnun, skipulagning og mat
á starfi deildarinnar.
- Að bera ábyrgð á að unnið
sé eftir skólanámskrá.
- Að bera ábyrgð á foreldrasamvinnu

Hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun
- Reyndsla af uppeldis-og
kennslustörfum með börnum
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til 23. mars 2016

Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja
um. Sækja skal um starfið rafrænt
á vef Reykjanesbæjar.
www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Frekari upplýsingar veitir Ólöf Guðmundsdóttir
leikskólastjóri í síma 4203131/8917178 eða
olof.gudmundsdottir@heidarsel.is



— ÞJÓNUSTUSTJÓRI

VANTAR ÞIG TÆKIFÆRI TIL AÐ HAFNA ÁHRIF?

Viltu taka þátt í að færa tæknilega þjónustu Ljósleiðarans á nýtt stig og styðja við
framúrskarandi þjónustuupplifun? Við bjóðum upp á starf sem færir gefst á að þróa og
tækifæri til að vinna að stöðugum úrbótum og sjálfvirknivæðingu þjónustu.

Hvert yrði þitt hlutverk?

Þú yrðir hluti af teymi sem ber ábyrgð á tæknilegri þjónustu við viðskiptavinum
Ljósleiðarans. Þú myndir leiða og styðja hópinn í stefnumótun, þróun þjónustuferla
og samskiptum við viðskiptavinum s.s. fjarskiptafélög ásamt því að aðstoða við að veita
tæknilega þjónustu. Ef þú hefur mikinn áhuga á þjónustu og fjarskiptatækni þá gæti
þetta verið starfið fyrir þig. Við leitum að starfsmanni sem hefur ríka þjónustulund,
frumkvæði og haldbæra reynslu af að stýra þjónustu.

Starfið býður upp á frábæra vinnuáðstöðu, virka starfsþjálfun, gott mótuneyti, sem og
skemmtilega og hæfa vinnufélaga. Við erum með vel mótaða jafnréttisstefnu og tökum
vel á móti bæði konum og körlum.

Eingöngu er sótt um starfið á ráðningarsíðu Gagnaveitu Reykjavíkur: [starf.or.is/
gagnaveitan/](http://starf.or.is/gagnaveitan/) þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna. Umsóknarfrestur
er til og með 14. mars 2016. Ef þú vilt forvitnast um starfið sendu þá póst á Bryndísi
Ernstsdóttur mannauðsráðgjafa á netfangið starf@gagnaveita.is.

Gagnaveita Reykjavíkur er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveita Reykjavíkur
hefur sameiginlega starfsmannastefnu og býður upp á fjölbreyttan vinnustað fólks
með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað varðar öryggi,
vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð. Fyrirtækið
hlaut Jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs 2011 og 2013, sem og Hvatningarverðlaun
jafnréttismála árið 2015.



GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR

VÉLABORG

ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA STARFSFÓLK Í EFTIRFARANDI STÖÐUR:

SÖLUMÁÐUR LYFTARA OG VINNUVÉLA

Við leitum að framtakssömum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til framtíðarstarfa í söluþeymi nýrra og notaðra véla. Reynsla af sölumennsku, tölvuþekking og enskukunnátta nauðsynleg.

SÖLUMÁÐUR Í VARAHLUTAVERSLUN

Við leitum að framtakssömum, metnaðarfullum og drífandi einstaklingi til framtíðarstarfa í verslun. Reynsla af sölumennsku, tölvuþekking og enskukunnátta nauðsynleg.

VERKSTÆÐI – VÉLVIRKI, BÍFVÉLVIRKI EÐA VANA MENN

Við leitum að manni með reynslu af viðgerðum á lyfturum, vinnuvélum og/eda landbúnaðarvélum. Þekking á rafmagnsvinnu, enskukunnátta og almenn tölvuþekking einnig æskileg.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í alhliða þjónustu við verktaka og flutningsaðila. Meðal helstu umboða eru: *Jungheinrich*, *Bobcat*, *Doosan* og *Case*. Í dag starfa um 25 manns hjá fyrirtækinu.

Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið gunnarbj@velaborg.is

Umsóknarfrestur er til og með **18. mars**

Vélaborg Vörumeðhöndlun ehf. Járnháls 2 - 4 : 110 Reykjavík : Íceland
Heimasíða/Website: www.velaborg.is : Sími/Phone: +354 414 8600



Skordýrabóndi óskast



NÝSKÖPUNARFYRIRTEKID VÍUR RÆKTAR SKORDÝR TIL FÓÐURGERÐAR Í BOLUNGARVÍK. SKORDÝRAELDI ER NÝLUNDA Á ÍSLANDI OG STANDA VÍUR FRAMARLEGA Á HEIMSVÍSU.

Við leitum að skordýrabónda, sem til viðbótar við að sinna flugnastofninum, sinnir rannsóknum og tækniþróun. Því þurfum við einhvern sem hefur háskólamenntun (til dæmis í líffræði) til að sinna rannsóknum og þróunarstarfi, en er einnig nokkurskonar Georg gírlausi til að finna og útfæra sniðugar lausnir á uppbyggingu eldskerfisins. Skilyrði er að vera ófeiminn við skordýr.

Nánari upplýsingar á fodurskordyr.is



HARTMANN'S:
BEST MAN FOR THE JOB

VoIP Sérfræðingur til Team Voice IMS

Ef þú ert að leita að spennandi starfi við rekstur og þróun á VoIP lausnum þá höfum við starfið fyrir þig hjá TELE-POST í Nuuk á Grænlandi. Hjá tækniöðrum í VoIP teyminu eru verkefni fjölbreytt, allt frá rekstri til þróunar og skjölunar á TELE-POST VoIP og IMS kerfum.

Starfið:

Starfið krefst samskiptahæfileika, en einnig frumkvæðis og hæfileika til að vinna sjálfstætt. Að auki felur starfið í sér:

- Daglegur rekstur VoIP þjónustunnar (3. level support)
- Endurbætur á VoIP kerfunum
- Þróun og uppsetning á nýjum VoIP lausnum
- Uppsetning og uppfærslur á hugbúnaði
- Aðstoð við tilboðsgerð á VoIP lausnum fyrir viðskiptavinum

Menntunar- og hæfniskröfur:

Æskilegt er að hafa einhverja reynslu af fjarskiptum ásamt eftirfarandi:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, helst á sviði verkfræði
- Starfsreynsla frá fjarskiptafyrirtæki
- Reynslu af Ericsson og BroadWorks kerfum
- Sérfræðipækkingu í bilanagreiningu á öllum lögum OSI módelins
- Hæfileika til að starfa í öflugum teymi
- Sjálfstæðum vinnubrögðum og jákvæðni í samskiptum
- Hæfileika til að tjá sig í ræðu og riti á ensku og dönsku æskileg
- Eiga auðvelt með að aðlaga sig breytingum
- Eiga gott með að vinna undir álagi

Starfskjör:

Fyrir réttan einstakling býður TELE-POST krefjandi starf á spennandi vinnustað á meðal hæfra sérfræðinga, sem hafa brennandi áhuga á verkefnum. Það eru ýmsir möguleikar til að þróast bæði faglega og persónulega í starfinu. Vinnustaður er í Nuuk.

Auk almennra launakjara eftir gildandi samningum bjóðast eftirfarandi fríðindi:

- Leiguíbúð eftir gildandi reglum
- Búslóðarflutningur til Nuuk
- Ferð til og frá Nuuk eftir gildandi reglum
- Árleg sumarfrísferð eftir gildandi reglum
- Sjúkratrygging eftir þriggja mánaða starf
- Lífeyrissparnaður

Áhugasamir?

Geta sótt um starfið með að senda tölvupóst á pia.haubro@hartmanns.dk - merkt 146882.

Ef þú hefur spurningar um starfið þá vinsamlegast skrifið til Pia Haubro þá mail pia.haubro@hartmanns.dk eða hringið í síma +45 41211353. Umsóknarfrestur er 1.apríl.

Um TELE-POST

TELE-POST veitir fjarskiptaþjónustu til 56.000 íbúa sem eru dreifðir yfir fleiri þúsund kílómetra langa strandlengju Grænlands. Jafnvel minnstu bæjir og þorp hafa aðgang að útvarpi, sjónvarpi, síma og Interneti.

Starfsmenn TELE-POST eru um 500 (þar af fjórir Íslendingar), að auki búa að jafnaði tugir Íslendinga í Nuuk þar sem jafnframt er starfsrækt ræðismannsskrifstofa.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Aðstoðarskólameistari	Flensborgarskólinn	Hafnarfjörður	201603/353
Sérfræðingur í mælarekstri	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201603/352
Verkefnastjóri	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Reykjavík	201603/351
Kokkur/matráður	Vatnajökulsþjóðgarður	Skaftafell	201603/350
Sviðsstjóri þjónustusviðs	Ríkiskaup	Reykjavík	201603/349
Hjúkrunarfræðingar	LSH, Hjartagátt	Reykjavík	201603/348
Hjúkrunarnemar	LSH, Hjartagátt	Reykjavík	201603/347
Sérfræðingur, kjarapróun	LSH, skrifstofa mannauðssviðs	Reykjavík	201603/346
Sérfr., mönnun og ráðningar	LSH, skrifstofa mannauðssviðs	Reykjavík	201603/345
Sérfræðingur	Landsbókasafn - Háskólabókasafn	Reykjavík	201603/344
Sjúkraflutninga- og umsj.maður	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Ólafsvík	201603/343
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hólmavík	201603/342
Matreiðslumaður, afleysing	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201603/341
Lögreglumaður	Lögreglustjórinn á Vestfjörðum	Hólmavík	201603/340
Landgræðslustjóri	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Reykjavík	201603/339
Sálfræðingar	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Vesturland	201603/338
Sérfræðingur	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Reykjavík	201603/337
Sumarstarfsmenn	HÍ, sundlaug og íþróttahús	Laugarvatn	201603/336
Lektor í uppeldis- og mennt.fr.	HÍ, Menntavísindasvið	Reykjavík	201603/335
Lektor í uppeldis- og kennslufr.	HÍ, Menntavísindasvið	Reykjavík	201603/334
Skurðhjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201603/333
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Djúpivogur	201603/332
Fagsviðsstjóri fiskeldis	Matvælastofnun	Selfoss	201603/331
Lyfjafraeðingar, námsstöður	LSH, klínísk lyfjafraeði	Reykjavík	201603/330
Þjónustufulltrúi	Tryggingastofnun	Reykjavík	201603/329
Framhaldsskólakennari	Menntaskólinn á Ísafirði	Ísafjörður	201603/328
Tilraunastjóri í jarðrækt	Landbúnaðarháskóli Íslands	Reykjavík	201603/327
Lyfjatæknar	LSH, sjúkrahúsapótek	Reykjavík	201603/326
Hjúkrunarfræðingar	LSH, skurð- og þvagfæraskurðlækn.	Reykjavík	201603/325
Aðstoðardeildarstjóri	LSH, skurð- og þvagfæraskurðlækn.	Reykjavík	201603/324
Hjúkrunardeildarstjóri	LSH, lungnadeild	Reykjavík	201603/323
Hjúkrunarfræðingar	LSH, heila-, tauga- og bækl.sk.deild	Reykjavík	201603/322
Hjúkrunarfræðingar	LSH, bæklunarskurðeild	Reykjavík	201603/321
Hjúkrunarfræðingar	LSH, skurðlækningadeild	Reykjavík	201603/320
Starfsmenn við aðhlyningu	LSH, endurhæfingardeild aldraðra	Reykjavík	201603/319
Sjúkraliðar	LSH, endurhæfingardeild aldraðra	Reykjavík	201603/318
Hjúkrunarfræðingar	LSH, endurhæfingardeild aldraðra	Reykjavík	201603/317
Starfsmaður í eldhús	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201603/316
Sérfræðingur í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201603/315
Umsjónarmaður fasteigna	Kvennaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201603/314
Hjúkr.fr. og sjúkraliðar, sumarafli.	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðb.svæðið	201602/263



SÖLUMAÐUR

Helstu birgjar,
BIC Graphic
Norwood, Jung
og Ballograf.

LOGO býður upp á fjölbreytt úrval af gæða auglýsingavörum til fyrirtækja og stofnanna.

Áhugasamir geta skoðað vöruval á www.logo.is

Starfslýsing:

- Heimsókn til fyrirtækja
- Sala á auglýsingavörum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Árangurstengd laun

Hæfniskröfur

- Reynsla af sölu-
mennsku æskileg
- Metnaður & dugnaður
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Reglusemi

- Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.

Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir

551 1309 / 690 5115

golflist@golflist.is | www.golflist.is

Gólf list

99% RYKFRÍTT

BLIKK

Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting

Heildsala • Smásala

ishúsið ehf

Smíðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Málarar

REGNBOGALITIR

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



HÚSAVIÐGERÐIR - NÝBYGGINGAR

Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

Gólf list
Parketlagnir og viðhald

99% RYKFRITT

k2
LOFTSTOKKAHREINSUN

- FYRIRTÆKI
- FJÓLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftstræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

MASALA EHF.

NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.

Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinnu, parketlagnir og allt almennt viðhald. Erum farnir að taka niður tímabantanir f. sólpallasmiði f. sumarið 2016.
Uppl. í s. 663 3944 Ingi og 663 3955 Ragnar

BYGGINGASTJÓRI OG HÚSASMÍÐAMEISTARI

Getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum.
Nánari uppl. í s. 660 1050

HÚSASMÍÐAMEISTARI

getur bætt við sig verkefnum.

Uppl. í s. 897 4720

eða bragi@boga.is



Er þú þakrennurnar og niðurföllinn farinn að leka? Hafðu samband við okkur við tökum að okkur uppsetningar og endurnýjun og hreinsun á þakrennum. Einnig Þakskipti, og alla aðra blökk eða smíðavinnu. Uppl. í s. 6996980

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flötun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254

Múrarmeistari og málarameistari geta bætt við sig verkefnum. Uppl í s: 8966614

Ýmiskonar húsviðhald S: 8478704. manninn@hotmail.com

MÁLARASTÖÐIN.

Málum inni og úti. Skjót og góð þjónusta. Uppl. í s. 611 5533 & 847 2024 eða m@malarar.net Júlíus málarameistari

NUDD

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnsúpa. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Löggitur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsímiðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsímið ehf s. 587 0777.

Viðgerðir

Heimilistækni - Viðgerðarþjónusta - Viðhald. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

KEYPT & SELT

Til sölu



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hak, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Von & Bjargir
Hjálpar samtök

Nytjamaðaör
Grensásvegi 14, bakhúsi og Norðurbrún 2

Opitö virka daga 11-18 og laugardaga 11-16

Viltu gefa eitthvað? ...við sækjum Símar 662 7222 og 578 6262 Vefverslun: vonogbjargir.is



LÆKKAD VERD.

Gámahús til flutnings einangrað, innréttað, rafm., hiti, ljós, allir gluggar opnanlegir. Bjart og hlýtt. Verð 1990þ. m/vsk. Uppl. 820-5181

TIL SÖLU ÚR PRENTSMÍÐJU

2 Hamada prentvélar, einslita og tveggjalita stærð A3, einnig viðarborð og viðarkerrur á hjólum. Uppl. í s. 898 5960

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til eili/örkyja. Sækjum. Lítsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Evar Friðriksson s. 863 7493.

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smíðuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Klíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Sumarbústaðir



Til sölu sumarhús - ferðabjónustuhús - gesthús - hóteleiningar, gerum tilboð í aðrar teikningar. Upplýsingar á halliparket@gmail.com & 894 0048 Gagnheiði 5, Selfossi.

Atvinnuhúsnæði

AUÐBREKKA - JARÐHÆÐ

Til leigu 400 fermetra jarðhæð við Auðbrekku. Gluggar sem snúa að götu og innkeyrsludyr. Getur nýst sem verslun og fleira.

LeigaRkv@gmail.com eða s. 897 9743

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

HREINGERNINGAR - 100% STARF

Ræstingabjónustan ehf leitar að hraustu starfsfólki í sérverkefni við hreingerningar, bónvinnu og ýmis ósérhæfð verk. 100% starf með óreglulegum vinnutíma. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Hreint sakavottorð, bílpróf og góð íslensku- eða enskukunnátta skilyrði.

Umsóknir berist rth@rth.is eða á skrifstofutíma í síma 510-1310.

SPECIALISED CLEANING - 100% JOB

Ræstingabjónustan ehf offers a 100% job with the special assignment crew. The job includes heavy duty cleaning, floor stripping/polishing and various other work. The work requires irregular hours and suits women and men alike. A clean criminal record, driver's licence and good Icelandic or English language skills are required.

Send applications to rth@rth.is or call 510-1310 during office hours.



MOSFELLSBAKARÍ - HÁALEITISBRAUT, RVK.

Óskum eftir þjónustulundudu, hressu og samvisskusömu fólki til að vinna með okkur í verslun okkar að Háaleitisbraut, Rvk. Vinnutími er virka daga frá 13:00 - 18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Umsækjendur þurfa að tala góða íslensku.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á netinu. Slóðin er www.mosfellsbakari.is/atvinnu-umsokn/

HEILDSALA: Starfsmaður óskast í afgreiðslu o.fl. í heildsölu í Rvk. Þarf að hafa gott vald á íslensku. Umsóknir sendist til thjonusta@365.is merkt "heildsala"

Óskum eftir rútubílstjóra. Uppl. í s. 892 3102 Hóþferðabílar Jónatans

Menn vanir mótauppslætti og annari útvinnu við byggingar óskast í Keflavík. Uppl. í s. 840 6100 Páll.

Óskum eftir DriverGuide sem getur tekið eina og eina dagsferð. Áhugasamir vinsamlega senda upplýsingar á netfangið travelsellandbuy@gmail.com

Pétur Ólafsson ehf byggingaverktaki óskar eftir að ráða smíði í vinnu. Fjölbreytt og góð vinna. Uppl. í s. 699 6636

Óskum eftir fólki í úthringistarf. Hentar vel með skóla eða annarri vinnu. Fóst laun og bónusar í boði. Uppl og fyrirsprunir sendist á umsoknir@tmi.is eða í 770-2277

TILKYNNINGAR

Einkamál

HRINGIÐ Í STÍNUI!

Hún er alltaf til í heitt spjall. Sími 905-2100 Geymið auglýsinguna.

908 5500 - SÍMASEX

Opið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.

Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

www.talent.is | talent@talent.is

Framtíðarkynni með stofnun fjölskyldu í huga.

Ég er rúmlega 35 ára gamall, barnlaus, vel menntaður maður í góðu starfi og góðum eignum, reglusamur, heiðarlegur, traustur og barngóður og í réttum holdum. Ég er rólegur að eðlisfari og heimakær. Áhugamál eru t.d. ferðalög, göngur í fallegri náttúru og heilbrigði enn ekki ófgakennd hreyfing. Ég hef áhuga á að komast í kynni við barnlausa, góða konu í réttum holdum um það bil 25 til 35 ára með svipaða eiginleika sem hefði hug á að eignast góðan sálufélaga og traustan vin með stofnun fjölskyldu í huga. Vinsamlegast sendið upplýsingar, símanúmer og helst mynd í lokuðu umslagi á afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 RVK eða á netfangið thjonusta@365.is Merkt „100% trúnaður“



Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

“Best geymda leyndarmál Kópavogs”

Leikir helgarinnar

Laugardaginn 5. mars

12:35 Tottenham - Arsenal

14:50 Man.City - Aston Villa

Sunnudaginn 6. mars

13:20 Crystal Palace - Liverpool

15:50 W.B.Albion - Man.United



Rúnar Þór,
Rúnar Villa Valla,
Reynir Guðmunds,
og Siggí Árna spila um helgina.

Allir velkomnir

http://www.facebook.com/cafecatalina

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir viðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

Holtsvegur 41
210 Garðabær
Nýjar íbúðir með einstöku útsýni

RE/MAX
Senter

Nýjar, glæsilegar og vel skipulagðar íbúðir í Garðabæ



RE/MAX SENTER KYNNIR

Nýjar og vel skipulagðar íbúðir á einstökum útsýnisstað í Garðabæ.

Tveggja, þriggja og fjögurra herbergja íbúðir á frábæru verði til afhendingar nýjum eigendum í lok apríl nk.

Notið tækifærið á opnu húsi að Holtsvegi 41 á sunnudaginn

Opið hús - sunnudaginn 6.mars Holtsvegur 41 - kl. 15.00 - 16.00

2 herbergja



3 herbergja



4 herbergja



Verð frá
32.900.000 kr.

Allar nánari upplýsingar
um eignirnar veita:

Ástþór Reynir í síma 899 6753
arg@remax.is

Gunnar Sverrir í síma 862 2001
gunnar@remax.is.

Gunnar Sverrir
862 2001

Ástþór Reynir
899 6753



Spregisandur Stjórnmal

Sigurjón M. Egilsson
sme@365.is



Hvað vitum við öll? Til dæmis að daginn sem annar forsætisráðherra tekur við af Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni verður ákvörðunarréttur um friðun húsa og minjavernd færð í fyrra horf. Þess vegna er hægt að hafa lúmskt gaman af því hvernig Sigmundur Davíð lætur undan löngunum sínum. Þrátt fyrir alvarleikann, þegar valdamesti maður þjóðarinnar dregur til sín völd og áhrif yfir því sem hann hefur sérstakan áhuga á, er samt gott til þess að vita að vorið eða sumarið 2017 verður væntanlega spólað til baka. Þessum málum verður komið í fyrra horf.

Forveri Sigmundar Davíðs í embætti forsætisráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, gerði líka breytingar þegar hún varð forsætisráðherra. Áður hafði það verið svo að efnahagsmálin heyrðu undir forsætisráðuneytið, en Jóhanna fór á skiptimarkað. Gaf þau eftir og tók í stað þeirra jafnréttismálin til sín. Þau eru nú komin á fyrri stað. Enda hafði arftaki hennar í stjórnarráðshúsinu ekki sama áhuga á jafnréttismálum og Jóhanna hafði. Samt er Sigmundur Davíð verðlaunaður feminísti á heimsvísu. Þannig er það.

Einbeittur vilji

Við vitum líka að margt fólk sem starfar í stjórnmalum hefur einbeittan vilja til að láta gott af sér leiða. Gera breytingar til góðs. Láta til sín taka. Er með brjóstið fullt af hugsjónum. Og það sem meira er, vasana fulla af loforðum. Svo sem að breyta stjórnarskránni og jafnvel skrifa nýja frá upphafi til enda, eða afnema verðtrygginguna, koma á nýju peningakerfi, breyta banka eða bönkum í nokkurs konar sparisjóð eða sparisjóði, gera fleirum kleift að róa til fiskjar, gera landbúnaðinn nútímalægri, auka rétt og stöðu neytenda, efla heilbrigði, menntun og svo áfram og áfram.

Hindranirnar birtast

Það er ekki nóg að vilja og ætla. Þannig er það oft og ekki síst í stjórnmalum. Stjórnlagaráð vann af heilindum og skilaði af sér. Þjóðin mætti á kjörstað og samþykkti. Það var ekki nóg. Strax í upphafi málsins var ljóst að fyrirstaða yrði á framgangi þess. Í mars 2011 samþykkti Alþingi að skipa 25 manna stjórnlagaráð. Þá sagði Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, stjórnlagaráðið óþarft. Bjarni sagðist vera óbundinn af væntanlegum tillögum stjórnlagaráðsins.

Þannig hefur það verið allar götur síðan. Málið mjakast samt, en afar hægt. Þrjú atriði munu rata til Alþingis. Og það frá stjórnarskrárnefnd sem núverandi valdahaftar stofnuðu til, ekki tillögur stjórnlagaráðs. Nú virðist vera sátt um eitt. Að koma einhverju frá nefndinni til ríkisstjórnar og Alþingis. Það fólk sem lagði af stað uppfullt af vilja til að umbylta stjórnarskránni sér nú hugsjónum sínum komið í einhverjum allt annan farveg en það dreymdi um, vann að og þráði. Vonbrigði þess fólks eru mikil og sár.

En hvers vegna fór þetta svona? Jú, vegna þess að þröskuldarnir voru of háir.

Vonlausar hótanir

Þeir eru fleiri, stjórnmalamennirnir, en tölu verður á komið, sem hafa þráð að breyta kvótakerfinu. Að gera fleirum kleift að róa til fiskjar. Að auka nýliðun, að efla laskaðar byggðir svo eitthvað sé nefnt.

Af og til birtast okkur átakanleg dæmi um hversu illt núverandi kerfi getur verið. Þegar það gerist stíga margir fram, hefja upp raust sína, berja jafnvel í borð. Við munum öll irafárið sem varð þegar Visir í Grindavík sagðist ætla og lokaði síðan fiskvinnslum sínum á Húsavík, Þingeyri og Djúpavogi.

Þá fylltust bæði formaður og vara-



Starfsbræður og um leið takast þeir á. Þeir stýra jú hvor sínum flokkum.

Við vitum það öll

formaður Framsóknarflokksins heilagri reiði. Þeir eru jú annars vegar forsætisráðherra og sjávarútvegsráðherra, félagarnir Sigurður Ingi og Sigmundur Davíð. Sigmundur sagði í Spregisandi í maí 2014 af þessu til efni:

„Ég tel mikilvægt að fiskveiðistjórnunarkerfið sé til þess fallið að verja byggðirnar, það er að segja að ekki verði til staðar sú hætta að atvinnustig heilu landshlutanna hrynjir vegna tilfæringa í greininni. Ég veit að sjávarútvegsráðherrann leggur mikið upp úr því við endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins. Það er mikilvægt fyrir samfélagið allt, ekki bara þær byggðir sem yrðu illa úti, því allt helst þetta í hendur.“

Og sjávarútvegsráðherrann, Sigurður Ingi Jóhannsson, sagði þetta: „Hvernig ætlar atvinnugreinin, sjávarútvegurinn, útgerðin að spila með í þessu? Ef þetta verður eingöngu á hendi ríkisins, þá þarf ríkið auðvitað að hafa úr einhverju að spila. Þá gæti verið að við þyrftum að taka aukinn hlut í hlut ríkisins.“

Þarna glitti í hótanir. Geri sjávarútvegsfyrirtækin ekki eitthvað í málinu verði kvóti af þeim tekinn og færður þeim sem höfðu misst.

Hvergi skorti á vilja ráðherra Framsóknarflokksins að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ráðherrann skrifaði síðan frumvarp sem hann lagði fram í ríkisstjórn. Allt samkvæmt stjórnarsáttmálanum. Sjálfstæðisflokkurinn hafnaði frumvarpi ráðherrans og það hefur ekki sést eftir það. Allt er óbreytt. Neitunarvaldi var beitt. Kyrrstaðan sigraði.

Nýlega sagðist Sigurður Ingi vera sár vegna útreiðarinnar sem hann varð að þola af hálfu samstarfsflokksins í málinu.

Hvað er samfélagsbanki?

Framsóknarflokkurinn, flokkur forsætisráðherra, hélt flokksþing í fyrra, árið 2015. Flokksþing er æðsta valdastofnun flokksins. Þar var margt samþykkt.

Hendur framsóknarmanna fóru því oft á loft á síðasta flokksþinginu. Og aldeilis þegar þetta var samþykkt:

„Landsbankinn verði samfélagsbanki í eigu þjóðarinnar með það að markmiði að þjóna samfélaginu í stað þess að hámarka hagnað. Til að bregðast við fátæppi á bankamarkaði er nauðsynlegt að Landsbankinn hafi þann tilgang að bjóða góða þjónustu á bestu kjörum til að efla samkeppni í bankaðjónustu á landsvísu. Landsbankinn verði bakhjarl sparisjóðakerfisins.“

Bjarni Benediktsson, sem er formaður samstarfsflokks Framsóknar og fjármála- og efnahagsráðherra ríkisstjórnarinnar, nánast hæðist að samþykkt flokksþings Framsóknar og segist bara ekki skilja hvað átt er við, segist ekki vita hvað samfélagsbanki er.

Hann gæti verið nettari og orðað andstöðu sína, og þá sigur yfir Framsókn, ögn högværar og af meiri auðmýkt en láta að því að liggja að ekki sé hægt að skilja vilja æðstu valdastofnunar Framsóknarflokksins, flokks forsætisráðherra.

Vilji Framsóknar verður undir. Sem og í kvótamálinu og í stjórnarskrármálinu. Sjálfstæðisflokkurinn er sannanlega mesti valdaflokkur þjóðarinnar. Meira um það hér á eftir.

Hvernig þak yfir höfuðið?

Öll þurfum við þak yfir höfuðið. En hvernig þak á það að vera? Okkar eigið þak eða leigubak? Félagsmálaráðherrann hefur allt þetta kjörtíma-



ENDA HAFÐI ARFTAKI

HENNAR Í STJÓRNARRÁÐS-

HÚSINU EKKI SAMA ÁHUGA

Á JAFNRÉTTISMÁLUM OG

JÓHANNA HAFÐI. SAMT ER

SIGMUNDUR DAVÍÐ VERÐ

LAUNAÐUR FEMÍNISTI Á

HEIMSVÍSU.

bilíð barist áfram með fangið fullt af loforðum. Hún vill nýtt húsnæðiskerfi. Auka leigumöguleika. Er meira að segja sjálf leigjandi. Henni hefur með miklum erfiðismunum tekist að koma frumvörpum til þingsins. Er komin yfir stóra hindrun, ráðherra Sjálfstæðisflokksins.

Þá mæta henni þingmenn samstarfsflokksins sem benda pent á að grunnstefna Sjálfstæðisflokksins sé jú séreignarstefna, og hana nú. Þrátt fyrir að vilji félagsmálaráðherra sé hluti af lausn á vinnudeilum er aldeilis óvist hvernig þeim mun reiða af í þinginu. Það er fyrirstaða og hún kemur einkum frá samstarfsflokki Framsóknar í ríkisstjórn undir forystu Framsóknarflokksins.

Hvað ætli við vitum?

Hvað vitum við svo sem? Við vitum ekki hvernig kaupin gerast á eyrinni. Ekki í smáatriðum. Hér að ofan hafa verið nefnd nokkur dæmi, öll frekar stór, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur ráðið. Hans vilji hefur orðið ofan á.

Við vitum kannski ekki, en teljum okkur vita að jafnljóst sé og að dagur fylgi nótt að Sjálfstæðisflokkurinn sé ekki síst málsvari sjávarútvegs og Framsókn landbúnaðar. Þannig birtist þetta okkur. Ekki bara núna. Líka í sögunni.

Meðan stjórnarflokkarnir deila um hvort og þá hvernig breyta eigi eða banna verðtryggingu, hvernig fara eigi með eignarhald á bönkum, hvort og hvernig eigi að auka einkarekstur heilbrigðismála og allt það virðist sem

jafnan gangi upp. Bara sísona. Skyndilega virðist Sjálfstæðisflokkurinn ekki hafa öll ráðin í sínum höndum. Framsókn er þá kannski sigurvegarinn þegar allt kemur til alls. Enda flokkur forsætisráðherra.

Búið og gert; bingó

Framsókn fékk í gegn nýjan búvörusamning, búið og gert; bingó, sagði forsætisráðherra. Og það engan smásamning. Sá mun gilda í áratug og hans helsta innlegg er að viðhalda fornum búháttum. Kannski er það við hæfi á þessu ágæta ári. Árinu sem Framsóknarflokkurinn fagnar eitt hundráð ára afmæli sínu.

Því er hægt að segja að samningurinn viðhaldi fornum búháttum. „...á stórum svæðum er ástand auðlinda meðal þess versta sem þekktist á jörðinni, auðnir og rofsvæði. Það er mikilvægt að nýtingu slíkra svæða til beitars verði hætt. Einnig er mikilvægt að hætta beit og byggja upp vistkerfi í nágrenni mikilvirkustu eldstöðva landsins. Verst fögnu beitar svæðin er jafnframt að finna á hinu eldvirka belt.“

Þannig skrifaði Ólafur Arnalds, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, í grein sem birtist hér í Fréttablaðinu í janúar.

Þrátt fyrir þessa vitneskju er stefnt að, með nýja samningnum, að framleiða sem mest. Ég las þetta í Bændablaðinu: „Megin virði núverandi beingreiðslukerfis liggur í þeirri framleiðslustjórnun sem í því felst. Afnáam beingreiðslu jafngildir afnámi framleiðslustjórnunar. Með stuðningskerfi nýja samningsins munu bændur keppa beint hver við annan um framleiðslustyrkina, með því að framleiða sem mest. Þannig samkeppni mun óhjákvæmilega leiða af sér aukna framleiðslu. Og það virðist vera helsta gulrótin í samningnum; tækifærið til að framleiða meira.“ Þetta skrifar sauðfjárbóndinn Sigríður Jónsdóttir.

Framsókn náði í gegn, kannski til jöfnunar á því sem flokkurinn hafði áður látið yfir sig ganga, búvörusamning sem meira að segja bændur kveinka sér undan. Svo stórbrotinn er hann.

Við vitum það öll

Við vitum að minjaverndinni verður skilað, við vitum að áfram verður barist um einstök mál. Og nú vitum við að landnið verður niðurgreitt, hér eftir sem hingað til.

BORG

FASTEIGNASALA

Borg fasteignasala
Síðumúla 23
108 Reykjavík
www.fastborg.is

519 5500



Póra Birgisdóttir
Löggiltur
fasteignasali
☎ 777 2882

Brandur Gunnarsson
Löggiltur
fasteignasali
☎ 897 1401

Gunnlaugur Þránínsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
☎ 844 6447

Héðinn Birnir Ásbjörnsson
Löggiltur
fasteignasali
☎ 848 4806

Sigurður Fannar Guðmundsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
☎ 897 5930

Ingimar Ingimarsson
Hrl.
☎ 519 5501

Vilborg G. Hansen
Löggiltur
fasteignasali
☎ 853 7030

Stefán Páll Jónsson
Aðstoðarmaður
fasteignasala
☎ 781 5151

Úlfar Þór Davíðsson
Löggiltur
fasteignasali
☎ 897 9030

Stefán Jóhann Ólafsson
Löggiltur
fasteignasali
☎ 864 8808

Gísli Elí Guðnason
Aðstoðarmaður
fasteignasala
☎ 698 5222

María Mjöll Guðmundsdóttir
Ritari
☎ 519 5500



OPÍÐ HÚS
4 herb. 158,3 m² Bílskýli

Opið hús sunnudaginn 6. mars kl. 16:00-16:20

Ásakór 15

Sérstaklega falleg og vel skiplöð 158,5 fm íbúð á efstu hæð í góðu lyftuhúsi í Ásakór í Kópavogi. Fallegt útsýni, örstutt í leikskóla, skóla og aðra þjónustu.

Héðinn Birnir
Fasteignasali
☎ 848 4806

Verð: 43.900.000




5 herb. 192,3 m²

Kjarrhólar 2 - 800 Selfoss

Nýlegt einbýlishús í suðurbyggðinni á Selfossi. Vandað hús með góðum garði. Skipulag gott og möguleiki á fjórum svefnherbergjum. Vandaðar innréttingar og gólfefni.

Siggi Fannar
Aðst.fasteignasala
☎ 897 5930
Úlfar Þór
Fasteignasali
☎ 897 9030

Verð: 45.900.000



185 m²

Fiskislóð 45 - 101 Reykjavík.

Áhugaverð eign. Iðnaðarhúsnæði og skrifstofur í einu og sama húsinu. Húsnæði sem hefur ýmsa möguleika á vaxandi svæði. Gæti sameinað atvinnustarfsemi og afþreyingu.

Siggi Fannar
Aðst.fasteignasala
☎ 897 5930
Úlfar Þór
Fasteignasali
☎ 897 9030

Verð: 49.900.000



OPÍÐ HÚS

Opið hús laugardaginn 5. mars kl.15-15:30

Skólavörðustígur 8 (íb. 303) - 101 Reykjavík

Laus við kaupsamning! Rúmgóð 113,2 fm 3ja herb íbúð á tveimur hæðum í miðbæ Reykjavíkur. Gengið inn í stigagang frá 2.hæð beint af bílastæðahúsi.

Vilborg
Fasteignasali
☎ 853 7030

Verð: 54.900.000



OPÍÐ HÚS

Opið hús mánudaginn 7. mars kl. 17-17:30

Ásbrekka 1 - Álftanesi/Garðabæ

Falleg 3ja herbergja 88,5 fm íbúð á 1.hæð í fjórþýli með sér-ingangi og hellulagðri verönd til vesturs.

Vilborg
Fasteignasali
☎ 853 7030

Verð: 31.900.000




2 herb. 84,1 m²

17 júnírtorg - Sjálandshverfi Garðabæ

Falleg 2ja herbergja 84,1 fm íbúð á 1.hæð með verönd í viðhaldsléttu fjölþýlishúsi með lyftu fyrir 50.ára og eldri. Þjónustumiðstöð aldraðra og bakari er í næsta húsi.

Vilborg
Fasteignasali
☎ 853 7030

Verð: 29.900.000



OPÍÐ HÚS
5 herb. 136 m²


Opið hús sunnudaginn 6. mars kl. 14:00-14:30

Álfataún 12 - inngangur til vinstri

Einstaklega falleg íbúð með 3 góðum svefnherbergjum, stofu og sjónvarpsholi, eldhúsi baðherbergi og þvottahúsi. Meðfram suðurhlíð hússins er sér pallur í algjöru skjóli. Frábær staðsetning við Fossvogsdalinn, stutt í skóla, leikskóla og þjónustu.

Póra
Fasteignasali
☎ 777 2882

Verð: 41.500.000



OPÍÐ HÚS
4-5 herb. 169 m²

Opið hús sunnudaginn 6. mars kl. 15:00-15:30

Ljósakur 6 - íbúð 0201

Stórglæsileg íbúð með fallegum innréttingum á 2. hæð, með stórum svölum og frábæru útsýni auk sér íbúðar-rýmis á jarðhæð í nýlegu húsi í Akralandinu í Garðabæ.

Póra
Fasteignasali
☎ 777 2882

Verð: 54.900.000



OPÍÐ HÚS
5-6 herb.

Opið hús þriðjudaginn 8. mars kl. 17:30-18:00

Reynigrund 45

Húsið er á tveimur hæðum með 4 svefnherbergi, opna og fallega stofu, eldhús, baðherbergi og þvottahúsi. Garður er afgyrtur mót suðri, verönd með heitum potti grasflöt. Rúmgóður bílskur er með geymslu og stúdíó-íbúð með aðkomu í gegnum garð frá bílastæði.

Póra
Fasteignasali
☎ 777 2882

Verð: 48.900.000



OPÍÐ HÚS
4 herb.

Opið hús mánudaginn 7. mars kl. 17:00-17:30

Móabarð 6

Rúmgóða 4ja herbergja íbúð með sérinngang við Móabarð í Hafnarfirði. Íbúðin skiptist í forstofuherbergi, baðherbergi, svefnherbergi, hjónaherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi. Sérgeymsla er í sameign.

Brandur
Fasteignasali
☎ 897 1401

Verð: 31.900.000



5 herb. 178 m²

Hraunprýði 6

178 fermetra raðhús við Hraunprýði 6 í Garðabæ. Húsið er byggt árið 2012 á einni. hæð með opnu bílskýli. Húsið skiptist í fjögur svefnherbergi, fataherbergi inn af hjónaherbergi, alrými þ.e.stofa og eldhús, tvö baðherbergi, þvottahús, opið bílskýli og geymsla.

Brandur
Fasteignasali
☎ 897 1401

Verð: 59.900.000



TIL LEIGU

TIL LEIGU

Síðumúli 37

Til leigu 345,7 fermetra verslunar og þjónustuhúsnæði við Síðumúla í Reykjavík. Húsnæðið skiptist í tvö rými með sérinngang í bæði. Húsnæðið er snyrtilega innréttað með gólfdukk á gólf og kerfislofti með flúorlömpum. Snyrting og eldhús-aðstaða er í rýminu. Góð aðkoma er að húsinu og bílastæði fyrir framan. Laust til afhendingar strax. Sólumenn sýna strax.

Brandur
Fasteignasali
☎ 897 1401

Verð: 48.900.000



Laufásvegur 17
101 REYKJAVÍK

STÆRD: 86,6 fm FJÖLBÝLI HERB: 2-3

Falleg tveggja til þrjú herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð að Laufásvegi 17. Íbúðin er í dag í skammtímaleigu á AIRBNB.COM. Miklar tekjur.

Heyrumst
Hannes > 699 5008 **48.000.000**₰
Löggiltur fasteignasali

Bókið sérstaklega í skoðun

Kjarrvegur 9
108 REYKJAVÍK

STÆRD: 213 fm PARHÚS HERB: 5

Einstaklega fallegt parhús, með bílskúr, á eftirsóttum stað í Fossvogi. 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, glæsileg stofa með arni. Heitur pottur og fallegur garður. Bókið skoðun.

Heyrumst
Ólafur > 822 8283 **77.900.000**₰
Löggiltur fasteignasali

Dalprýði 6
210 GARÐABÆR

STÆRD: 188,7 fm PARHÚS HERB: 4

Mjög fallegt og vandað parhús á einni hæð. Stór 50 fm bílskúr. Mikil lofthæð, stór timburverönd í suður, granít borðstofu.

Heyrumst
Hannes > 699 5008 **64.900.000**₰
Löggiltur fasteignasali

Austurkór 4 og 6
203 KÓPAVOGUR

STÆRD: 180 fm PARHÚS HERB: 5

Mjög falleg parhús á einni hæð. Húsin skilast tilbúin til innréttinga að innan og fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð. Áltré gluggar, hiti í gólf, aukin lofthæð, þrjú rúmgóð svefnherbergi.

Heyrumst
Hannes > 699 5008 **54.900.000**₰
Löggiltur fasteignasali

OPIÐ HÚS > 6. mars 14:00 - 14:30

Nesvegur 45
107 REYKJAVÍK

STÆRD: 132,4 fm SÉRHÆÐ HERB: 4-5

Falleg hæð með sérinngangi og auka herbergi í kjallara með eldhúsaðstoðu og baðherbergi. Ný eldhús innrétting, sjávarútsýni á milli húsa, sér bílastæði. Íbúðin nýmálúð. Möguleiki að búa til auka herbergi á kostnað borðstofu. Skólp endurnýjað febrúar 2016. Íbúðin máluð febrúar 2016. Skipt hefur verið um glugga og gler í stofunni að hluta. Pipulagnir endurnýjaðar að hluta febrúar 2016. Þakið er í fínu lagi en hlúa þarf fljótlega að þakjárnri og þakrennum. Ekkert áhvílandi. Það er starfandi húsfélag en ekkert er greitt í hússjóð.

Heyrumst
Magnús > 699 2010 **53.900.000**₰
Sölufultrúi/Í námi til lögg.fasteignasala

Fyrirspurnir og frekari upplýsingar: stefan@fastlind.is

Suðurgata 6
101 REYKJAVÍK

STÆRD: 234,7 fm EINBÝLI HERB: 10

LIND Fasteignasala kynnir:

Spennandi tækifæri í ferðaþjónustu. Fallegt og reisulegt hús í hjarta miðborgarinnar. Í húsinu eru 9 svefnherbergi og er þar rekið gistihús með heimgastingarleyfi. Stór lóð, timburverönd með heitum potti í bakgarði og næg bílastæði.

Heyrumst
Stefán > 892 9966 **Tilboð óskast**
Sölufultrúi/Í námi til lögg.fasteignasala



› Opið hús sunnudaginn 6. mars milli kl.14:00 - 15:00

Garðatorg 4a-4b-4c

Nýjar íbúðir í fjögurra og fimm hæða húsum.



Bjartar og fallegar íbúðir, stórir gluggar, stórar svalir, granít í eldhúsi, myndavéla-dyrasími. Allur frágangur til fyrirmyndar. Byggingaraðili PG VERK.

Íbúðir í fjögurra og fimm hæða lyftuhúsi við Garðatorg. Eignirnar eru einstaklega veglegar og vandaðar. Verð frá 44,9 m. kr.

Öllum íbúðum fylgir sérmerkt bílastæði í upphituðu bílastæðahúsi. Mjög vandaðar innréttingar og skápar. Fyrsta flokks blöndunar og eldhústæki.

Íbúar Garðatorgs njóta þeirra forrættinda að í nær-umhverfinu er öll verslun og þjónusta innan seilingar. Því þarf ekki að grípa til fjölskyldubílsins, hvort sem um er að ræða þörf á matvörubúð, apóteki, banka, blómabúð, fatahreinsun eða bókasafni. Fjöldmörg önnur fyrirtæki bjóða einnig bæjarbúum þjónustu sína.

Í fyrirhuguðu verslunarrými við Garðatorg er einnig von á fjölmörgum spennandi fyrirtækjum sem auka mannlífið og lífsgæðin!



› Við afhendum teikningar af Garðartorgi 2 á staðnum

Vertu velkomin



Hannes Steindórsson
Löggiltur fasteignasali

892 9966
› hannes@fastlind.is



Stefán Jarl Martin
Löggiltur leigumiðlari
Aðstoðarmaður fasteignasala

892 9966
› stefan@fastlind.is



Kristján Þórir Hauksson
Aðstoðarmaður fasteignasala

892 9966
› kristjan@fastlind.is



Gunnar Valsson
Aðstoðarmaður fasteignasala

892 9966
› gunnar@fastlind.is

Það er sáluhjálp í allri sköpun

Söngleikurinn Mamma mia! verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu í næstu viku og þar eru þau **Jóhanna Vigdís Arnardóttir** og **Helgi Björnsson** í tveimur af aðalhlutverkunum. Þau gáfu sér tíma til þess að spjalla um ABBA, lífið í leikhúsinu og mikilvægi þess að þora að reyna eitthvað nýtt og spennandi.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Mamma mia, here I go again / My my, how can I resist you?" Það þekkjast allir upphafsliðurnar í einum af óteljandi smellum sænsku dægurlagasveitarinnar ABBA. Mamma mia er líka titillag söngleiksins sem verður frumsýndur í Borgarleikhúsinu næstkomandi föstudag eftir margra ára sigurför um heiminn og samnefnda vinsæla kvikmynd. Í Borgarleikhúsinu verða Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Helgi Björnsson í tveimur af aðalhlutverkunum og þau gáfu sér tíma frá þrotlausum æfingum til þess að spjalla aðeins um ævintýrið sem hefur tekið yfir hversdaginn og lífið í leikhúsinu þar sem ABBA er alltumlykjandi þessa dagana og kannski allt eins gott að kunna að meta tóna sveitarinnar.

Þetta er cross-over

„Ég er ABBA-kona og hef alltaf verið. Það er ekki annað hægt. Ég er búin að syngja þetta frá því ég man eftir mér enda ætlaði ég að verða poppsöngkona. Ég ætlaði að verða Agnetha í ABBA enda á ég meira að segja sænskar ABBA-plötur og þar eru ABBA-lög sem enginn veit um en ég gat sungið á sænsku,“ segir Jóhanna Vigdís og ljómar við tilhugsunina en Helgi hallar sér aftur og jatar að

vera kannski ekki alveg á sama stað og Hansa, eins og Jóhanna Vigdís er kölluð, í addáun sinni á sveitinni. „Ég var ekki alveg þarna á þessum árum. Það var önnur tónlist sem heillaði mig meira á áttunda áratugnum en ABBA. Ég var meira í böndum á borð við Traffic og Stones á þessum tíma og svo var ég bara kominn í Genesis og alls konar prog-rockk en Stones var nú eiginlega það sem var ráðandi.“

En auðvitað hefur maður dillað sér við þessi lög á böllum og látið þetta ná sér. Ég man að þegar Knowing Me, Knowing You kom á sínum tíma þá fannst mér það flott. Það er eitthvað í þessu, hugsaði ég með mér, og ég fæ að syngja það í sýningunni sem er mjög gaman. En það falla allir fyrir þessu fyrr eða síðar því þetta er cross-over, eins og meistari Pétur Kristján sagði um þessa tónlist. Þetta fer yfir öll landamæri og þvert á allan aldur og nær öllum og við finnum það á áhuganum á sýningunni.“

Þetta er bara fri

Það er dálítið sérstakt að enn er tæp vika til frumsýningar en engu að síður er Mamma mia! mest seld sýningin á landinu þannig að Helgi og Hansa sjá fram á að vera að sýna sex kvöld í viku út júnimánuð. Þau virðast þó ekki láta þessar fyrirfram vinsældir slá sig út af laginu. „Nei, þetta er bara ánægjulegt,“ segir Hansa og bætir við: „Við finnum fyrir þessum áhuga og spenningsi fólks og það er mikilvægt að virkja þessar væntingar í að standa sig vel og að



Helgi Björnsson og Jóhanna Vigdís Arnardóttir eru farin að hlakka til þess að sýna áhorfendum afrikstur æfinganna á Mamma mia! í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

standa undir þessu. En auðvitað fylgir því ákveðið álag að sýna svona þétt og að vera að vinna öll kvöld.“

„Þetta eru kannski minni viðbrigði fyrir mig þar sem ég hef verið líka í tónlistinni meðfram leiklistinni og þar getur þetta átt til að verða normið. Ég reyndar tók upp á því haustið 2014 þegar ég átti þrjátíu ára útgáfuafmæli að halda upp á það með því að halda þrjátíu tónleika á þrjátíu og fimm dögum á tónleikaferðalagi.“ Hansa lítur á Helga eins og hann sé galinn. „Gerðirðu hvað? Var þetta ekki hrikalegt?“ Helgi hugsar sig um en bendir svo á að hluti af því sem hafi gert þetta erfitt hafi verið að gera allt sjálfur. „Þetta var bara ég og einn gítarleikari með mér og svo þurftum við að keyra á milli staða, stilla upp og allt þetta vesen. Fyrstu tvær vikurnar voru finar en svo fór þetta að verða erfitt í þriðju vikunni og restin er eiginlega í móðu. Þannig að þetta líf í leikhúsinu þar sem maður mætir bara í smink og það er séð um allt fyrir mann – það er bara fri fyrir mig,“ segir Helgi og glottir eins og sönnunum sjarmör hæfir.

Rútinan og finstilling

Hansa hefur fyrri reynslu af svona vinsælum sýningum, m.a. frá Mary Poppins, og hún segir að óneitanlega fylgi svona keyrslu talsvert álag. „Þetta er óneitanlega mikið álag en það gefur manni líka mjög mikið á

móti og er mjög gaman. Auðvitað er þetta ekki fjölskylduvennt að vera alltaf að vinna á kvöldin og eiga bara fri einu sinni í viku en svo á maður fri á daginn. Sumum finnst kannski erfitt að vera að leika sömu sýninguna kvöld eftir kvöld en mér finnst rútinan góð. Sýningar hafa líka tækifæri til þess að próast svo skemmtilega ef maður fær að sýna þær svona oft, ólíkt því að vera að sýna á kannski tíu daga fresti.“

En er svigrúm fyrir þróun í sýningu hins og Mamma mia! þar sem nánast hvert augnablik er vandlega planað? „Það er einmitt áskorun leikarans,“ segir Helgi, „að gera þetta alltaf eins og þetta sé í fyrsta skipti. Það getur falist í ótrúlega litlum hlutum sem eru kannski bara að gerast inni í hausnum á þér. Maður getur verið að finnstilla í huganum og finna sér nýjar ætlanir án þess að áhorfandi sem sér kannski bæði fimmtu og tuttugustu og fimmtu sýningu sjái þar nokkurn mun á, enda á hann ekki að gera það.“ Hansa tekur undir þetta og segir að þetta snúist einmitt meira um hvernig leikarinn fœðrar sig í því sem hann er að gera.

Öll í sama liði

Helgi og Hansa eiga einmitt nú fyrir höndum að verða ástfangin sex kvöld vikunnar á meðan sýningin heldur áfram að ganga fyrir fullu húsi en eins og Helgi bendir á þá er

þetta órjúfanlegur hluti af tækni leikarans. „Við erum öll alltaf með mismunandi grimur sem við notum við ólíkar aðstæður. Þegar við hittum yfirmanninn eða förum í bankann eða til læknisins eða erum með fjölskyldunni. Við erum alltaf að takast á við lífið í hlutverkum ef svo má segja og hluti af tækni leikarans er að virkja þetta og sýna það út á við á meðan aðrir reyna að dylja þennan leik. Í okkar starfi sem leikarar er svo líka galdurinn að vera ekki að leika of mikið heldur að vera sem næst sjálfum sér. Að vera einlægur.“

Þegar komið er inn í alrými Borgarleikhússins að morgni dags þegar fólk er að koma inn til vinnu er eftirtektarvert hversu opin og hlýleg samskipti fólksins eru. Hansa segir að efalítið hafi starfið ákveðin áhrif á persónuleika hvers og eins sem og samskipti innan stéttarinnar. „Við erum mjög vön að vera opin. Vinnan gengur út á það og rásirnar eru opnar og þetta kemst upp í vana.“ „Já, nákvæmlega,“ segir Helgi. „Við erum að vinna svo náð saman að það er ekkert annað í boði. Ef þú ætlar að sýna tilfinningar á leiksviði, hvort sem það er ást, hatur, gleði eða eitthvað annað, þá þarftu að vera tilbúinn til þess að pissa í buxurnar fyrir framan alla. Þarftu að vera tilbúinn til þess að blotta þig á sviði fyrir framan fullan sal af fólki. Þarna fer maður yfir einhver sársaukamörk sem venjulegt fólk er ekkert að takast



KJARVALSSTOFA Í PARÍS

er stúdíóbúð/vinnuástaða, sem ætluð er til dvalar fyrir listamenn. Stofan er í eigu Reykjavíkurborgar, mennta- og menningarmálaráðu-neytisins og Seðlabanka Íslands og er staðsett í miðborg Parísar, skammt frá Notre Dame dómkirkjunni.

Þeir sem í stofunni dvelja greiða dvalargjöld sem ákveðin eru af stjórn Cité Internationale des Arts er rekur stofuna og miðast við kostnað af rekstri hennar. Á árinu 2016 verða þau 461 evrur á mánuði fyrir einstakling en 589 evrur á mánuði fyrir tvo. Úthlutun er lágmark tveir mánuðir í senn en vegna fjölda umsókna undanfarin ár hefur dvalartími að jafnaði verið 2 mánuðir. Dvalargestir skuldbinda sig til að hlíta reglum Cité Internationale des Arts varðandi afnot af húsnæði og vinnuástöðu, þ.á m. er ætlast til að þeir nýti stofuna allan úthlutunartíma sinn.

Auglýst er eftir umsóknum um afnot Kjarvalsstofu fyrir tímabilið 1. ágúst 2015 til 31. júlí 2016. Sótt er um á Rafrænni Reykjavík, rafræn.reykjavik.is. Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl 2016. Frekari upplýsingar veitir skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs í s. 590-1520 eða á netfanginu menning@reykjavik.is.

Stjórn Kjarvalsstofu í París



LITLU SKRÍMSLIN
SKEMMTILEGT DÝRAPRJÓN Á YNGSTU BÖRNIN
Nuriya Khegay



1490.-

SAMSKIPTI
FORELDRA
OG BARNA

— Að ala upp ábyrga æsku —

*Jákvæðar aðferðir sem miða
að gagnkvæmum skilningi
milli barna og uppalenda*

Dr. THOMAS GORDON

1490.-

3+ Tölur, litir og form
Púsluspil

VARÚÐ
Töluþáttur 100% úr náttúrulegum efnum
Hægt er að nota þetta spil til að læra tölur, litir og form.

Með þessu púsluspili er leikur einn að læra tölur, litir og form

1490.-

NÝR
OPNUNARTÍMI!
KL. 10 - 21
ÖLL KVÖLD

BÓKA MARKAÐURINN

Laugardalsvelli

26. FEBRÚAR - 13. MARS

ÓTRÚLEGT ÚRYVAL · ÞÚSUNDIR TITLA

Herbergi
EMMA DONOCHÉ

„Ekkeri gerir
mínunni hræddu.
Næma kannski
Nick gamill“

690.-

LEYNDARMÁL
TAPASBARSINS

KLARFI FRÖU GUINJAUGSSON OG CARLOS HERNÁNDEZ

1690.-

ÞORBJÖRG
HAFSTEINSDÓTTIR

LJÓMANDI!

FALLEGRI HÚÐ OG UNGLEGRA ÚTLIT Á 4 VIKUM

490.-

L C H F
LOW CARB HIGH FAT

SÖDD OG SÁTT
— ÁN KOLVETNA

JANE FALBEK

690.-

Inga Elsa Bergsdóttir
Gíli Egill Hrafnsson

Sveitasæla
Góður matur - gott líf

990.-

SKYTTURNAR
ÞRIJAR

MESSI SUAREZ NEYMAR

1999.-

ADAM BLADE

Ovætta-
för

MÍNOTÁRUSINN
TORGOR

990.-

Króm og
hvítir hringir

Klassískir bílar í máli og myndum

Örn Sigurðsson

2990.-

ABBA og Mamma mia

1972

Hljómsveitin ABBA var stofnuð í Stokkhólmi. Hljómsveitina skipuðu þau Agnetha Fältskog, Björn Ulvaeus, Benny Anderson og Anni-Frid Lyngstad.

1974

ABBA sigraði í söngvakeppni evrópskra sjónvarpstöðva og var vinsælasta hljómsveit sem hefur tekið þátt í keppinni.

1975

Lagið Mamma mia kom út og náði þá miklum vinsældum víða um heim.

1999

Söngleikurinn var fyrst sýndur í West End og er enn í gangi.

Sýningin gekk í 14 ár á Broadway en lauk í september á síðasta ári.

2008

Biómyndin var svo gerð út frá söngleikum sem naut gríðarlegra vinsælda.

32.000

MÍÐAR HAFAR VERIÐ SELDIR OG ER UPPSELT Á TÆPLEGA 60 SÝNINGAR Í BORGARLEIKHÚSINU NÚ ÞEGAR VIKA ER Í FRUMSÝNINGU.

á við í sinni vinnu frá degi til dags. En þetta er hluti af okkar starfi og það gerir það að verkum að við erum nær hvert öðru af því að við þurfum að vera það.“

„Þetta snýst líka um traust og umhverfið byggir svo mikið á trausti,“ bætir Hansa við. „Það er mikið traust í þessu húsi og andinn er góður. Við erum öll í sama liðinu og það skapar hlýtt, traust og opið umhverfi.“

Ekki bara ein ástarsaga

Það má segja að þær aðstæður sem hafa myndast í sögunni sem er sögð í Mamma mia! séu í raun ákveðin andstæða þessa opna og hlýja samfélags þar sem tilfinningaleg afmörkun og þögn hafa leitt af sér áratuga aðskilnað elskenda. Hansa tekur undir þetta. „Ef það á að fara að tala um einhvern boðskap í verkinu þá er það einmitt að við reynum að vera heiðarleg við okkur sjálf og okkar tilfinningar. Líka það að við leyfum öðrum að njóta sín og vera eins og þeir eru ef við lítum til sambands mæðgnanna. Lærdómurinn er að horfast í augun við sjálfan sig og fella niður grímuna sem Helgi var að tala um áðan.“

„Já og að lífið er ekki búið þó svo að þú sért kannski kominn á eða yfir miðjan aldur,“ bætir Helgi við. „Það er alltaf hægt að byrja á einhverju og það er ekki háð neinum aldursmælistikum. Verkinu er stillt meðvitað upp þannig að þessar aðalpersónur eru ekki ungt fólk heldur komnar yfir miðjan aldur og það er ákveðin pæling í því.“ „Nákvæmlega,“ segir Hansa og minnir á að svo erum við líka með unga parið þannig að þetta er í raun ekki bara ein ástarsaga. „Við erum líka með nostalgiuna yfir því hvað það var yndislegt að vera ungur og ástfanginn og svo þessi punktur hans Helga að það er aldrei of seint

að finna ástina. Ég er til að mynda svona „late bloomer“ og fann ekki stóru ástina í lífi mínu fyrr en ég var orðin þrjátíu og fimm. Þannig að það er svona þínu Mamma mia í mér.“

Sáluhjálparatriði

Eftir Mary Poppins tók Hansa líka upp á því að breyta til og fara í skóla og stefnir á að klára MBA frá Háskólanum í Reykjavík í vor. „Þetta er allt annar heimur en leikhúsið en það sem kom mér svo skemmtilega á óvart, og var eiginlega það sem ég hef lært hvað mest af í HR, eru samnemendur mínir og hvað þau eru skapandi og flott og hugsa út fyrir kassann. Þannig að ég hugsaði bara með mér, „já, venjulega fólk“, það er bara miklu meira skapandi en maður heldur og ég er búin að læra alveg helling.“

Helgi segir að við þurfum einmitt öll að vera meðvitað um að nýta sköpunarkraftinn sem í okkur býr. „Ég ætla til að mynda að nýta tímann sem ég á eftir að hafa á daginn á meðan Mamma mia! er í sýningu til þess að læra á píanó. Ég kann á gítar en hef aldrei gefið mér tíma til þess að læra á píanó sem er eitthvað sem mig hefur lengi langað til þess að gera og nú er rétti tíminn til þess að láta verða af því. Það að nýta sköpunarkraftinn sem býr innra með manni er nefnilega sáluhjálparatriði. Ég held að það sé hverri manneskju nauðsynlegt að yrkja og virkja sköpunarkraftinn sem í henni býr. Vegna þess að við losum um svo miklar stíflur á öðrum sviðum með því að virkja þennan kraft. Það kemur svo mikil vellíðan og áframhald. Allt önnur sýn á umhverfið og lífið því að þú finnur að þú hefur eitthvert afl til að hreyfa við öðru en bara þessu daglega striti. Það býr svo miklu meira í okkur öllum en okkur grunar.“



Helgi og Hansa segja að það ríki góður andi í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



ÉG HELD AÐ ÞAÐ SÉ HVERRI MANNESKJU NAUÐSYNLEGT AÐ YRKJA OG VIRKJA SKÖPUNARKRAFTINN SEM Í HENNI BÝR.

Helgi Björnsson



ÉG ER TIL AÐ MYNDA SVONA „LATE BLOOMER“ OG FANN EKKI STÓRU ÁSTINA Í LÍFI MÍNU FYRR EN ÉG VAR ORÐIN ÞRJÁTÍU OG FIMM.

Jóhanna Vigdís Arnardóttir

SKÍÐA-ÚTSALA

30-50-70% AFSLÁTTUR

ALLT FYRIR FJALLIÐ!

30% AFSLÁTTUR
Af skíðagleraugum og skíðahjálum

30% AFSLÁTTUR
Af öllum brettum

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®



Göngum í lið með Landspítalanum

Blái naglinn stendur fyrir landssöfnun með sölu á bláum penna til stuðnings tækjakaupum og krabbameinsrannsóknum á Landspítalanum. Þitt framlag er mikilvægur stuðningur við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítalans.

Markmiðið með áttakinu er m.a. að búa til skimunarpróf sem greinir mismunandi krabbamein í líkamsvökva og að hægt verði að bregðast fyrir við með frekari rannsóknum og í framhaldinu viðeigandi meðferð.

Ætlunin er að stofna sérstakan sjóð í samstarfi við Rannsóknastofu í krabbameinsfræðum á Landspítalanum.

Tökum vel á mótí sölufólki Bláa naglans dagana 3. til 6. mars.

Saga til næsta bæjar



Stefán Pálsson skrifar um tónskáld með boltadellu.

Fótbolti sleit barnskónum á Íslandi á öðrum áratug síðustu aldar. Melavöllurinn var tekinn í notkun sumarið 1911 og árið eftir var Íslandsmótið í knattspyrnu haldið í fyrsta sinn. Í fásinninu í Reykjavík tók fólk allri afþreyingu fegins hendi og bæjarbúar mættu í stórum hópum á völinn í hvert sinn sem færi gafst.

Á þessum upphafsárum var sóknarboltinn alls ráðandi og algengasta leikaðferðin var 2-3-5, þar sem fimm sóknarmenn herjuðu á aðeins tvo varnarmenn. Það kann að virðast ójafn leikur, en á hitt ber að líta að framherjarnir léku knettinum nær einungis fram á við og sendu sjaldan á samherja. Því gat faliðuð varnarsveit haldið þeim ágætlega í skefjum.

Þetta upphafskeið fótboltans gat vitaskuld af sér stjórnur – leikmenn sem voru í sérstöku eftirlæti meðal áhorfenda og fljótlega tók að bera á því að áhorfendur tækju afstöðu með öðru hvoru liðinu – urðu jafnvel stuðningsmenn KR, Fram eða Vals. Ein fyrsta og skærasta stjarnan var Arreboe Clausen.

Þekktur fyrir þrumuskot

Vinsældir Arreboes eru óvenjulegar í ljósi þess að hann var ekki mark-sækinn framherji heldur harðsnúinn varnarmaður. Einkennismerki hans voru Clausen-spörkin svokölluðu, sem fólust í því að þruma boltanum eitthvað út í buskann – helst beint útaf með hárrí og mikilli sveiflu. Því hærra og fastar sem skotið var, þeim mun betur skemmtu áhorfendur sér og fögnuðu innilega.

Arreboe Clausen er nú um stundir líklega kunnastur sem faðir íþrótta-bræðranna Hauks og Arnar Clausen, sem lengi voru okkar fremstu frjálsíþróttagarpar. Þvert á staðalmyndina af varnarjaxlinum, var Arreboe listfengur maður. Hann var áhugalistmálari og lék á hljóðfæri. Eftir hann liggja í það minnsta tvö tónverk sem tengjast fótbolta með beinum hætti. Annars vegar „Framvalsinn“, sem hann samdi ásamt eiginkonu sinni, Sesselju, á 25 ára



Rússinn Dímítrij Sjostakovítsj er það skáld í hópi fótboltaunnenda sem slær öllum öðrum við í vinsældum og frægð.



Ballett alþýðunnar



VIÐSJÁRVERÐIR

ÚTLENDINGARNIR DANSA

CAN-CAN OG HLUSTA

Á DJASS ...

afmæli Fram, en hins vegar „Knattspyrnumarsinn“ sem ef til vill var saminn fyrir árvissa skrúðgöngu fótboltamanna frá Austurvelli á Melavöll við upphaf Íslandsmótsins.

Tónverk þessi koma Arreboe í fámennan en góðmennan hóp tónskálda sem fengið hafa innblástur frá fótbolta í list sinni. Þar má nefna Englendinginn Sir Edward Elgar, sem var gallharður stuðningsmaður Wolverhampton Wanderers og samdi verk til heiðurs framherja liðsins árið 1898.

Hálfri öld síðar vakti tékkneska tónskáldið Bohuslav Martinů bæði hrifningu og hneykslan með verki sínu „Hálfleikur“, sem reynir að líkja eftir hvatningarópum og köllum fótboltaáhorfenda. Í enn sérkennilegri deildinni mætti nefna verk eftir Finnann Osmo Tapia Räihälä sem helguð eru Everton-liðinu og þá sérstaklega eftirlætisleikmanni hans, hörkutólinu Duncan Ferguson. Eitt er þó það tónskáld í hópi fótboltaunnenda sem slær öllum öðrum við í frægð og vinsældum: Rússinn Dímítrij Sjostakovítsj.

Á leið í gúlagið?

Sjostakovítsj er eitt af stóru nöfnunum í sögu klassískrar tónlistar á tuttugustu öld og risinn meðal sovéska tónskálda. Saga hans er líka samtvinnuð stjórnmálasögunni, því Sjostakovítsj sveiflaðist milli þess að vera eftirlætistónskáld Stalíns yfir í að falla í algjöra ónáð. Það gat verið stutt á milli hláturs og gráts undir

stjórn einræðisherrans duttlungafulla.

Sjostakovítsj var undrabarn á tónlistarsviðinu. Hann fæddist árið 1906, sonur raunvísindamanns sem starfaði meðal annars hjá Dímítrij Mendelejev, höfundu lotukerfisins í efnafraði. Þrettán ára hóf hann nám við fremsta tónlistarskóla St. Pétursborgar og útskrifaðist níttján ára. Útskriftarverkið var sínfónía sem vakti svo mikla athygli að innan árs var hún frumflutt í stóru tónleikahúsi í Berlín.

Í upphafi fjórða áratugarins fór tónskáldið unga að láta sífellt meira á sér bera og árið 1934 var frumsýnd eftir hann óperan Lafði Makbeð frá Mtsensk eftir samnefndri sögu 19. aldar rithöfundarins Nikolais Leskov. Óperan mæltist mjög vel fyrir, jafnt hjá almennum óperugestum og leiðtogum Kommúnistaflokksins, sem skipti ekki síður miklu máli.

